FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

HELGARBLAÐ **24. nóvember 2012** | 277. tölublað 12. árgangur | Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012

ER DAGLEGT LÍF AÐ DREPA ÞIG?



Farsóttir sem fyrr á öldum voru helsta heilbrigðisógn heimsins hafa látið undan síga á vesturhveli jarðar vegna framfara í læknavísindum og lýðheilsu. Þessar framfarir eru nú taldar í alvarlegri hættu vegna nýs heimsfaraldurs sem er bein afleiðing af þeim lífsstíl sem Vesturlandabúar hafa tamið sér á undanförnum árum.



Þetta er faraldur langvinnra sjúkdóma sem þegar skýra meginhluta allra dauðsfalla á heimsvísu. Hjarta- og æðasjúkdómar, lungnasjúkdómar, krabbamein og sykursýki mynda stærstan hluta þeirra sjúkdóma sem hér um ræðir. Sökudólgarnir eru öllum kunnugir; tóbaksreykingar, óheilsusamlegt mataræði, hreyfingarleysi og misnotkun áfengis.



Svo rammt kveður að þessum vanda að hann stendur hagvexti á heimsvísu fyrir þrifum. Heilbrigðiskerfi samtímans er jafnframt að sligast; stærðargráðan er slík. Sjúkdómarnir auka á ójöfnuð ríkra og fátækra. Þeir leiða til fátæktar og skuldavanda heimila, enda geta fjölskyldur sem fyrir þessu verða lent í vítahring skulda fylgjandi minni möguleikum til tekjuöflunar.



Ísland er þessu ekki undanþegið, þrátt fyrir að mikill árangur hafi náðst á undanförnum árum. Færri deyja úr hjarta- og æðasjúkdómum en löngum fyrr, en offita og sykursýki dregur úr árangrinum. Tveir íslenskir læknar telja að aðeins kröftugar forvanir geti unnið gegn vandanum sem hefur verið skilgreindur sem ein helsta ógn 21. aldarinnar. ▶ 38







3 SÉRBLÖÐ

Kirkjur | Fólk | Atvinna











„Það er ekki gott ef menn fá ábendingar um að verið sé að misnota börn án þess að tilkynna það til barnaverndarkerfisins.“ 4

Bragi Guðbrandsson, forstjóri Barnaverndarstofu

TUGÞÚSUNDIR MÓTMÆLTU FORSETA EGYPTALANDS 6

RÓSARSTRÍÐINU ER EKKI LOKIÐ 10

VOGUNARSJÓÐIR SKAPA KERFISÁHÆTTU 12

SKOÐUN 16→22

BÖLMÓÐUR ÁN TILEFNIS 18
Jóhanna Sigurðardóttir um efnahagsástandið.

JÁ, ÞAÐ ER HÆGT! 20
Michelle Bachelet um baráttuna gegn kynbundnu ofbeldi.

TIL HJÁLPAR LÖGREGLUNNI 20
Pétur Gunnarsson um ónýtta tekjulind lögreglunnar.



HELGIN 24→50

OFTAST RIFINN ÚR AÐ OFAN 24
Gísi Pálmi er heitasti rapparinn á Íslandi.

GAF ÖLL LÍFFÆRI 12 ÁRA SONAR SÍNS 26
Heiðbjört Ingvarsdóttir missti son sinn í reiðhjólaslysi árið 1997.

MENGUNARVARNIR ÓLEYSTUR VANDI 30
Brennisteinsmengun í Bjarnarflagi

ILLSKA PYKIR ALLRA BEST 40
Bestu og verstu bókakápurnar





ALONSO GEGN VETTEL 54
Keppnisvertíðinni í Formúlu 1 lýkur um helgina.

KRAKKAR 56

KROSSGÁTA 58

MENNING 70→94



EINFALDIR RÉTTIR 78
Kjúklingur og salat í aðdraganda jóla

MORÐ OG EITURLYF 94
Guðbjörg Tómasdóttir, 83 ára, skrifar um undirheimana.

VÍNRAUTT Í VETUR 80



SPORT 86→89



BENITEZ Í ELDLÍNUNNI 86
Rafael Benitez stýrir sínum fyrsta leik er Chelsea mætir Manchester City á morgun.

STÚDENTSPRÓFIÐ Í FORGANGI 88
Þorgerður Anna Atladóttir missir af EM í handbolta vegna anna í skóla.



AÐEINS Í DAG!



SPARAÐU 35%

NUDDTÆKI MG-48

VERÐ ÁÐUR 8.500,- NÚ 5.500,-

Opið í dag, laugardag kl. 11-16.

kíktu inn á www.pfaff.is

Pfaff // Grensásvegi 13 // Sími 414 0400

PFAFF

FIMM Í FRÉTTUM VAFASÖM GJÖF OG FJÖLMIÐLABANN



Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson sagði af sér sem formaður stjórnar Eirar á dögunum. Síðar kom í ljós að fjármagn úr sjóði hjúkrunarheimilisins hafði verið notað til að gefa honum hundrað þúsund króna gjafabréf í brúðkaupsgjöf árið 2008. Gjöfin var tvíendurgreidd í vikunni, bæði af Vilhjálmi og fyrrverandi framkvæmdastjóra Eirar.



Kristín Völundardóttir, forstjóri Útlendingastofnunar, rannsakar nú ásamt lögreglu nokkur mál þar sem vafi leikur á um ætterni barna sem hingað hafa verið flutt af fólki sem sagðist vera foreldrar þeirra og koma til landsins með fölsuð skjöl.



Sigríður Ingibjörg Ingadóttir, þingkona Samfylkingar, mun leiða lista flokksins í öðru hvoru Reykjavíkurkjördæminu eftir að hafa hafnað í öðru sæti í flokksvalinu um síðustu helgi. Hún fékk flest atkvæði í heild og vantaði aðeins 68 atkvæði til að velta Össuri Skarphéðinssyni úr fyrsta sætinu.



Ögmundur Jónasson Innanríkisráðherra var meðal þeirra sem tóku til máls í mótmælum vegna stríðsins á Gasa fyrir utan bandaríska sendiráðið í vikunni. Samtökin Ísland–Palestína stóðu fyrir mótmælunum, sem voru þau fjölmennustu til þessa.



➜ **Annþór Kristján Karlsson** og **Börkur Birgisson** voru fyrir rétti í vikunni vegna grófra ofbeldisbrota. Dómari setti á fjölmiðlabann á fyrsta degi réttarhaldanna, en því var aflétt næsta dag. Aldrei hefur áður verið álíka viðbúnaður og öryggisgæsla í héraðsdómi. „Málið er lagt þannig upp að Annþór og Börkur séu sitt hvor hlutinn af órjúfanlegri heild,“ sagði verjandi Barkar.

Milljarður í gjaldeyri á Iceland Airwaves

Erlendum gestum á Iceland Airwaves fjölgaði gríðarlega. Þeir eyddu 800 milljónum á höfuðborgarsvæðinu og 300 milljónum í ferðalög til landsins. Við bætast ferðir út á land. Gríðarleg búbót fyrir hagkerfi Reykjavíkur, segir ÚTON.

FERÐAMÁL Velta erlendra gesta á Iceland Airwaves í ár var 66 prósentum meiri en á hátíðinni í fyrra. Gestirnir eyddu 800 milljónum króna á höfuðborgarsvæðinu og öðrum 300 milljónum til að komast til landsins. Þá á eftir að reikna ferðir út fyrir höfuðborgarsvæðið, en um 70 prósent gesta sögðust ætla í Bláa lónið og um helmingurinn Gullna hringinn.

Útflutningsskrifstofa íslenskrar tónlistar (ÚTÓN) hefur staðið fyrir könnun á meðal erlendra gesta hátíðarinnar ásamt Iceland Music Export.

Ef ferðakostnaður er meðtalinn er heildarvelta gesta tæplega 1,1 milljarður króna. Tómas Young, hjá ÚTÓN, segir að þessa miklu veltuaukningu megi skýra með því að erlendum gestum fjölgaði mikið, eða úr um 2.800 í 4.076 á milli ára. Þeir voru í fyrsta sinn í meirihluta gesta, eða um 54 prósent.

Tómas segir það orð hafa loðað við gesti Iceland Airwaves að þeir væru sparsamir. „Það er svo sannarlega ekki þannig. Þeir eru bara að eyða jafn miklu og hinn venjulegi ferðamaður.“

Hann segir niðurstöðuna mjög ánægjulega.

„Hátíðin er mjög arðbær og það er ábyggilega mikið af mjög ánægðum verslunar- og bareigendum þarna úti einhvers staðar, kaffihúsa- og plötubúðaeigendum og svo framvegis. Gestirnir eru að eyða dálitlu af peningum.“

Líkt og áður segir nær könnunin aðeins til þess hve miklu eytt var á höfuðborgarsvæðinu. Spurt var hve miklum peningum þeir vörðu á síðustu 24 klukkustundum í Reykjavík. Meðalútgjöld voru 29.268 krónur daglega á hvern gest og 27.655 að aðgangseyri frátöldum. Þá nær hún ekki til eyðslu innlendra gesta.

„Það er ágætis búbót fyrir hagkerfi Reykjavíkur þessa einu helgi í nóvember, sem annars væri dauð.“ kolbeinn@frettabladid.is

ÁÆTLUÐ ÚTGJÖLD Á SÓLARHRING*

* Hvers erlends gests á höfuðborgarsvæðinu





BÚBÓT Erlendum gestum á Iceland Airwaves fjölgaði úr 2.800 árið 2011 í rúmlega 4.000 í ár. Þeir voru meirihluti hátíðargesta í ár.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

29.268

krónur er meðaltalsdagseyðsla erlendra gesta á Airwaves-hátíðinni.

Þyngsti dómur sem Íslendingur hefur nokkru sinni hlotið fyrir fíkniefnamál:

Sveddi dæmdur í 22 ára fangelsi

DÓMSMÁL Sverrir Þór Gunnarsson, þekktur sem Sveddi tönn, hefur verið dæmdur í 22 ára fangelsi í Rio de Janeiro í Brasilíu fyrir fíkniefnasmygl. Dómurinn féll í undirrétti í vikunni en til stendur að áfrýja honum til yfirréttar.

DV greindi fyrst frá dómnum í gær. Íslensk yfirvöld hafa fengið upplýsingar um hann en þó ekki endanlega staðfestingu frá Brasilíu.

Eftir því sem Fréttablaðið kemst næst er dómurinn sá þyngsti sem Íslendingur hefur nokkru sinni fengið fyrir fíkniefnasmygl, hvar sem er í heiminum.

Sverrir var handtekinn í byrjun júlí eftir að yfir fimmtíu þúsund e-töflur fundust í farangri konu á Galeão-alþjóðaflugvellinum í Rio de Janeiro. Hann var talinn skipuleggjandi smyglsins og hefur nú hlotið dóm sem slíkur.

Sverrir var annar höfuðpauranna í stóra fíkniefnamálinu sem kom upp hérlendis um síðustu aldamót. Hann hefur verið búsettur erlendis síðan hann losnaði og ítrekað verið bendlaður við fíkniefnasmygl hingað til lands frá Spáni og Suður-Ameríku.

Sverrir á óafplánaðan níu ára fangelsisdóm á Spáni vegna fíkniefnamála. Það er því ólíklegt að hann sé væntanlegur til Íslands á næstunni til að rétta mætti í íslenskum málum sem hann tengist. - sh



DÆMDUR Sverrir hefur áfrýjað dómnum til yfirréttar.

GJAFAKORT

Gjafakort Kringlunnar er gjöf af öllu hjarta.
Þú færð kortið á þjónustuborðinu á 1. hæð
við Hagkaup eða á gjafakort.kringlan.is



AF ÖLLU HJARTA

Kringlan

KRINGLAN.IS
FACEBOOK.COM/KRINGLAN.IS

25 ♥ ÁRA

FITON / SÍA

17.11.2012 → 23.11.2012

11 **mánuði** hafa hjónin **Bjarnhildur Hrönn Níelsdóttir** og **Friðrik Kristinsson** beðið í Kólumbíu eftir að fá að koma dætrum sínum heim til Íslands.

332 MÁNUÐI í röð hefur hitastig á heimsvísu verið hærra en langtímameðaltal.

50% líklegra er að **yngsti þriðjungur** í bekk hafi fengið ávísað örvandi lyfjum vegna **ADHD** en **elsti þriðjungurinn**.



Leikkonan **Ólöf Hugrún** notar skó númer 38 á annan fótinn en 40 á hinn.

2000 sprengjum var varpað af **Ísraelsher** á skotmörk á **Gasa**. YFIR 160 LÉTUST.


9 **Rafael Benítez** er níundi knattspyrnustjóri Chelsea síðan **Roman Abramovich** keypti félagið árið 2003.

13 lögreglumenn voru í héraðsdómi Reykjaness á fyrsta degi réttarhalda yfir **ANNÞÓRI KARLSSYNI OG BERKI BIRGISSYNI**

Hluturinn í **Vodafone** verður seldur á **28,8** til **33,3** krónur í lokuðu útboði.


FUGLAFÁR Dúfur höfðu komið sér vel fyrir á turnloftinu í Gävle um árabil.

Dúfur settust að á loftinu:

Skildu eftir sig drit í tonnavís

SVÍÞJÓÐ Ólokaður turngluggi í Þrenningarkirkjunni í Gävle í Svíþjóð reyndist heimboð fyrir dúfur í þúsundavís. Aðkoman þegar hreingerningarfólk kom þar upp fyrir skemmstu, um 30 til 40 árum síðar, var því ófögur.

Um 30 sentímetra lag af dúfnadriti, beinum og eggjaskurn lá yfir gólfinu. Verkið, sem átti að taka um 40 klukkustundir, tók í raun 400 tíma og afraksturinn var tæp tvö tonn af úrgangi. Ekki varð þó vart við skemmdir.

Á vef Nyheter24 segir að dúfurnar hafi fyrst ekki hrædst hreingerningarfólkið, en undir lok verksins voru þær allar á bak og burt. - þj

DÓMSMÁL

17 milljónir eftir árekstur

Óheppinn ökumaður þarf að greiða tryggingafélagi rúmar 17 milljónir króna í bætur vegna áreksturs. Ökumaðurinn var í óréttri á ótryggðum fyrirtækisbíl sem hann var með að láni þegar hann lenti í árekstri við bifreið.

UPPSAGNIR

Sögðu bara upp konum

Sjö starfsmönnum Jarðborana var sagt upp í gær. Enginn karlmaður var í hópnum, en um var að ræða hóp kvenna sem störfuðu á skrifstofu fyrirtækisins, meðal annars þær hæst launuðu.

Mjólkursamningur fær já:

Nærri níu af tíu samþykktu nýjan samning

LANDBÚNAÐUR Bændur samþykktu breytingar á mjólkursamningi við ríkið með 87 prósentum atkvæða, að því er fram kemur á vef Landssambands kúabænda.

„Á kjörskrá voru 1.229, greidd atkvæði voru 443 og var þátttaka í atkvæðagreiðslunni því 36 prósent," segir á vefnum.

Samkvæmt samningnum nema árlegar greiðslur til bænda rúmum sex milljörðum króna árin 2013 til 2016. Upphæðin er verðtryggð.

Þá bætist við samninginn klausa um að hann sé gerður „með fyrirvara um hugsanlegar breytingar á þjóðréttarlegum skuldbindingum Íslands sem kunna að leiða af niðurstöðum samningaviðræðna um aðild Íslands að Evrópusambandinu." - óká



Leiðtogafundi lokið:

Fjárlagadeilum siglt í strand

EVRÓPUMÁL, AP Tveggja daga leiðtogafundi Evrópusambandsins lauk í Brussel án þess að samkomulag tækist um fjárlög fyrir árin 2014 til 2020.

Bretar, Danir og fleiri aðildarríki kröfðust þess að útgjöldum yrði haldið í lágmarki. Í málamiðlunartillögu var gert ráð fyrir niðurskurði miðað við fyrri fjárlög en engin sátt varð um hana.

Í yfirlýsingu sögðust leiðtogarnir vonast til að samkomulag gæti tekist í byrjun næsta árs. - gb

Líta falsaða pappíra alvarlegum augum

Barnaverndarstofa lítur það alvarlegum augum ef mörg börn eru hér á landi á grundvelli falsaðra skjala. Forstjórinn bíður nú upplýsinga frá Útlendingastofnun, en hefur ekki fengið á sitt borð mál þar sem börn hafa verið misnotuð.

SAMFÉLAGSMÁL „Við lítum það mjög alvarlegum augum ef það er þannig að það kunni að vera mörg börn hér á Íslandi sem koma á fölskum pappírum. Við höfum mikinn áhuga á því að fylgjast með þeirri rannsókn því þá er mögulega um að ræða miklu alvarlegra mál en við höfum hingað til talið vera," segir Bragi Guðbrandsson, forstjóri Barnaverndarstofu.

Eins og Fréttablaðið hefur greint frá undanfarna daga telur Útlendingastofnun að fjöldi barna hafi komið hingað til lands og fengið dvalarleyfi með því að framvísa fölskum pappírum. Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu rannsakar nú mál pars, sem kom með ungt barn hingað til lands fyrr á árinu og sagðist vera foreldrar þess. Í Fréttablaðinu í gær sagði Margrét Steinarsdóttir, framkvæmdastýra Mannréttindaskrifstofu Íslands, að nokkur mál af þessu tagi hefðu komið á borð hennar á undanförnum árum. Í sumum tilvikum hefðu börnin verið misnotuð á einhvern hátt og viljað komast af heimilunum sem þau dvöldu á.

Bragi segir Barnaverndarstofu ekki vera kunnugt um þessi mál og aðeins hafa vitneskju um tvö mál. „Það er ekki gott ef menn fá ábendingar um að verið sé að misnota börn án þess að tilkynna það til barnaverndarkerfisins. Annaðhvort er þetta misskilningur eða málin hafa einfaldlega ekki verið tilkynnt. Við útilokum auðvitað ekkert, og bíðum eftir frekari upplýsingum frá Útlendingastofnun um þetta. Fram að þessu hefur stofnunin ekki haft tök á því að fara í gegnum alla pappíra sem henni berst með þetta fyrir augum."

Bragi segir ekki mikla reynslu komna á mál af þessu tagi, en almennt sé meginregla barnaverndaryfirvalda að kanna hagi og aðstæður barna. „Það er grennslast fyrir um það hverjir eru raunverulegir foreldrar barnsins og hvernig það bar að að þeir létu barnið frá sér eða með hvaða hætti það gerðist að fólkið sem hingað kom með barnið öðlaðist yfirráð yfir því." Reynslan frá nágrannaríkjum okkar sé að langoftast reynist börnin náskyld þeim sem koma með þau og ekkert saknæmt eða misjafnt liggi þar að baki.

„Það er ekki hægt að útiloka eitt eða neitt þegar svona mál koma upp eins og núna, það verður að rannsaka málið til fullnustu til að reyna að leiða í ljós hvað liggur að baki."

thorunn@frettabladid.is


BÖRN Í SKÓLA Barnaverndarstofa hefur ekki fengið vitneskju um fleiri mál en það sem nú er í rannsókn lögreglu og það sem dæmt var í fyrir fimm árum síðan. FRÉTTABLAÐIÐ/

> **Það er ekki hægt að útiloka eitt eða neitt þegar svona mál koma upp eins og núna.**
>
> *Bragi Guðbrandsson forstjóri Barnaverndarstofu*

Lagersala á vönduðum gegnheilum harðviðarhúsgögnum



Opið í Rauðagerði 26

Laugard. frá kl 12 - 18
Sunnud. frá kl 12 - 18

Verið velkomin.

Heildsöluverð

mira
Míra
www.mira.is
Sími 893 2552

Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi



BIRTIR TIL S- og V-lands á morgun og kólnar heldur í veðri. Rigning eða slydda S- og SA-til í dag en léttir til síðdegis en bætir þá í úrkomuna NV til. Slydda eða él N- og A-til á morgun en stytt upp að mestu á mánudag.



Á morgun
Fremur hægur vindur víðast hvar.



Mánudagur
Víða hægviðri.

Alicante	19°	Billund	6°	Gautaborg	6°	London	12°	Orlando	19°	San Francisco	19°
Basel	13°	Frankfurt	10°	Kaupmannahöfn	6°	Mallorca	20°	Ósló	5°	Stokkhólmur	6°
Berlín	7°	Friedrichshafen	11°	Las Palmas	24°	New York	7°	París	11°		


Snjólaug Ólafsdóttir
veðurfréttamaður

AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI: *Jón Laufdal jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Einar Davíðsson *einar.davidsson@365.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynur@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is*, Elsa Jensdóttir *elsaj@365.is*, Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Sverrir Birgir Sverrisson *sverrirbs@365.is* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*

SERÍU HELGIN

ENN MEIRA ÚRVAL!

20% afsláttur
ALLAR ÚTISERÍUR UM HELGINA



2 FYRIR 1
JÓLASTJARNA
1.490 kr.

Fáðu tvær jólastjörnur á verði einnar.

Gildir um helgina meðan birgðir endast



JÓLALANDIÐ Í SKÚTUVOGI
SKOPPA OG SKRÍTLA
SKEMMTA BÖRNUNUM
KL. 14:00 Í DAG



KYNNING OG RÁÐGJÖF
Í SKÚTUVOGI Í DAG

Kynnum meðal annars nýju höggheldu Sunlight díóðuútiseríurnar, sem hægt er að tengja saman á eina kló.

AÐVENTULJÓS
MIKIÐ ÚRVAL

Verð frá: **799kr**



20% afsláttur
ÖLL LEIKFÖNG UM HELGINA
mikið úrval



JÓLAHLAÐBORÐ
HÚSASMIÐJUNNAR SKÚTUVOGI
ALLA HELGINA
kl. 12-14 og 18-20.
VIRKA DAGA KL. 18-20

Aðeins **1.490kr**



blómaval

HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA

ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI
SÍÐAN 1956

LÆGSTA LÁGA VERÐ

*Afsláttur gildir ekki af vörum merktum „Lægsta lága verð Húsasmiðjunnar" enda er það lægsta verð sem við bjóðum á hverjum tíma.

LANDIÐ



Reyndu smygl á reiðtygjum

1 Við innflutningseftirlit á **Seyðisfirði** nýlega var stöðvaður innflutningur á notuðum reiðtygjum. Um var að ræða hnakk, ólíkar gerðir múla, gjarðir, hlífar, píska, hestaábreiðu, reiðhanska og fleira. Mikil hætta er á að notuð reiðtygi og ósótthreinsaður reiðfatnaður beri með sér smitefni sem valdið getur alvarlegum dýrasjúkdómum hér á landi. Er þar skemmst að minnast faraldurs smitandi hósta sem lamaði alla hestatengda starfsemi árið 2010. Matvælastofnun mun kæra málið, sem kom upp sl. viku, til lögreglu en fyrirhugað er að láta farga reiðtygjunum.

Ríflega tvöfalt fleiri með Herjólfi

2 Siglt hefur verið samfellt milli **Vestmannaeyja** og Landeyjahafnar frá því í byrjun apríl og er allt útlit fyrir að svo verði út nóvember. Ríflega 280 þúsund farþegar hafa farið með Herjólfi það sem af er ári, eða um 120% fleiri en árið 2009. Þetta segir Sigurður Áss Grétarsson hjá Siglingastofnun í viðtali við Eyjafréttir.



Búningar úr þvotti eftir heil sextán ár

3 Sextán árum eftir að keppnisbúningar KFÍ á **Ísafirði** voru settir í hreinsun skiluðu þeir sér til réttmæts eiganda. Eins og bb.is segir frá er ekki svo að skilja að hreinsunin hafi tekið þetta langan tíma heldur fundust þeir við tiltekt á slökkviliðsstöðinni á Ísafirði. Búningarnir voru sem sagt settir í hreinsun árið 1996 en þeir eru merkilegir fyrir þær sakir að KFÍ fékk sérstakt leyfi til að merkja hvern og einn búning einu fyrirtæki sem styrkti félagið á sínum tíma. Er því hægt að finna nöfn fyrirtækja á treyjunum sem ekki eru til í dag eins og Ísafjarðarapóteks og Hraðfrystihússins Norðurtanga.

GRAMSI
var að opna markað
umboðssölu með notað og nýtt
að Ármúla 44
við hliðina á Rekkjunni
KOMIÐ OG SKOÐIÐ
OG GERIÐ GÓÐ KAUP

Öryggi í samskiptum
-námskeið við félagsfælni
KMS

Ellefu vikna árangurmælt námskeið Kvíðameðferðarstöðvarinnar þar sem kenndar eru leiðir til að draga úr kvíða og óöryggi í félagslegum aðstæðum og í samskiptum með aðferðum hugrænnar atferlismeðferðar.

Kennsludagar: Fimmtudagar frá 15:00-17:00, alls 22 klst.

Kennarar: Sigurbjörg J. Ludvigsdóttir og Heimir Snorrason, sálfræðingar

Næsta námskeið hefst fimmtudaginn 29. nóvember 2012

Skráning og fyrirspurnir í síma 534-0110 eða kms@kms.is

Nánari upplýsingar: www.kms.is


Ferskt smákökudeig í jólabaksturinn að hætti Jóa Fel
Jói Fel
BAKARÍ

Tugþúsundir andæfa yfirgangi forsetans

Tugir þúsunda mótmæla á Tahrir-torgi gegn einhliða stjórnarskrárbreytingum, sem Mohammed Morsi forseti kynnti á fimmtudag. Morsi segir breytingarnar aðeins tímabundnar og falli sjálfkrafa niður þegar ný stjórnarskrá tekur gildi.

EGYPTALAND, AP Tugir manna slösuðust í átökum milli stuðningsmanna og andstæðinga Mohammeds Morsi Egyptalandsforseta, sem brutust út í Kaíró í gær út af stjórnarskrárbreytingum forsetans.

Morsi kynnti stjórnarskrárbreytingarnar á fimmtudaginn, en með þeim tekur hann sér einhliða nánast alræðisvald í landinu.

Tugir þúsunda manna komu saman í gær á Tahrir-torgi í Kaíró til að mótmæla þessu og krefjast þess að lýðræði yrði í hávegum haft.

Kveikt var í skrifstofum Bræðralags múslíma í nokkrum helstu borgum landsins, en stjórnmálaflokkur Morsis er afsprengi þeirra samtaka.

Stuðningsmenn Morsis segja stjórnarskrárbreytingarnar rökrétt skref til þess að tryggja að sá árangur, sem náðist þegar Hosni Mubarak var steypt af stóli, verði ekki að engu. Þetta sé eina leiðin til að koma í veg fyrir að ekkert verði úr þeim breytingum á stjórnskipan landsins, sem unnið hefur verið að síðustu mánuði.

Fyrr á þessu ári leystu dómstólar upp bæði nýkjörið þjóðþing og stjórnlagaþing landsins. Í byrjun næsta mánaðar hugðist hæstiréttur Egyptalands síðan kveða upp úrskurð um það hvort efri deild þingsins hefði verið rétt kjörin.

Sjálfur hélt Morsi ræðu í gær fyrir þúsundir stuðningsmanna sinna þar sem hann sagði þessar ráðstafanir nauðsynlegar til að stöðva þau „meindýr“ sem hann segir reyna að koma í veg fyrir framfarir í landinu.

Morsi segir að breytingarnar eigi einungis að vera tímabundnar. Þær falli sjálfkrafa úr gildi þegar ný stjórnarskrá tekur gildi í landinu.

gudsteinn@frettabladid.is



ÁTÖK Í KAÍRÓ Mótmælendur bera félaga sinn, sem særðist í átökum, til að koma honum undir læknishendur. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Morsi tekur sér alræðisvöld

Andstæðingar Mohammeds Morsi Egyptalandsforseta segja engu líkara en hann vilji verða nýr faraó í Egyptalandi. Með stjórnarskrárviðbótum sem hann tilkynnti um á fimmtudag tekur hann sér í reynd alræðisvöld:

➜ Allar stjórnarskrárviðbætur, ákvarðanir og lög forsetans eru endanleg, gegn þeim er ekki lengur hægt að beita neinum réttarúrræðum.

Með þessari viðbót tryggir Morsi að allar tilskipanir hans sem dómstólar hafa til þessa dæmt ógildar taka aftur gildi.

➜ Engin réttarfarsstofnun hefur heimild til þess að leysa upp stjórnlaganefndina eða öldungaráðið.

Með þessari viðbót tryggir Morsi að dómstólar geta ekki haft áhrif á störf stjórnlagaþings landsins, sem er að semja nýja stjórnarskrá, né heldur getur hæstiréttur landsins lengur úrskurðað hvort kosningar til efri deildar þingsins hafi verið lögmætar.



Fyrrverandi forstjóri Baugs ber ábyrgð á lánum til hlutabréfakaupa:

Ber að endurgreiða 1,7 milljarða

DÓMSMÁL Héraðsdómur Reykjavíkur dæmdi í gær Gunnar Sigurðsson, fyrrverandi forstjóra Baugs, til að greiða þrotabúi BGE eignarhaldsfélags 1,7 milljarða króna. Gunnar hyggst áfrýja dómnum til Hæstaréttar.

BGE eignarhaldsfélag var stofnað í nóvember 2003 utan um kaupréttarsamninga starfsmanna Baugs og var í eigu þeirra. Með þessu kerfi töldu starfsmennirnir að þeir væru ekki persónulega ábyrgir fyrir lánum sem þeir fengu fyrir hlutabréfakaupunum frá Kaupþingi, í gegnum Baug.

Nú hefur héraðsdómur komist að annarri niðurstöðu, nefnilega þeirri að þeir sem nýttu sér kauprétti í gegnum þetta kerfi beri ábyrgð á lánunum.

Niðurstaðan getur haft áhrif á sambærileg mál annarra fyrrverandi starfsmanna Baugs sem samtals fengu milljarða að láni fyrir slíkum hlutabréfakaupum. Margir þeirra hafa samið um uppgjör sinna mála við skiptastjórann, að því er fram kom í Viðskiptablaðinu í ágúst.

- sh



SKULDAR MIKIÐ Gunnar taldi sig ekki bera ábyrgð á lánunum. Héraðsdómur er ósammála. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

TAX FREE

AFNEMUM
VIRÐISAUKASKATT*
AF **ÖLLUM SKÓM**
24.-26. NÓVEMBER



SKÓAÐU ÞIG UPP!

SKÓR Á ALLA FJÖLSKYLDUNA

*Jafngildir 20,32% verðlækkun.

Að sjálfsögðu fær ríkissjóður 25,5% virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin 20,32% er alfarið á kostnað Hagkaups.

Tilboðin gilda út mánudaginn 26. nóvember.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

HEIMURINN



Palestínumaður skotinn við Gasa

1 Ísraelskir hermenn drápu einn Palestínumann og særðu hátt í tug annarra við landamæri Gasastrandar í gær. Palestínumennirnir höfðu farið nær landamærunum en ísraelsku hermennirnir töldu óhætt að hleypa þeim. Þetta er fyrsta dauðsfallið síðan samið var um vopnahlé á miðvikudag. Partur af vopnahléssamningnum var loforð Ísraela um að opna landamæri Gasastrandar.

Byssumaður í ævilangt fangelsi

2 Sænski byssumaðurinn Peter Mangs hefur verið dæmdur í ævilangt fangelsi fyrir tvö morð og fimm morðtilraunir í Malmö. Hann þarf einnig að greiða 1,2 milljónir sænskra króna, jafnvirði nærri 2,4 milljóna íslenskra, í skaðabætur. Hann var handtekinn í nóvember árið 2010, grunaður um á annan tug skotárása sem einkum beindust gegn innflytjendum í Malmö.

Kínversk vegabréf ýfa upp nágranna

3 Kínakort í nýjum kínverskum vegabréfum hefur vakið harða gagnrýni í Taívan, Víetnam og fleiri nágrannaríkjum. Á kortinu er Taívan og allt Suður-Kínahafið sýnt sem kínverskt yfirráðasvæði, þrátt fyrir að nágrannaríkin séu ekki á sama máli. Í Víetnam hafa landamæraverðir neitað að stimpla í kínversk vegabréf og líta svo á að með því væru þeir að staðfesta afstöðu kínverskra stjórnvalda.

Yfirmaður Kongóhers rekinn

4 Joseph Kabila, forseti Austur-Kongó, hefur rekið yfirmann herráðs landsins, Gabriel Amisi herforingja, eftir að í ljós kom að hann hefði selt uppreisnarmönnum vopn. Uppreisnarmennirnir hafa náð borginni Goma á vald sitt og hóta því að taka höfuðborgina Kinshasa líka. Uppreisnarmennirnir njóta stuðnings frá nágrannaríkinu Rúanda og hafa einnig ítök í her Kongó.

Tímans tönn á Njálsgötu



SAGAN ÖLL Í gær hófst upphafið að endalokum timburhússins sem staðið hefur á baklóðinni á Njálsgötu 33 frá árinu 1907. Unnur Guðjónsdóttir, eigandi hússins, segir því ekki hafa verið viðbjargandi þar sem það hafi verið undirlagt af veggjatítlum. Unnur, sem meðal annars er þekkt fyrir að hafa skipulagt hópferðir til Kína, segir að á lóðinni verði byggt nýtt hús sem gegni því hlutverki að vera kínverskt menningarsetur. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



BMW X5 M SPORT

Ekki sætta þig við málamiðlanir þegar þú getur fengið það besta. BMW X5 M SPORT fæst með með misaflmiklum vélum, 8 gíra sjálfskiptingu og veglegum búnaði. Komdu við og skoðaðu það nýjasta frá BMW.

BMW M Sport xDrive

30d, 245 hestöfl – 7,4 l / 100 km* – 7,6 sek. í hundrað
40d, 306 hestöfl – 7,5 l / 100 km* – 6,6 sek. í hundrað

ATHUGIÐ!
Tryggið ykkur nýjan BMW X5 á hagstæðu verði.
Breytingar verða á vörugjöldum 1. jan. nk.

Verð frá: 13.790 þús.

BMW EfficientDynamics
Less emissions. More driving pleasure.

*Miðað við uppgefnar viðmiðunartölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri.

BL Sævarhöfða 2, sími 525 8000

ENNEMM / SÍA / NM56237

Ljósadýrð Garðheima

Fjölskyldufyrirtæki í 21 ár!

20% AFSL. AF ÖLLUM ÚTISERÍUM INNISERÍUM OG KERTUM

AÐVENTAN Í GARÐHEIMUM

Það verður bjart yfir Garðheimum á aðventunni og nú er rétti tíminn til að huga að útiseríunum. Komdu í heimsókn um helgina, við aðstoðum þig við að skapa réttu jólalýsinguna fyrir þitt heimili, að innan sem utan.

FÍTON / SÍA

JÓLAHLAÐBORÐ SPÍRUNNAR

Í Spírunni, bistróinu okkar á 2. hæð, verður boðið upp á fjölbreytt jólahlaðborð þar sem léttir jólaréttir njóta sín í félagi við hefðbundinn og ljúffengan jólamat.
Fimmtudaga og föstudaga, 29. nóv.-14. des.

spíran
BISTRO · GARÐHEIMUM

OPIÐ TIL KL. 21 ÖLL KVÖLD

Stekkjarbakka 6 • 540 3300 • www.gardheimar.is

GARÐHEIMAR



Ársfundur Verkfræðistofnunar Háskóla Íslands 2012


Guðni A. Jóhannesson


Hafsteinn Helgason

Dagsetning Þriðjudaginn 27. nóvember kl. 16.00–17.30
Staðsetning Askja, salur N-132, Sturlugötu 7, 101 Reykjavík
Fundarstjóri Dr. Hrund Ólöf Andradóttir, dósent og rannsóknastjóri umhverfis- og byggingarverkfræðikjarna VHÍ

Dagskrá

16.00 Setning: Dr. Guðmundur Freyr Úlfarsson, prófessor og formaður stjórnar Verkfræðistofnunar Háskóla Íslands
16.10 **Olía og gas á norðurslóðum – staða Íslands**: Dr. Guðni A. Jóhannesson, verkfræðingur, orkumálastjóri, Orkustofnun
Olíuiðnaður og sæbarónar – Hvar og hvernig: Hafsteinn Helgason, verkfræðingur, sviðsstjóri viðskiptaþróunar, Eflu hf. verkfræðistofu
17.00 Viðurkenning Starfssjóðs Verkfræðistofnunar Háskóla Íslands
17.10 Ársskýrsla Verkfræðistofnunar Háskóla Íslands
17.30 Léttar veitingar

Aðgangur ókeypis og öllum heimill meðan húsrúm leyfir.

VERKFRÆÐISTOFNUN HÁSKÓLA ÍSLANDS

Nám og vinnumarkaður

Ársfundur Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins

Fimmtudaginn 29. nóvember 2012 - Hótel Natura

Dagskrá:

13:15 **Skráning og kaffi**
13:30 **Ávarp**
Guðrún Eyjólfsdóttir, varaformaður stjórnar FA
13:40 **Skills forecast and skills mismatch**
Tormod Skjerve, Senior Policy Advisor Virk i Noregi
14:25 Umræður
14:55 **Nám leiðir til betri stöðu á vinnumarkaði**
Reynslusögur námsmanna
15:15 **Fyrirmyndir í námi fullorðinna**
Verðlaunahafar tilkynntir og afhending verðlauna
15:25 Hlé – Kaffi
15:45 **Raunfærnimat, viðmiðarammi og tenging við skólakerfið**
Jakob Tryggvason, Félagi tæknifólks í rafiðnaði
16:00 **...en halló ég hef bara alveg helling...**
Sólveig Kristinsdóttir, Fræðsluneti Suðurlands
16:15 **Skóli í fyrirtæki**
Auður Þórhallsdóttir, Samskipum
16:30 Slit
Fundarstjóri: Arna Jakobína Björnsdóttir

Fundurinn er öllum opinn og aðgangur ókeypis, þátttakendur þurfa að skrá sig á www.frae.is

FRÆÐSLUMIÐSTÖÐ ATVINNULÍFSINS
MENNTUN Á VINNUMARKAÐI

SKAPARINN AUGLÝSINGASTOFA


ÞJÓÐMENNINGARHÚSIÐ Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra og fulltrúar annarra Norðurlandaríkja ræddu mikilvægi samstarfs á sviði netöryggis.

Norræni ráðherrafundurinn um öryggismál:

Netöryggi á oddinn

ÖRYGGISMÁL Norðurlandaríkin hyggja á meiri samvinnu í netöryggismálum. Þetta var ein af niðurstöðum ráðherrafundar um öryggismál sem haldinn var í Reykjavík í gær.

„Einhugur var um að Norðurlandaríkin ættu að efla og treysta samstarf sitt á sviði netöryggis," sagði Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra í samtali við Fréttablaðið.

Fundinn sóttu, ásamt Ögmundi, innanríkisráðherra Finnlands, ráðuneytisstjóri norska dóms- og almannaöryggisráðuneytisins og ráðuneytisstjóri sænska varnarmálaráðuneytisins auk sérfræðinga landanna á þessum sviðum.

Skýrsla 22. júlí-nefndarinnar í Noregi um viðbrögð við voðaverkunum í Ósló í fyrrasumar kom einnig til tals.

„Norðmennirnir greindu okkur frá niðurstöðum sínum og hvernig hægt væri að taka á þeim brotalömum sem komu í ljós í öryggismálum, en jafnframt að gæta að undirstöðum lýðræðislegs samfélags," sagði Ögmundur. - þj

Rósarstríðinu er ekki lokið

Jafnaðarmannafélagið Rósin hefur óskað eftir fundargerðum kjörstjórnar Samfylkingarinnar í Reykjavík. Fjöldi félaga var strikaður út af kjörskrá fyrir prófkjör. Næstu skref ráðast af gögnunum, segir formaðurinn.

STJÓRNMÁL Lögmaður Jafnaðarmannafélagsins Rósarinnar hefur óskað eftir fundargerðum kjörstjórnar Samfylkingarinnar í Reykjavík. Félagið er ósátt við þá ákvörðun að 350 nýir félagar í Rósinni hefðu ekki fengið að taka þátt í prófkjöri flokksins sem fram fór um síðustu helgi.

Sigurður G. Guðjónsson lögmaður segir að óskað hafi verið eftir fundargerðunum á mánudag. Engin viðbrögð hafi borist við beiðninni en hann telur að Rósin eigi rétt á að fá gögnin.

„Ef maður ætlar að skoða réttarstöðu einhvers þá þarf maður allavega að hafa þau gögn sem þá réttarstöðu snerta."

Stefán Benediktsson, formaður kjörstjórnar, vildi ekki staðfesta að beiðni um fundargerðirnar hefði borist. Fréttablaðið hefur undir höndum afrit af þeirri beiðni þar sem óskað er eftir „öllum gögnum sem lágu til grundvallar" ákvörðuninni um að afmá fólkið af kjörskrá.

Spurður út í beiðni Rósarinnar segir Stefán: „Ég get ekki svarað því fyrr en ég er búinn að afhenda svar okkar í kjörstjórninni."

Birgir Dýrfjörð, formaður Rósarinnar, segir ekki búið að ákveða hver næstu skref verða.

„Málið er að ég vil fá að vita hvað gerðist. Við fáum ekki að vita hverjir kærðu. Nú eru mjög strangar reglur um að kjörstjórn eigi að halda fundargerðarbók og annað, en maður bíður bara eftir svari um hvað gerðist."

Forsaga málsins er sú að félagatal Rósarinnar fór inn á kjörskrá og félagar, nýskráðir sem aðrir, fengu sendar upplýsingar um prófkjörið. Nöfn þeirra voru á kjörskrám sem frambjóðendum voru afhentar. Eftir ábendingar um að einhverjir þeirra könnuðust ekki við að hafa skráð sig í félagið ákvað kjörstjórn að kalla eftir staðfestingu á skráningunum. Erindi um það barst Rósinni klukkan 21.18 á miðvikudag með skilafresti til klukkan 13 daginn eftir.



„Það er enginn vandi að tapa í keppni, ef þú ert til dæmis að hlaupa í hlaupakeppni og allir hlaupa jafn langt. En ef einhver fer að stytta sér leið, einhver fer að hafa rangt við, þá unir maður ekki úrslitum.

Birgir Dýrfjörð, formaður Rósarinnar

Birgir segist fráleitt að halda því fram að Rósin hafi ekki getað skilað inn staðfestingunum.

„Ég vil ekki liggja undir því að við höfum ekki getað gert þetta og þess vegna hafi okkur verið hent út. Við fengum bara aldrei tækifæri til þess. Það er enginn vandi að tapa í keppni, ef þú ert til dæmis að hlaupa í hlaupakeppni og allir hlaupa jafn langt. En ef einhver fer að stytta sér leið, einhver fer að hafa rangt við, þá unir maður ekki úrslitum."

kolbeinn@frettabladid.is



VERÐ FRÁ

3.690.000 kr.

Essentia - 1.4 - bsk. (Fáanlegur sjsk)

5,5 lítrar /100km *

Opel hlaut þann heiður að eiga bíl ársins árið 2009 og aftur árið 2012



NÝR GLÆSILEGUR SIGURVEGARI

FRUMSÝNUM NÝJAN OPEL ASTRA

Komdu í reynsluakstur hjá okkur að Ármúla 17

Samkvæmt könnun þýska gæðaúttektarfyrirtækisins DEKRA (www.dekra.com) er Opel Astra sigurvegari í flokknum "DEKRA Used Car Report 2012" með fæstar athugasemdir í meira en 15 milljón ástandsskoðunum á 230 mismunandi gerðum bíla.

DEKRA

Komdu og reynsluaktu nýjum Opel Astra og kynnstu Opel gæðum af eigin raun.

www.facebook.com/opelvinir

*Miðað við uppgefnar viðmiðunartölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri.

Wir leben Autos.

OPEL á Íslandi Ármúli 17 | 108 Reykjavík | 525 8000

www.opel.is

B|L

OPEL / BL. ehf

Bílahúsið / Reykjanesbæ / 421 2622 - Bílasalan Bílás / Akranesi / 431 2622 - Bílasala Akureyrar / Akureyri / 461 2533 - Bílasala Austurlands / Egilsstöðum / 470 5070

EIGNARHALD VOGUNARSJÓÐA Á ÍSLANDI

Vogunarsjóðir skapa kerfisáhættu

Sex til sjö vogunarsjóðir veðjuðu á að íslenska efnahagshrunið myndi skila þeim margföldum hagnaði. Veðmál þeirra virðist ætla að ganga upp. Óttast er að eignarhald sjóðanna skapi kerfisáhættu í efnahagslífinu sem gæti haft miklar langtímaafleiðingar þegar þeir hverfa burt.

Þórður Snær Júlíusson
thordur@frettabladid.is



Víðfeðmt eignarhald skammtímafjárfesta á borð við vogunarsjóði á íslensku efnahagslífi er talið geta skapað kerfisáhættu og margir viðmælendur Fréttablaðsins vilja að gripið verði inn í til að hindra að mikið af eigin fé íslenskra fyrirtækja verði sogað út úr íslensku hagkerfi þegar fjárfestarnir hverfa frá með ávinning sinn.

Handfylli af sjóðum

Sex til sjö vogunarsjóðir hafa fjárfest gríðarlega í erfiðleikum íslensks efnahagslífs á undanförnum árum. Þeir hafa keypt kröfur á íslensk fjármálafyrirtæki og fjárfestingafélög á eftirmarkaði fyrir brotabrot af nafnvirði krafnanna með það fyrir augum að virði þeirra margfaldist.

Alls er talið að um 70 prósent krafna í þrotabú Kaupþings og Glitnis hafi skipt um hendur og að umræddir sjóðir hafi verið allra duglegastir við að kaupa kröfurnar. Þeir hafa auk þess varið stöður sínar með því að kaupa hlutabréf í félögum sem eru mikilvæg bönkum sem þeir stefna á að eignast.

Í gegnum kröfur sínar og beint og óbeint eignarhald þá eru þessir sjóðir með þræði inn í flestalla mikilvægustu geira á Íslandi. Fyrir utan að vera mjög fyrirferðarmiklir í eignarhaldi á fjármálafyrirtækjum þá tengjast þeir að minnsta kosti tveimur tryggingafélögum, tveimur fjarskiptafélögum, tveimur olíufélögum, sjávarútvegsrisum, þjóðarflugfélaginu og ýmsum fleiri eignarböndum.

Fimm til sjö ár

Áætlanir þessara fjárfesta eru að mestu leyti á huldu, utan þess að þeir ætla sér augljóslega að hagnast vel á aðkomu sinni á Íslandi. Þeir fulltrúar vogunarsjóðanna sem hafa rætt við Fréttablaðið á óformlegum fundum eiga það sameiginlegt að telja að það muni taka um fimm til sjö ár til viðbótar að greiða kröfuhöfunum út það sem þeir eiga í bönkunum. Vænta má að áætlanir þeirra geri ráð fyrir sambærilegum útgangstíma úr öðrum hagsmunum þeirra hérlendis.

Þeir eru því ekki langtímaeigendur að bönkum eða öðrum íslenskum fyrirtækjum og fara ekkert í felur með að vilji þeirra stendur ekki til þess. Sú afstaða var meðal annars staðfest í minnisblaði sem fulltrúar þeirra sendu efnahags- og viðskiptanefnd í síðasta mánuði, og Fréttablaðið hefur undir höndum. Margir viðmælendur Fréttablaðsins velta því hins vegar fyrir sér hvað það þýði fyrir íslenskt atvinnulíf ef stærstu eigendur þess, óbeinir eigendur þess eða eigendur skulda þess hafa það eitt að markmiði að hagnast mjög á sem skemmstum tíma og reyna að koma ávinningnum í annan gjaldeyri sem fyrst.

Meðal stærstu sjóða í heimi

Fréttablaðið greindi frá því um síðustu helgi að bandaríska sjóðstýringarfyrirtækið Davidson Kempner Capital Management LLC og vogunarsjóðir í stýringu þess væru á meðal stærstu kröfuhafa allra föllnu íslensku bankanna. Það er líka á meðal stærstu eigenda Straums fjárfestingarbanka og Klakka, sem áður hét Exista og á nokkur af stærstu fyrirtækjum á Íslandi.

Meðal þeirra vogunarsjóðsstýringarfyrirtækja sem eru einnig mjög stórir kröfuhafar er York Capital Management. Fjöldi sjóða í stýringu þess er á meðal stærstu kröfuhafa bæði Glitnis og Kaupþings. York Capital, eins og Davidson Kempner, sérhæfir sig í því að hagnast á viðskiptum með kröfur á hendur gjaldþrota fyrirtækjum. Í viðtali við tímaritið Hedge Fund Review, í ágúst síðastliðnum, var haft eftir William Vrattos, einum af eigendum York Capital, að það væri alltaf einhver í vandræðum. Vegna þess væru „alltaf einhverjir skuldaeigendur sem eru í raun ekki í þeim geira að eiga gjaldfallnar skuldbindingar og að hjálpa fyrirtækjum að finna út stöðugan rekstrargrunn til framtíðar. Það opnar á tækifæri fyrir fólk eins og okkur alla daga“.

6 til 7
vogunarsjóðir hafa fjárfest gríðarlega í erfiðleikum íslensks efnahagslífs undanfarin ár.

70%
krafna í þrotabú Kaupþings og Glitnis eru taldar hafa skipt um hendur á liðnum árum.



YFIRVOFANDI Verði nauðasamningar Kaupþings og Glitnis kláraðir, eins og stefnt er að snemma á næsta ári, munu bæði Arion banki og Íslandsbanki verða í eigu kröfuhafa þrotabúanna.

Keyptu helminginn af útgáfu ríkisins

Þegar ríkissjóður Íslands réðst í alþjóðlega skuldabréfaútgáfu í júní 2011 og seldi skuldabréf fyrir einn milljarð dala, um 126 milljarða króna á gengi dagsins í dag, voru forsvarsmenn ríkisstjórnarinnar duglegir við að tala um að eftirspurnin sýndi hversu langt Ísland hefði náð í bataferlinu. Í greiningu sem Fjármálaráðuneytið lét gera kom enda fram að 85 prósent þeirra sem keyptu skuldabréf í útgáfunni hefðu verið eignarstýringar, tryggingafélög og lífeyrissjóðir. Stöð 2 greindi hins vegar frá því að eitt stærsta eignarstýringarfyrirtæki heims, Franklin Templeton, hefði keypt tæpan helming allrar útgáfunnar, eða fyrir 470 milljónir dala, um 60 milljarða króna.

Auk þess keyptu vogunarsjóðir átta prósent útgáfunnar. Þorri þeirra er sjóðir sem áttu líka kröfur á íslensku bankana. Skuldabréfin hafa síðan sum hver skipt um hendur, enda virkur markaður með ríkisskuldabréf, og vogunarsjóðir bætt við stöðu sína.

48%
af ríkisskuldabréfum sem gefin voru út í fyrrasumar voru keypt af einu stærsta eignastýringarfyrirtæki heims.

ENDANLEGIR EIGENDUR VERÐI OPINBERAÐIR

Fjárfestingarbankinn Straumur-Burðarás gekk í gegnum nauðasamning árið 2010 og eignir hans voru eftir það í eigu eignaumsýslufélagsins ALMC. Það ákvað að halda áfram að reka banka, sem fékk nafnið Straumur, á íslenskum markaði og fékk til þess fjárfestingarbankaleyfi í fyrrahaust.

Eins og venja er eftir nauðasamninga eignuðust kröfuhafar ALMC. Eignarhaldið er þó fjarri því að vera gegnsætt. Það er þannig að Deutsche Bank AG í Amsterdam heldur á 99 prósentum hlutdeildarskírteina ALMC fyrir hönd hinna eiginlegu eigenda félagsins, og þar af leiðandi Straums. Ekki hefur verið upplýst um hverjir hinir eiginlegu eigendur eru en Fréttablaðið greindi frá því um síðustu helgi að Davidson Kempner væri á meðal stærstu eigenda bankans. Þegar leitað var til Fjármálaeftirlitsins (FME) eftir þeim upplýsingum sagðist það ekki geta upplýst um hverjir virkir eigendur Straums væru á grundvelli þagnarskyldu.

→ Heimild í lögum til að upplýsa

Ekki eru allir viðmælendur Fréttablaðsins sammála þeirri túlkun FME að eftirlitinu sé óheimilt að upplýsa um endanlega eigendur fjármálafyrirtækja. Í 19. grein laga um fjármálafyrirtæki segir að „fjármálafyrirtæki skal tilgreina á vefsíðu nöfn og hlutfallslegt eignarhald allra þeirra sem eiga 5% eða stærri hlut í fyrirtækinu“. Enn fremur segir í lögum um opinbert eftirlit með fjármálastofnunum að FME sé heimilt að „birta opinberlega niðurstöður í málum og athugunum sem byggjast á lögum þessum, nema ef slík birting verður talin stefna hagsmunum fjármálamarkaðarins í hættu“.

Steingrímur J. Sigfússon, ráðherra fjármálamarkaða og almennra viðskiptamála, greindi síðan frá því í gær að í nýju breytingarfrumvarpi á lögum um fjármálafyrirtæki, sem hann hyggst leggja fram á næstunni, verði ákvæði um að upplýsa verði um alla endanlega eigendur á meira en eins prósents hlutar í íslensku fjármálafyrirtæki í ársreikningi þess. Ekki verður hægt að fela sig á bak við vörsluaðila lengur.

Allir þeir sem eiga **1%** eða meira í fjármálafyrirtæki munu þurfa að gera grein fyrir sér samkvæmt nýju lagafrumvarpi.

GILDI lífeyrissjóður

Sjóðfélagafundur

27. nóvember 2012

Kynningar- og fræðslufundur verður haldinn fyrir sjóðfélaga Gildis-lífeyrissjóðs þriðjudaginn 27. nóvember nk. kl. 17.00 á Grand Hótel, Reykjavík.

Dagskrá fundarins:

1. **Starfsemi og staða Gildis**
   - Harpa Ólafsdóttir formaður stjórnar Gildis og Árni Guðmundsson framkvæmdastjóri.
2. **Tryggingafræðileg athugun - hvað er verið að reikna?**
   - Vigfús Ásgeirsson tryggingafræðingur

Sjóðfélagar eru hvattir til að mæta.

Stjórn Gildis-lífeyrissjóðs.

Fáðu jólainnkaupin endurgreidd



Komdu í Smáralind og gerðu jólainnkaupin snemma. Þú gætir fengið andvirði þeirra endurgreitt með gjafakorti Smáralindar, allt að 50.000 kr.

Aðalvinningur 100.000 kr. gjafakort

Það eina sem þú þarft að gera er að fylla út þátttökuseðil og skila honum inn, ásamt kassakvittunum, við þjónustuborð Smáralindar á 2. hæð.

Vinningshafar verða dregnir út alla laugardaga á tímabilinu 23. nóv.–15. des. í beinni á Bylgjunni.

Sjáumst í Smáralind!

Smáralind

smaralind.is **Opnunartímar:** Virka daga 11-19 Fimmtudaga 11-21 Laugardaga 11-18 Sunnudaga 13-18 Finndu okkur á Facebook



Evrópa frá 31.900 kr.*
eða 27.900 Vildarpunktar og 12.000 kr.*

USA frá 54.900 kr.*
eða 47.900 Vildarpunktar og 22.000 kr.*

Jólapakkatilboðið á þessu verði gildir til London Heathrow, London Gatwick, Manchester, Glasgow, Kaupmannahafnar, Stokkhólms, Oslóar, Amsterdam, Frankfurt, Munchen, Parísar og Helsinki í Evrópu og til New York, Boston, Denver, Seattle og Toronto í Norður Ameríku.

Ferðatímabil er frá 10. janúar til og með 15. apríl 2013 (síðasti ferðadagur).
Eftir að ferðatímabili lýkur gildir jólagjafabréfið sem inneign upp í fargjöld Icelandair.

* Innifalið: Flug fram og til baka, skattar og önnur gjöld. Sölutímabil er frá 23. nóv. til 24. des. 2012 kl. 18.00. Bókunartímabil jólafargjalda er frá 20. des. 2012 til og með 11. jan. 2013. Lágmarksdvöl er aðfaranótt sunnudags nema á Saga Class. Takmarkað sætaframboð. Sjá nánar á icelandair.is. Þessar ferðir gefa 3.000-16.200 Vildarpunkta. Jólafargjöld eru ekki endilega í boði í hverju flugi og sætaframboð er takmarkað.



+ Kauptu jólapakka á www.icelandair.is

Vertu með okkur

ICELANDAIR

Boðað frumvarp um að skylt verði að upplýsa um eigendur fjármálafyrirtækja:

Gegnsæið er bezt

Fréttablaðið skýrði frá því fyrr í vikunni að allt væri á huldu um hverjir væru raunverulegir eigendur Straums fjárfestingarbanka. Eigandi bankans er eignarhaldsfélag sem heitir ALMC, en Deutsche Bank í Amsterdam fer með 99% hlutdeildarskírteina í því félagi fyrir hönd hinna eiginlegu hluthafa. Fréttablaðið sagði frá því fyrir viku að einn þeirra væri sjóðsstýringarfyrirtækið Davidson Kempner. Það fyrirtæki er raunar stór eigandi, beint og óbeint, í stórum hluta íslenzks viðskiptalífs eins og fram kom í úttekt Þórðar Snæs Júlíussonar blaðamanns í síðasta helgarblaði.



Ólafur P. Stephensen

olafur@frettabladid.is

Þegar Fréttablaðið spurði Fjármálaeftirlitið hverjir væru hinir eiginlegu eigendur Straums fengust þau svör að stofnunin vissi hverjir þeir væru og fengi reglulega um það upplýsingar, en mætti ekki segja frá því á grundvelli þagnarskyldu.

Nú kann að vera að einhvers staðar finnist lagastoð fyrir þessari afstöðu, en vandséð er hvaða hagsmunum þögnin á að þjóna.

Eignarhald í íslenzku fjármálakerfi er að verulegu leyti þoku hulið. Kröfuhafahópurinn, sem á þrotabú gömlu bankanna og er þar af leiðandi eigendur Glitnis og Kaupþings, er síkvikur og erfitt að festa hendur á samsetningu hans. Það mun hins vegar breytast eftir að nauðasamningum verður lokið. Munurinn á eignarhaldi Straums og hinna bankanna er að Straumur er löngu farinn í gegnum nauðasamninga. Sú spurning vaknar þá að sjálfsögðu hvort eignarhald þeirra kynni að verða sveipað sömu leynd eftir nauðasamninga.

Steingrímur J. Sigfússon atvinnuvegaráðherra upplýsti í Fréttablaðinu í gær að stjórnvöld ætluðu að bregðast við þessari stöðu. Frumvarp um breytingar á lögum um fjármálafyrirtæki er í smíðum og Steingrímur segist gera ráð fyrir að þar verði gerð sú krafa að í skýringum með ársreikningum fjármálafyrirtækja sé alltaf upplýst um þá sem eigi meira en eitt prósent í fyrirtækinu. Það nái til endanlegra eigenda, þannig að „ráðandi eignarhlutur sé ekki falinn á bak við skráningu á marga aðila sem eru ekki flokkaðir sem tengdir aðilar," segir hann.

Atvinnuvegaráðherrann segir réttilega að þetta séu mikilvægar kröfur. Þær eru mikilvægar í ljósi reynslunnar frá því fyrir hrun, þegar erfitt gat verið að átta sig á samsetningu hluthafahópa og hverjir færu í raun með ráðandi hlut. Við skulum ekki gleyma því að í rannsóknarskýrslu Alþingis er samþjöppun eignarhalds í bönkunum nefnd sem ein undirrót hrunsins. Eins og Steingrímur nefnir líka eiga bankarnir sjálfir talsvert undir gegnsæi í þessum efnum. „Það er líka mjög mikilvægt fyrir fjármálafyrirtækin sjálf að það ríki ekki óvissa um eignarhald þeirra og geri þau tortryggileg."

Þetta er rétt hjá Steingrími og fjármálafyrirtækin eiga sjálf að berjast fyrir þessari lagabreytingu. Í þessu efni eins og mörgum öðrum er gegnsæið bezt.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871



GUNNAR



AF KÖGUNARHÓLI ÞORSTEINS PÁLSSONAR

Vonbrigði og mikið ósætti við Seðlabankann

Fyrr í þessum mánuði ákvað Seðlabankinn að hækka stýrivexti. Íslendingar eru orðnir svo vanir slíkum tíðindum að þau vekja ekki meiri hughrif og umræðu en tilkynningar Veðurstofunnar um umhleypinga. Munurinn er þó sá að umhleypingarnir ráðast af lögmálum náttúrunnar en vextirnir eru afleiðing mannlegrar breytni.

Alþingi þótti hæfilegt að ræða málið í fimm mínútur. Ríkisútvarpið miðlaði þeirri umræðu á innan við sextíu sekúndum; og gerði meira en aðrir. Þetta er þó það sem hagur heimila og fyrirtækja snýst raunverulega um. Menn geta klætt af sér hret en fyrir vöxtunum eru allir berskjaldaðir.



Forsætisráðherra fékk tvær spurningar á Alþingi af þessu tilefni. Önnur var hvort hann væri samþykkur vaxtahækkuninni. Hin var hvort hann hygðist grípa til aðgerða. Svar forsætisráðherra hljóðaði svo:

„Ég vil fyrst segja varðandi stýrivaxtahækkunina í gær að hún olli mér verulegum vonbrigðum. Seðlabankinn ber fyrir sig slaka í hagkerfinu og bendir á lægra gengi og verðbólgu. Ég er mjög ósátt við að gripið skuli hafa verið til stýrivaxtahækkunar." Enginn fjölmiðill sá ástæðu til að segja almenningi frá hinu að forsætisráðherra svaraði ekki spurningunni hvort grípa þyrfti til aðgerða.

Þetta er að sönnu ekki í fyrsta skipti sem ráðherra sver af sér ábyrgð á ákvörðunum Seðlabankans. Þar koma fleiri flokkar við sögu. En það breytir ekki þeirri staðreynd að slík háttsemi er pólitískt ábyrgðarleysi. Það er aftur ein af rótum þeirrar kreppu sem íslensk stjórnmál eru í nú um stundir.

Hver ber ábyrgð?

Lög tryggja Seðlabankanum sjálfstæði við vaxtaákvarðanir. Það merkir að hann tekur ekki við fyrirmælum ríkisstjórnar þar að lútandi. Þessi skipan er fyrst og fremst gerð til að létta erfiðum ákvörðunum af herðum stjórnmálamanna. Það þýðir hins vegar ekki að þeir séu lausir við að bera ábyrgð á niðurstöðunni þegar hún er fengin.

Í lögum um Seðlabankann segir að það sé meginmarkmið hans að stuðla að stöðugu verðlagi. Þá er honum heimilt með samþykki ráðherra að setja verðbólgumarkmið. Loks skal hann stuðla að framgangi stefnu ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum enda stangist hún ekki á við markmiðið um stöðugt verðlag.

Með öðrum orðum er það ríkisstjórnin sem ber ábyrgð á verðbólgumarkmiðinu. Það er aftur sá ás sem allar ákvarðanir í peningamálum, ríkisfjármálum og launamálum snúast um. Verðbólgumarkmiðið er í raun yfirlýsing um að ríkisstjórnin og Seðlabankinn ábyrgjast öllum þeim sem nota íslenskar krónur að hún rýrni ekki meir en um 2,5 prósent. Náist það markmið ekki hafa ríkisstjórnin og Seðlabankinn brugðist.

Ákvarðanir Seðlabankans geta að sjálfsögðu verið umdeilanlegar. En þær eru teknar til þess að ná því verðbólgumarkmiði sem ríkisstjórnin er ábyrg fyrir. Þar af leiðandi hlýtur það að hafa afleiðingar þegar forsætisráðherra lýsir verulegum vonbrigðum og miklu ósætti með þær ákvarðanir.

Þögnin á Alþingi um afleiðingar þessara orða forsætisráðherrans ber vott um pólitíska þverbresti. Spurningaleysi fjölmiðlanna um hvað það þýðir þegar forsætisráðherra talar með þessum hætti lýsir vanmætti þeirra til að fara með það hlutverk að vera fjórða stoðin í lýðræðisskipan landsins.

Hverjar geta afleiðingarnar verið?

Eðlilega spyrja menn hverjar þessar afleiðingar geta verið. Ein er sú að ríkisstjórnin viðurkenni að hún hafi brugðist í ríkisfjármálum og við mótun launastefnu. Þá koma afleiðingarnar fram í nýjum ákvörðunum á þeim sviðum.

Önnur afleiðing gæti verið sú að viðurkenna að ríkisstjórnin hafi í raun annað verðbólgumarkmið en það opinbera. Þá þarf að setja nýtt markmið og taka pólitíska ábyrgð á því. Þriðja afleiðingin gæti verið sú að setja bankanum með lögum önnur markmið en stöðugt verðlag og axla pólitíska ábyrgð á þeirri stefnubreytingu. Hún gæti lotið að gengi krónunnar eða fjölgun starfa.

Loks gæti forsætisráðherra litið svo á að mikið ósætti hans og verulegt vonbrigði stafi af því að stjórnendur Seðlabankans séu ekki starfi sínu vaxnir. Þá yrði afleiðingin sú að víkja þeim frá. Til þess þyrfti málefnalegan rökstuðning. Það eina sem á að vera óhugsandi er að ekkert gerist. Samt er það veruleikinn.

Hver er skaðinn af því? Hann er sá að smám saman molnar úr siðferðilegum undirstöðum lýðræðislegrar stjórnskipunar landsins. Ábyrgðin hverfur. Ríkisstjórnin svarar ekki til ábyrgðar. Seðlabankinn gerir það ekki heldur.

Lýðræði án ábyrgðar virkar einfaldlega ekki eins og vera ber. Frá sjónarhorni almannahagsmuna er því brýnna að berja í þennan siðferðilega brest en að skrifa nýjan stjórnarskrártexta.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is,* Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* og Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir, ritstjórnarfulltrúi, *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **DÆGURMÁL:** Kjartan Guðmundsson *kjartan@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

KALDIR DAGAR

HLÝJAR ÚLPUR

Á BETRA VERÐI



50% AFSLÁTTUR af upphaflegu verði

Surfanic - Dimond Bubble Check
Dömu úlpa
Upphaflegt verð: kr. 24.990
Outlet verð: kr. 12.995



50% AFSLÁTTUR af upphaflegu verði

Surfanic - Diamond
Dömu úlpa
Upphaflegt verð: kr. 24.990
Outlet verð: kr. 12.995



50% AFSLÁTTUR af upphaflegu verði

Surfanic - Dimond Bubble Check
Dömu úlpa
Upphaflegt verð: kr. 24.990
Outlet verð: kr. 12.995



50% AFSLÁTTUR af upphaflegu verði

Surfanic - Storm Skull
Herraúlpa
Upphaflegt verð: kr. 24.990
Outlet verð: kr. 12.995



Surfanic - Buckie
Herraúlpa

Outlet verð: kr. 12.995



55% AFSLÁTTUR af upphaflegu verði

Surfanic - Jet Diva
Dömu úlpa
Upphaflegt verð: kr. 29.990
Outlet verð: kr. 12.995



Surfanic - Blasted Mini Herringbone
Herraúlpa

Outlet verð: kr. 12.995



Didriksons - Colby
Dömu og herraúlpa

Outlet verð: kr. 12.995



STÆRSTA OUTLET LANDSINS!

KORPU OUTLET

KORPUOUTLET, KORPUTORGI • Opið mánudag til laugardags frá 11 til 18 • Sunnudaga frá 12 til 18 • S. 578 9400

Ráðandi - auglýsingastofa ehf

ORÐ VIKUNNAR
17.11.2012 → 23.11.2012



UMMÆLI VIKUNNAR

Að þessu sinni kom neistinn sem kveikti í púðurtunnunum frá Hamas-samtökunum.“

Pessi neistandi ummæli Bjarna Benediktssonar kveiktu í púðurtunnunni Merði Árnasyni, sem tyftaði Bjarna fyrir að segja að gæta þyrfti meðalhófs í árásum á Gasa.

„Ef maður kemur sér í kastljósið þá verður maður að sætta sig við það að umfjöllunin er ekki alltaf sólskin og sleikipinnar.“

Egill Einarsson var í umdeildu forsíðuviðtali við Monitor. Par ræddi hann meðal annars um nauðgunarkæru á hendur sér.



„Þetta finnst mér vera niðrandi tenging og afar óeðlilegt að tengja umfjöllun um íþróttir og sölubúðir ÁTVR.“

Þingkonunni Álfheiði Ingadóttur fannst ekki fyndið þegar Hraðfréttir gerðu grín að áfengisvandamáli Tryggva Guðmundssonar.

Bölmóður án tilefnis

FJÁRMÁL



Jóhanna Sigurðardóttir
forsætisráðherra

Erfitt er að skilja þrálátar heimsendaspár stjórnarandstöðunnar um íslenskt efnahagslíf. En það er gömul saga og ný að reynt sé að ala á öryggisleysi kjósenda í pólitískum tilgangi. Nú er býsnast yfir slæmri stöðu þjóðarbúsins og látið eins og allt sé í kalda koli. En hverjar eru staðreyndirnar?

Hagvaxtarhorfur eru hér betri en víðast hvar um þessar mundir. Ný spá Seðlabankans gerir ráð fyrir 2,5% hagvexti á þessu ári og að hann verði 3,7% árið 2015. Dregið hefur úr atvinnuleysi og starfandi einstaklingum fjölgar á vinnumarkaði.

Í fyrra jókst hlutur atvinnuvegafjárfestinga í landsframleiðslunni í fyrsta sinn frá árinu 2006, eða um 25%. Engum þarf að koma á óvart þótt tafir hafi orðið á erlendum fjárfestingum hér á landi. Hvergi í hinum vestræna heimi hafa ný álver eða kísilmálmver verið gangsett síðan haustið 2008 eins og fram kom í máli forstjóra Landsvirkjunar í vikunni.

Um 10 milljarða króna innspýting er fyrirhuguð á næsta ári í tengslum við fjárfestingaráætlun ríkisstjórnarinnar en á næstu þremur árum gerir áætlunin ráð fyrir 88 milljarða króna fjárfestingum alls.

Batnandi skuldastaða

Vanskil hjá stóru viðskiptabönkunum fara minnkandi og á síðasta ári jukust eignir umfram skuldir um 17%. Skuldir fyrirtækja og heimila eru nú um 280% af landsframleiðslu en voru 510% þegar þær náðu hámarki haustið 2008.

Ég hef nýverið átt fundi með bankastjórum stóru bankanna um endurútreikning ólöglegu gengislánanna. Mér sýnist nú sem bankarnir hafi tekið vel við sér og séu í þann mund að hefja endurútreikning á a.m.k. þriðja tug þúsunda lána og hverfa frá málarekstri að hluta. Þessu ber að fagna.

Á næsta ári renna um 23 milljarðar króna til heimilanna í formi vaxta- og barnabóta, enda er greiddur niður hartnær helmingur af vaxtakostnaði láglaunafjölskyldna. Í heildina eru íbúðaskuldir heimila nú svipaðar og þær voru í upphafi eignabólunnar 2004.

Bætt staða ríkissjóðs

Eitt helsta verkefni kjörtímabilsins hefur verið að stoppa í um 300 milljarða fjárlagagat sem rekja má til hrunsins. Nú er svo komið að rekstur ríkissjóðs verður nánast sjálfbær á næsta ári ef fram heldur sem horfir. Vegna þessa árangurs fara skuldir hins opinbera nú lækkandi og eru þær nú svipaðar hér og í ýmsum öðrum iðnríkjum og vel viðráðanlegar.

Jafnframt þessu hefur ríkissjóður og Seðlabanki Íslands í tvígang greitt niður erlend lán fyrirfram í því skyni að lækka vaxtakostnað af gjaldeyrisforða þjóðarinnar.

Skuldatryggingaálag ríkissjóðs var tæp 1.500 stig þegar verst lét en er nú 178 stig og hefur ekki verið lægra frá því fyrir hrun. Kannski er ekki nema von að stjórnarandstæðingar trúi ekki sínum eigin augum um mat umheimsins á stöðu Íslands. Kannski vilja þeir ekki trúa.

Inn í þessa umræðu hafa blandast áhyggjur manna af fyrirhuguðum

→ Seðlabankinn mun ekki setja neinar reglur sem ógnað geta lífskjörum hér á landi...

nauðasamningum gömlu bankanna við erlenda kröfuhafa. Þetta mál er vandasamt, en umræðan um það er á villigötum og þar reynir stjórnarandstaðan að slá pólitískar keilur og skapa ótta hjá almenningi. Seðlabankinn ræður útgreiðsluferli á eignum erlendra kröfuhafa með lagaheimildum sem hann fékk með mikilvægri lagasetningu 12. mars síðastliðinn. Sjálfstæðismenn studdu ekki þá lagasetningu. Hefði þeirra vilji ráðið hefði verið ástæða til að hafa áhyggjur. Seðlabankinn mun ekki setja neinar reglur sem ógnað geta lífskjörum hér á landi eða markmiðum um fjármálastöðugleika. Seðlabankinn og stjórnvöld ræða þetta mál reglulega og hafa fullt vald á því.

Ég tel mjög mikilvægt að vinna þetta mál í víðtækri sátt. Erlendir kröfuhafar þurfa að fá skýr skilaboð um að pólitísk staða á Íslandi breyti engu um meðferð málsins því einhugur ríki um að ganga eins langt í vörn fyrir íslenska hagsmuni og lög og þjóðréttarlegar skuldbindingar leyfa.

Við höfum ríka ástæðu til bjartsýni þótt margt geti tafið uppbyggingu, t.d. langdregin kreppa í mikilvægum viðskiptalöndum okkar. Ástandið hér á landi er það gott – eins og viðurkennt er – að bölmóður er varla viðeigandi. Bjartsýni og eldmóður er það sem þjóðin og atvinnulífið þarf á að halda, vilji menn halda áfram á þeirri braut uppbyggingar sem mörkuð hefur verið.

SIMPLY CLEVER
ŠKODA



ŠKODA bifreiðar eru þekktar fyrir **sparneytni** og **lága bilanatíðni**. Það þekkja hinir fjölmörgu Škoda eigendur á Íslandi best. ŠKODA Octavia 1.6 TDI eyðir aðeins 4,5 lítrum á hverja hundrað kílómetra og er margverðlaunaður í sparakstri.

Nú er komin glæsileg viðhafnarútgáfa, **Octavia Driver's Edition** sem gerir akstursupplifunina enn meiri og skemmtilegri.

ŠKODA Octavia Driver's Edition kostar frá kr*:

3.740.000,-

*Octavia Driver's Edition 1.6 TDI, 105 hestöfl, beinskiptur

Aukabúnaður í Driver's Edition


Bolero hljómtæki með 6 diska magasíni og 12 hátölurum


Fjarstýring í stýri fyrir útvarp


Fullkomið Bluetooth Premium kerfi með fjarstýringu í stýri fyrir síma


Sóllúga


15" álfelgur „PYXIS"


Nálgunarvarar að aftanverðu

Umboðsmenn
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · Hekla Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði

Reynslan er góð!
Laugavegi 170-174 · 590 5000 · hekla.is · hekla@hekla.is
HEKLA


66°
NORÐUR
Dúnn, silfur og brons
- í takmörkuðu magni
Þórsmörk Parka er vinsælasta úlpa 66°NORÐUR. Hún er þykk og hlý og fóðruð með 70% gæsadúni. Hugað er að hverju smáatriði til að tryggja að hún standist öll veðurskilyrði.
Þórsmörk Parka er nú einnig fáanleg í takmörkuðu upplagi í silfur- og bronslit.
» magazine.66north.is
JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

Skoðun visir.is

1.748
LAUGARDAGUR 17. NÓVEMBER
Sighvatur og sjálfhverfa kynslóðin
Karl Sigfússon verkfræðingur

755
MÁNUDAGUR 19. NÓVEMBER
Björgum mannslífum og bætum umhverfið
Elí Úlfarsson flugnemi

387
FIMMTUDAGUR 22. NÓVEMBER
Fordómar gegn fötluðum
Ari Erlingur Arason atvinnuleitandi

371
ÞRIÐJUDAGUR 20. NÓVEMBER
Í dag er kölski kátur
Svavar Hávarðsson blaðamaður

364
MÁNUDAGUR 19. NÓVEMBER
Meira fyrir mig!
Sighvatur Björgvinsson fyrrverandi ráðherra

313
Tásurnar á Michelle Obama
Sif Sigmarsdóttir pistlahöfundur

242
Gelding grísa án deyfingar loks færð í lög
Guðný Nielsen iðnaðarverkfræðingur

157
FIMMTUDAGUR 22. NÓVEMBER
Höfum við efni á að búa til afreksfólk?
Þorgerður Laufey Diðriksdóttir

Já, það er hægt!

KYNBUNDIÐ OFBELDI



Michelle Bachelet
Fyrrverandi forseti Síle og framkvæmdastýra UN Women

➜ Við verðum öll að standa okkur betur í að vernda konur og hindra þessi þrálátu mannréttindabrot. Ríkisstjórnir og leiðtogar verða að sýna gott fordæmi.

Ég er oft spurð að því hvort hægt sé að uppræta ofbeldi gegn konum, svo þrálátir og viðvarandi sem þessi glæpir eru. Svar mitt er já. Það er hægt. En aðeins ef við hjálpumst að. Við erum öll ábyrg og það er tími til kominn að leiðtogar okkar standi við þau loforð sem þeir hafa gefið konum.

Í dag á Alþjóðlegum baráttudegi Sameinuðu þjóðanna gegn kynbundnu ofbeldi hvet ég alla leiðtoga til þess að taka skýra afstöðu til að binda enda á ofbeldi gegn konum og stúlkum.

Á þessum degi á síðasta ári kynnti ég 16 skrefa stefnumörkun. Í dag, hvet ég alla oddvita ríkja og ríkisstjórna til að binda enda á þessa ofbeldisplágu sem herjar á sérhvert samfélag, með því að fylkja sér um spennandi alheimsátak til að sýna stuðning hvers lands við afnám ofbeldis gegn konum og stúlkum.

Þagnarmúrinn rofinn

Fyrsta skrefið hefur verið stigið: þagnarmúrinn hefur verið rofinn. Í dag hefur heimilisofbeldi verið gert saknæmt í að minnsta kosti 125 ríkjum, auk þess sem heilu lagabálkarnir hafa verið samþykktir til höfuðs ofbeldi gegn konum og stúlkum.

Alþjóðlegt samkomulag ríkir um hvert beri að stefna og hefur verið fært í letur í Peking áætluninni. Þá hafa eitt hundrað áttatíu og sjö ríki staðfest Sáttmálann um að uppræta hvers kyns mismunun gegn konum. Þekking á rótum ofbeldisins hefur aukist, og karlar, konur og ungmenni hafa í stríðum straumum skorið upp herör gegn þessari vá. Félagar í óteljandi samtökum vinna þrotlaust í þágu fórnarlamba og í mörgum ríkjum hafa stefnumótendur gripið til eindreginna aðgerða. En þetta er ekki nóg.

Við verðum öll að standa okkur betur í að vernda konur og hindra þessi þrálátu mannréttindabrot. Ríkisstjórnir og leiðtogar verða að sýna gott fordæmi. Það er kominn tími til að ríkisstjórnir hvarvetna standi heima fyrir við þau loforð sem þær hafa gefið á alþjóðavettvangi.

Ný og bætt lög

Við vonumst til að sjá ný og bætt lög og innlendar áætlanir um að útvega öruggt húsaskjól, ókeypis neyðarlínu og ókeypis heilsugæslu og lögfræðiaðstoð við fórnarlömb. Við höfum fulla trú á úrræðum á sviði menntunar sem ganga út á að kenna mannréttindi, jafnrétti og gagnkvæma virðingu og hvetja ungt fólk til að taka forystu í að enda ofbeldi gegn konum og stúlkum.

Við þurfum á fleiri konum að halda í stjórnmálum, löggæslu og friðargæslusveitum. Við þurfum jöfn efnahagsleg tækifæri og sómasamleg störf fyrir konur.

Allar þessar aðgerðir krefjast ákveðinna og kjarkmikilla leiðtoga. Í mars á næsta ári koma leiðtogar ríkja og borgaralegs samfélags saman á fundi nefndar Sameinuðu þjóðanna um stöðu kvenna. Fyrir fundinum liggur að samþykkja áætlun um að hindra og bregðast skilvirkt við ofbeldi gegn konum. Miklar vonir eru réttilega bundnar við fundinn.

Í sumum ríkjum hafa allt að sjö af tíu konum mátt sæta barsmíðum, verið nauðgað, verið misnotaðar eða limlestar á lífsleiðinni. Svo tröllaukið vandamál á heima á borði leiðtoga heimsins. Hvorki friður né framfarir eru mögulegar á meðan konur þurfa að lifa við ótta við ofbeldi.

Ógn við lýðræði

Í dag er viðurkennt í sívaxandi mæli þvílíkur skaðvaldur ofbeldi gegn konum er. Það er ógn við lýðræði, Þrándur í götu friðar, byrði á efnahag ríkja og hróplegt mannréttindabrot. Hreyfingunni fyrir afnámi ofbeldis gegn konum vex sífellt ásmegin eftir því sem fleiri og fleiri sannfærast um að ofbeldi gegn konum sé hvorki ásættanlegt né óumflýjanlegt og fleiri ofbeldismönnum er refsað. Þetta er ekki einkamál kvenna heldur ábyrgð okkar allra. Þetta ofbeldi er viðurstyggilegt og það ber að stöðva.

Tími afsakana og andvaraleysis er liðinn. Við skulum sýna vilja og ákveðni okkar í verki og auka framlög okkar til þess að brjóta á bak aftur skömm mannkyns: ofbeldi gegn konum.

Já, það er hægt.

Til hjálpar lögreglunni

FJÁRMÁL



Pétur Gunnarsson
rithöfundur

➜ Sér lögreglan virkilega ekki hvílíkur makrílstofn syndir hér um götur?

Miðlarnir voru að segja frá fjárhagsvandræðum lögreglunnar sem eins og aðrir hefur komið hart niður í harðindunum. Og nú sé svo komið að hún sjái sér ekki fært að gegna jafnvel brýnustu skyldum, hvað þá ef eitthvað óvænt kæmi upp á.

Þetta er ekki gott. En því er ég að blanda mér í málið að undanfarin mörg ár hef ég þóst sjá ólitla tekjulind löggæslunnar – ónýtta. Samkvæmt upplýsingum Umferðarstofu eru farnar um 600 þúsund ökuferðir um götur Reykjavíkur á hverjum sólarhring. Lausleg könnun hefur leitt í ljós að í þriðja hverjum bíl sé bílstjóri að tala í síma undir stýri. Við því munu vera viðurlög, furðu væg, 5.000 kr. sekt. Sér lögreglan virkilega ekki hvílíkur makrílstofn syndir hér um götur? Segjum að hún sektaði ekki nema 1% af öllum þeim grúa, það gæfi henni engu að síður tíu milljónir á dag, 300 milljónir á mánuði, þrjá milljarða rúma á ári! Þetta eru reykvískir bílstjórar reiðubúnir að greiða fyrir að fá að tala í síma undir stýri og einkennilegt að löggæsla í fjárhagssvelti skuli fúlsa við slíkum upphæðum.

Í fyllstu vinsemd.



Íbúðalánasjóður

Átt þú rétt á lækkun skulda?

Frestur til að sækja um sértæka skuldaaðlögun rennur út um næstu áramót

- Sértæk skuldaaðlögun er ætluð þeim sem skulda meira en 100% af markaðsvirði veðsettra fasteigna og bifreiða. Skuldaaðlögunin nær til allra skulda einstaklinga hjá Íbúðalánasjóði, bönkum, sparisjóðum og lífeyrissjóðum.
- Sértæk skuldaaðlögun kemur aðeins til greina ef sýnt þykir að vægari úrræði nægja ekki til að rétta af fjárhagsstöðuna og fyrirséð er að viðkomandi geti ekki staðið í skilum af lánum sínum til langframa.

Sótt er um sértæka skuldaðlögun í viðskiptabanka umsækjanda.

Borgartúni 21 | 105 Reykjavík | Sími : 569 6900, 800 6969

www.ils.is

HLAUPIÐ Í SKARÐIÐ EFTIR **J.K. ROWLING**

NÝ SKÁLDSAGA EFTIR FRÆGASTA HÖFUND Í HEIMI



Pagford virðist mikill fyrirmyndarbær – en undir fögru yfirborðinu eiga allir í stríði við alla. Þegar Barry Fairbrother fellur frá og skilur eftir sig sæti í sveitarstjórninni verður það upphafið að mestu átökum sem orðið hafa í bænum. Fyrsta skáldsaga J.K. Rowling fyrir fullorðna er hlaðin svörtum húmor, vekur lesandann til umhugsunar og kemur stöðugt á óvart.

Þýðendur: Arnar Matthíasson og Ingunn Snædal

YFIR MILLJÓN EINTÖK SELD!

KEMUR ÚT Á 43 TUNGUMÁLUM

KEMUR ÚT Í DAG!



BJARTUR

DYNAMO REYKJAVÍK

HÚSGAGNAHÖLLIN – fyrir lifandi heimili



BÆTTU SMÁ LIT Í TILVERUNA
Jól 2012

AÐEINS Í HÖLLINNI
södahl



DÚNFYLLTIR PÚÐAR
Margar stærðir og mikill fjöldi munstra og mynda. Verið má þvo í þvottavél.

GÆRUR, SKINN OG PÚÐAR FRÁ FELDI



NÝTT! FRÁ FELDI

HREINDÝRASKINN
22.900
EKTA ÍSLENSK SKINN

GÆRA
19.900
EKTA ÍSLENSK GÆRA

PÚÐAR
19.900
EKTA ÍSLENSK SKINN



FRÁ **4.990**
BODUM KAFFIKÖNNUR

NÝ JÓLASENDING AF BODUM VÖRUM

HELGARTILBOÐ – OPIÐ ALLA HELGINA



HELGAR TILBOÐ! IDdesign

NÚNA **30.000** KR. AFSLÁTTUR

49.990
VERÐ: 79.990

BIONDI stóll með snúningi.
74 x 82 x H 78,5 cm. Litur: Dökk-grár



NÚNA **50.000** KR. AFSLÁTTUR

ALBION sófi.
3ja sæta. B 229 H 81 D 90 cm. Santos leður svart.
2ja sæta. B 174 H 81 D 90 cm. Santos leður svart.

TVEGGJA SÆTA
169.990
VERÐ: 219.990

ÞRIGGJA SÆTA
219.980
VERÐ: 269.980



HELGAR TILBOÐ! IDdesign

NÚNA **30.000** KR. AFSLÁTTUR



CLUB LUX stóll
Stærð: 73 x 74 x H 75 cm
Svart leður

69.990
FULLT VERÐ:99.990

HELGAR TILBOÐ! IDdesign

Slinky er einnig fáanlegur hvítur.

SLINKY
legubekkur
krómlappir,
litur svartur
og hvítur.

20% AFSLÁTTUR

55.990
FULLT VERÐ: 69.990

ALLTAF KÁTT Í HÖLLINNI

OPIÐ ALLA DAGA TIL JÓLA

HÚSGAGNAHÖLLIN

UMBRIA Hornsófi með tungu. B:305 D:87 H: 80 T: 163 cm. Grátt áklæði. Fullt verð 469.000. **TILBOÐSVERÐ 399.980**.
KERTASTJAKI fyrir 5 kerti kr. **3.990**. **ÍSLENSK LAMBAGÆRA** frá Feldi **19.900**. **SPICY GÓLFTEPPI** 200 x 140 cm **KR. 28.990** einnig til svört og í fleiri stærðum.



NÚNA 30.000 KR. AFSLÁTTUR

TUNGUSÓFI

219.990

VERÐ FRÁ: 249.990



NÚNA 20.000 KR. AFSLÁTTUR

UMBRIA 2 sæta sófi. B:180 D:87 H:80 cm. 3 sæta: B:250 D:88 H:78 cm. Tungusófi: B:245 D:87 H: 80 T: 163 cm. Einnig til tungusófi XL. Þrír litir.

TVEGGJA SÆTA B:180 CM

149.990

VERÐ FRÁ: 169.990

ÞRIGGJA SÆTA B: 220 CM

169.990

VERÐ FRÁ: 189.990



NÚNA 70.000 KR. AFSLÁTTUR

STING tungusófi.
B 257 H 82 Hægri-tunga 152 cm.
Grátt slitsterkt áklæði.

179.900

VERÐ: 249.900



NÚNA 20.000 KR. AFSLÁTTUR

MELBOURN svefnsófi með rúmfatageymslu.
B 243 H 70 Tunga 170 cm.
Svart, ljósgrátt og rautt slitsterkt áklæði.

169.000

VERÐ: 189.000

0% VEXTIR - Húsgagnahöllin býður upp á vaxtalaus lán til allt að 12 mánaða



Sigurbjörg Þrastardóttir rithöfundur

Æfingabúðir Barmahlíðarkórsins

„Þessi helgi lítur út fyrir að verða róleg í þeirri skæðadrífu upplestra sem nú gengur yfir vegna bókarinnar Stekk. Því hafði ég hugsað mér að fara á Eyrarbakka í æfingabúðir litla kórsins sem ég er í, Barmahlíðarkórsins.“



Kjartan Henry Finnbogason fótboltamaður í KR

Á kosningaskrifstofu

„Ég verð allan laugardaginn [í dag] á kosningaskrifstofu Sigurðar Sigurðssonar sem er að bjóða sig fram í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins.“



Erling Jóhannesson leikari og hönnuður

Merkisafmæli

„Sonur minn á merkisafmæli á sunnudaginn, verður tíu ára, og helgin verður undirlögð af því að fagna þeim tímamótum.“



Alma Jenný Guðmundsdóttir eigandi ferðaþjónustu

Kvennaferð

„Ég fer vestur í Stykkishólm – verð þar í félagsskap frábærra kvenna – jólaföndur og konukvöld á veitingastaðnum við höfnina, Pakkhúsinu.“

OFTAST RIFINN ÚR AÐ OFAN

Gísli Pálmi er einn heitasti rapparinn á Íslandi. Hann þótti standa sig vel á hátíðinni Iceland Airwaves þar sem hann reif sig að sjálfsögðu úr að ofan.

Freyr Bjarnason
freyr@frettabladid.is

Gísli Pálmi er einn heitasti ungi rappari landsins, ef ekki sá allraheitasti. Hann spilaði á Þýska barnum á Airwaves-hátíðinni þar sem hann reif upp stemninguna að mati gagnrýnanda Fréttablaðsins. „Það var allt vitlaust,“ sagði í dóminum. „Það sem gerir Gísla Pálma svona vinsælan er sennilega fyrst og fremst hvað hann er orkumikill og skemmtilegur. Það er mikill húmor í sviðstöktunum hjá honum og textunum, sem fjalla oft um hann sjálfan.“

Aðspurður segist Gísli Pálmi vera mjög ánægður með tónleikana og þá stemningu sem myndaðist. „Þetta var klikkað, geðveikt. Sérstaklega miðað við hvað það voru margir útlendingar þarna og fólk sem hafði aldrei heyrt þetta áður. Það myndaðist þvílík stemning þarna.“

Meðal áheyrenda var Björk Guðmundsdóttir og fleiri kunnir einstaklingar. Það stressaði hann ekkert upp. „Ég frétti að það hefði verið mikið af fólki þarna og ég sá nokkra þegar ég labbaði inn. Þetta er bara heiður og gaman að því.“

Margir útsendarar frá erlendum plötufyrirtækjum mæta á Airwaves-hátíðina og segist Gísli hafa rætt við einn eða tvo en óvíst er hvort eitthvað komi út úr því. En hvernig er það, ertu heitasti rapparinn á landinu? „Ég veit það ekki, það er erfitt að segja frá því sjálfur en ég er með´etta.“

Töluvert er um að aðrir rapparar og tónlistarmenn hringi í Gísla Pálma og óski eftir samstarfi. „Það kemur mjög mikið fyrir að fólk úr öllum stéttum og stefnum reyni að koma í samstarf. Ég er opinn fyrir öllu en það væri meira komið af svoleiðis ef ég væri mjög „líbó“ á það. Ég er svolítið „pikkí“ og mér finnst fínt að gera þetta sjálfur.“

Gísli Pálmi er sonur athafnamannsins Sigurðar Gísla Pálmasonar, en hefur að eigin sögn ávallt unnið fyrir sínu og ekki notið fjárhagslega góðs af fjölskyldutengslum sínum. Hann hefur verið duglegur við að búa til myndbönd við lögin sín og setja á Youtube. Þar öðlaðist hann fyrst vinsældir með laginu Set mig í gang og því hlýtur myndbandagerðin að skipta hann töluverðu máli. „Ég leikstýri öllu en frændi minn og vinur, Árni Geir, sér um alla tæknina,“ segir hann. „Það er alltaf gaman að skoða tónlist ef það er myndband undir. Lagið verður ekkert endilega betra en það er einhver fílingur við þetta.“

Áttu einhverja áhrifavalda í tónlistinni? „Það eru engin sérstök nöfn en ég hlusta mjög mikið á alls konar tónlist. Að mestu leyti hip hop, dubstep og smá elektróník.“

Gísli Pálmi er duglegur við að fara úr að ofan á tónleikum, sem er kannski ekki skrítið enda vel „köttaður“ og með nóg af húðflúrum á líkamanum. „Ég er oftast rifinn úr að ofan eða þá grátbeðinn um það. Þetta er bara einhver fílingur. Þau vilja sjá kallinn. Ætli þetta komi ekki mikið frá Set mig í gang [myndbandinu].“

Aðspurður segir hann fyrstu plötuna ekki vera á leiðinni í bráð. „Það er einhver tími í það. Það verður alla vega ekki fyrir þessi jól,“ segir rapparinn, sem hefur aldrei skrifað undir plötusamning. „Ég er bara á samningi hjá sjálfum mér og hjá lögreglunni líka.“



MEÐ´ETTA Gísli Pálmi segist eingöngu vera á samningi hjá sjálfum sér, og kannski lögreglunni líka. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Jólaverslun verður meiri í ár en í fyrra

Í dag er einn mánuður til jóla og ugglaust eru margir farnir að huga að jólaundirbúningi. Spáð er meiri eyðslu í ár en í fyrra.

Verslun fyrir jólin mun aukast sé miðað við í fyrra samkvæmt spá Rannsóknarseturs verslunarinnar. „Við byggjum þá spá á því hvernig þróunin í verslun hefur verið á þessu ári,“ segir Emil B. Karlsson, forstöðumaður setursins. „Raunaukningin verður 2,5 prósent og velta í smásölu um 78 milljarðar.“ Íslendingar kaupa meira af raftækjum en undanfarin ár og segir Emil það líkast til vegna þess að þar sé endurnýjunarþörf.

„Húsgagnaverslun hefur hins vegar ekki náð sér á strik og enn er samdráttur í fataverslun en þar hefur verið leitt getum að því að samdrátturinn skýrist af því að fólk kaupi mikið föt í útlöndum en þetta hefur samt ekki verið rannsakað,“ segir Emil.

43.000 krónur

Er það sem talið er að hver Íslendingur eyði að meðaltali til innkaupa sem rekja má til árstímans.

Íslensk tónlist

Er jólagjöf ársins að mati álitsgjafa Rannsóknarseturs verslunarinnar sem undanfarin ár hafa talið spjaldtölvu, lopapeysu, jákvæða upplifun og íslenska hönnun sem jólagjafir ársins.



Milljón

Eintök af nýútkomnum bókum seljast í nóvember og desember samkvæmt útreikningum Félags íslenskra bókaútgefanda.

60.000

Jólatré munu seljast í ár og verða þar af tíu til tólf þúsund íslensk samkvæmt fréttaskýringu sem birtist í Morgunblaðinu á dögunum.





500.000

lítrar eða ríflega það munu seljast af jólabjór í ár ef miðað er við sölutölur ÁTVR í fyrra og þróunina undanfarin ár.

Bókabúðin þín



Tilboð 4.799,-
Fullt verð 5.999,-

Una
Óttar Norðfjörð



Tilboð 4.990,-
Fullt verð 6.290,-

Sjóræninginn
Jón Gnarr



Tilboð 5.190,-
Fullt verð 6.490,-

Íslenskir kóngar
Einar Már Guðmundsson



Tilboð 4.790,-
Fullt verð 5.990,-

Eldað og bakað í ofninum heima
Inga Elsa og Gísli Egill



Tilboð 4.990,-
Fullt verð 6.290,-

Orð, krydd og krásir
Sigrún Óskarsdóttir og Kristín Harðardóttir



Tilboð 4.790,-
Fullt verð 5.990,-

Steve Jobs – ævisaga
Walther Isaacson



Tilboð 3.199,-
Fullt verð 3.999,-

Limrubókin
Pétur Blöndal



Verð 3.190,-
Fullt verð 3.990,

Heimili fröken Peregrine ...
Ransom Riggs



Tilboð 4.190,-
Fullt verð 5.290,-

Stelpur geta allt
Kristín Tómasdóttir



Tilboð 2.390,-
Fullt verð 2.990,-

Jólin koma
Jóhannes úr Kötlum



Tilboð 2.990,-
Fullt verð 3.990,-

Stóra Disney heimilisréttabókin
Disney



Tilboð 2.390,-
Fullt verð 2.990,-

Útivist og afþreying fyrir börn
Lára og Sigríður Sigurðardætur

Útgáfugleði kl. 15.00 í dag.
Frábær bók fyrir fjölskylduna.



BÓKABÚÐ
MÁLS & MENNINGAR
LAUGAVEGI 18

Opið alla daga til kl. 22.00
facebook.com/malogmenning

Kynningarverð gildir til og með 30. nóv. 2012

svavar@skakkapopp.is



ÓSKAPLEGT AÐ MISSA BARNIÐ SITT Heiðbjört þurfti ekki að hugsa sig lengi um áður en hún ákvað að gefa öll líffæri tólf ára sonar síns sem varð fyrir bíl og lést þremur sólarhringum síðar. Hún fékk fullan stuðning fjölskyldu sinnar, en systir Heiðbjartar hafði misst tvö börn í jafnmörgum bílslysum mörgum árum áður. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

TÆPLEGA
300
Íslendingar hafa fengið nýtt líffæri frá því að líffæraígræðslur hófust fyrir rúmum fjórum áratugum.

70%
líffæraþeganna eru á lífi í dag

40%
Á Íslandi neita aðstandendur líffæragjöf í 40% tilfella

80-90%
fólks vill gefa líffæri samkvæmt bæði íslenskum og erlendum könnunum

Gaf öll líffæri 12 ára sonar síns

Heiðbjört Ingvarsdóttir missti son sinn í reiðhjólaslysi árið 1997. Hún ákvað strax að gefa úr honum öll líffæri og hefur ekki séð eftir því síðan. Hún segir að nauðsynlegt sé að virða ólíkar skoðanir fólks og efast um að lög um „ætlað samþykki“ verði að veruleika en vill einfalda kerfið um líffæragjafir. Systir hennar hafði misst tvö börn í bílslysum mörgum árum fyrr.

Sunna Valgerðardóttir
sunna@frettabladid.is



Það var í rauninni ekkert flókið. Umræðan hafði komið upp og ég var búin að hugsa þetta. Ég veit ekki hvort ég hefði gert þetta fimmtán eða tuttugu árum fyrr, en það er svo margt sem hefur breyst í lífinu og kannski viðhorf okkar um leið. Ég held líka að ég hefði séð eftir því síðar,“ segir Heiðbjört Ingvarsdóttir, sem gaf öll líffæri sonar síns í kjölfar hörmulegs slyss.

Lögum breytt í kjölfar slyssins

Sonur Heiðbjartar, Valberg Gunnarsson, lést árið 1997, þá tólf ára gamall. Drengurinn var að hjóla í skólann án hjálms og varð fyrir bíl. Hann komst aldrei til meðvitundar og lést á gjörgæslu þremur sólarhringum síðar.

„Þetta var flokkað sem reiðhjólaslys þar sem hann var á hjóli. Löggjöf um notkun reiðhjólahjálma fyrir fjórtán ára og yngri var sett í kjölfar slyssins, en í sömu viku og sonur minn lést varð annar hjólandi drengur á svipuðu reki einnig fyrir bíl og hann var hjálmlaus. Sá drengur lifði af, en hann fór mjög illa út úr slysinu. Þeir lágu saman á spítalanum eftir slysin.“

Heiðbjört furðar sig þó á aldurstakmörkum laganna og finnst að eitt skuli yfir alla ganga. „Þessi lög eru frá árinu 1997 og hefur aldrei verið breytt. Þetta er nákvæmlega eins og að verða að festa barnið sitt í aftursæti á bíl en mega vera lausbeisluð sjálf. En hvað verður um barnið ef eitthvað kemur fyrir foreldrið?“ Heiðbjört ákvað að gefa öll nýt líffæri úr syni sínum þegar ljóst var að hann kæmist ekki til meðvitundar. Þau voru öll flutt til Danmerkur.

„Það var hægt að nota flest allt, en ég veit ekki nákvæmlega hversu mikið fór. Þetta hefur aldrei nokkurn tímann vafist fyrir mér eftir að hann dó. Ég hef aldrei hugsað að ég eigi eitthvað þarna úti eða hluti af honum sé þar. Það er ekkert hægt að flækja hlutina svoleiðis, því einhvern tímann verður þessu að ljúka,“ segir hún. „En það er óskaplegt að missa barnið sitt. Og ég þekki til þess því systir mín hefur tvisvar sinnum misst sín börn í bílslysum. Ég horfði á þau fara illa út úr sorginni sem fylgdi þeim slysum og ákvað því að reyna allt sem ég gat til að komast í gegnum mína eigin. En svo auðvitað brotnar maður niður.“

Tók ákvörðunina strax

Eftir að ljóst var að Valberg kæmist aldrei aftur til meðvitundar var haldin kveðjustund á spítalanum fyrir hans nánustu. „Hann var aftengdur við vélarnar, en það var ljóst frá byrjun að hann myndi annaðhvort deyja eða yrði aldrei heill. Hjúkrunarfræðingurinn kom til mín og sagði mér að ég yrði spurð hvort ég vildi gefa úr honum líffærin, en ég var búin að taka ákvörðunina áður en nokkur læknir nefndi það við mig,“ segir hún. „Svo ég ræddi það við barnsföður minn, pabba hans, og hann tók því vel, eins og öll fjölskyldan. Ef einhver hefði ekki getað hugsað sér þetta þá hefði ég sennilega ekki látið verða af því, en ég fékk fullkominn stuðning.“

Efast um að lögin breytist

Fyrir Alþingi liggur nú frumvarp um svokallað „ætlað samþykki“ líffæragjafa. Núverandi lög um líffæragjafir gera ráð fyrir „ætlaðri neitun“, það er að einstaklingur þarf sérstaklega að taka fram að hann vilji verða líffæragjafi við andlát sitt. Verði frumvarpið að lögum verða allir sjálfkrafa líffæragjafar nema hinn látni hafi látið í ljós vilja sinn til hins gagnstæða, eins og segir í greinargerð frumvarpsins. Neiti aðstandendur líffæragjöf við lát einstaklings skuli þó taka tillit til þeirrar óskar.

> **Þetta hefur aldrei nokkurn tímann vafist fyrir mér eftir að hann dó. Ég hef aldrei hugsað að ég eigi eitthvað þarna úti eða hluti af honum sé þar. Það er ekkert hægt að flækja hlutina svoleiðis, því einhvern tímann verður þessu að ljúka.**

Skoðanir verður að virða

„Ég varð mér úti um gjafakort þegar ég fór á spítalann og það einfaldaði hlutina mikið. Ég held að það sé fullt af fólki sem er búið að taka þá ákvörðun að það vill verða líffæragjafi, en hefur aldrei komið því í verk að koma því á framfæri. Það ætti að gera það einfaldara fyrir fólk, annaðhvort með því að senda kortin heim til allra eða auðvelda ferlið á netinu með einu klikki,“ segir hún og bætir við að hún efist um að frumvarpið verði samþykkt á þinginu.

„Það er í raun svo margt sem spilar inn í. Til dæmis trúarbrögð, sumir líta á þetta sem guðlast, og það verðum við líka að virða. Ég held að það sé ekki hægt að láta fólk taka svona ákvarðanir með lögum. Hver og einn verður að finna sína leið.“

Ættingjar virða óskir um líffæragjafir

„Í íslenskum lögum er gert ráð fyrir „ætlaðri neitun“ og þarf því að afla samþykkis náinna ættingja við líffæragjafir, oft ættingja sem vita ekki hug einstaklingsins sem í hlut á. Flutningsmenn telja réttara að fara sömu leið og farin er í Noregi, Svíþjóð, Finnlandi og fleiri löndum þar sem gert er ráð fyrir „ætluðu samþykki“ einstaklinga fyrir líffæragjöf en neiti aðstandendur líffæragjöf við lát einstaklings er þó tekið tillit til þeirrar óskar. Flutningsmenn leggja ekki til að gengið verði eins langt og í Austurríki og Belgíu þar sem ættingjar geta ekki haft nein áhrif á hvort líffæri er tekið úr einstaklingi eða ekki.

> „Flutningsmenn telja réttara að fara sömu leið og farin er í Noregi, Svíþjóð, Finnlandi og fleiri löndum þar sem gert er ráð fyrir „ætluðu samþykki“ einstaklinga fyrir líffæragjöf en neiti aðstandendur líffæragjöf við lát einstaklings er þó tekið tillit til þeirrar óskar.“

Rannsóknir sýna að nær undantekningarlaust virða ættingjar ósk einstaklinga um líffæragjafir, þ.e. að líffæri er gefið ef hinn látni hefur viljað gefa líffæri eða hefur ekki sett sig upp á móti því svo vitað sé.

„Ætlað samþykki“ fyrir líffæragjöf mun því auðvelda ákvarðanatöku aðstandenda. Hugmyndin um ætlað samþykki byggist á þeirri forsendu að líffæragjafinn sé fullorðin manneskja sem sé til þess bær að taka ákvarðanir um eigið líf og limi og geti því andmælt ætluðu samþykki. Því telja flutningsmenn að við vinnu að frumvarpi um ætlað samþykki við líffæragjafir skuli taka sérstakt tillit til einstaklinga sem vegna ungs aldurs, veikinda, fötlunar, geðsjúkdóma eða af öðrum ástæðum eru ófærir um að andmæla líffæragjöf eða gera sér grein fyrir því hvað í henni felst.“

Úr greinargerð þingsályktunartillögu átján þingmanna úr öllum þingflokkum um breytingar á lögum um líffæragjafir.

Segja ástvinum frá á Facebook

SÍBS stendur nú fyrir átakinu „Ég vil gefa“ sem á að hvetja til samræðna um mikilvægi líffæragjafa. Markmiðið er að fólk segi sínum nánustu aðstandendum að þeir vilji gerast líffæragjafar eftir dauða sinn, en oft sitja ástvinir uppi með það hlutverk að taka slíka ákvörðun í skugga áfalls.

Hægt er að skrá sig á Facebook-síðu SÍBS, en þá deilist á vegg viðkomandi notanda að hann vilji gerast líffæragjafi. Samtökin berjast einnig fyrir því að lögum um líffæragjafir verði breytt, eða að „ætlað samþykki“ verði samþykkt.

Veldu þér hinn fullkomna kodda

TEMPUR DÝNUR OG KODDAR



TILVALIN JÓLAGJÖF

20% jólaafsláttur af öllum Tempur-koddum



TEMPUR® TRADITIONAL HEILSUKODDINN

Sígild lögun þessa kodda veitir einstök þægindi og stuðning í öllum svefnstellingum. Fáanlegur mjúkur, milli-stífur og stífur – sígild þægindi fyrir alla.



Hentar nær öllum svefnstellingum



TEMPUR® CLOUD COMFORT HEILSUKODDINN

Comfort koddinn er gerður sérstaklega úr TEMPUR® ES (Extra Soft) efninu og veitir einstakt jafnvægi í mýkt og stuðningi. Tilvalinn fyrir þá sem vilja stuðninginn sem TEMPUR® er þekkt fyrir, en mýktina líka.



Hentar nær öllum svefnstellingum



TEMPUR® ORIGINAL HEILSUKODDINN

Þessum mælum við sterklega með fyrir þá sem þurfa á sérstökum stuðningi að halda vegna líkamlegra ástæðna. Hönnun hans fylgir náttúrulegri sveigju hálsins þannig að hann styður við mænu og hrygg og veitir þér fullkomna hvíld.



Hentar þeim sem sofa á hlið



TEMPUR® OMBRCIO HEILSUKODDINN

Einstök hönnun heilsukoddans með útskurði í hliðum auðveldar öndun þegar sofið er á maganum. Lögun, áferð og efnisval heilsukoddans er sérstaklega þróað fyrir aukið loftflæði og þægindi.



Hentar þeim sem sofa á maganum



TEMPUR® SYMPHONY HEILSUKODDINN

Þessi sýnir vel mýkri hliðina á TEMPUR®. Mjúkur, en samt með frábærum stuðningi og hannaður sérstaklega til að nýtast á báðum hliðum. Hvelfdar brúnir hans bæta stuðning við háls og höfuð þeirra sem liggja mest á bakinu. Sé honum snúið við er hann tilvalinn kostur þegar sofið er á hliðinni.



Hentar þeim sem sofa á hlið og á bakinu

TEMPUR® SONATA HEILSUKODDINN

Hér er alhliða, enn mýkri koddi sem styður vel við höfuð og háls í næstum hvaða svefnstöðu sem er. Koddinn er sérstaklega mótaður til að styðja við þig jafnvel á meðan þú byltir þér og færir þig af baki yfir hlið. Þannig hvílist þú enn betur alla nóttina og vaknar endurnærð/ur.



Hentar þeim sem sofa á hlið

Fyrir alla í fjölskyldunni

CLASSIC COMFORT KODDAR

SÉRHANNAÐIR HEILSUKODDAR

www.betrabak.is

Betra BAK

Leggur grunn að góðum degi

betrabak@betrabak.is
Faxafeni 5, Reykjavík • Sími 588 8477
Skeiði 1, Ísafirði • Sími 456 4566
Opið virka daga frá kl. 10-18
Laugardaga frá kl. 11-16

NÓA KONFEKTK



Tveir áhugaljósmyndarar og listamaður leggja okkur til verkin sem prýða Nóa konfektkassana 2012 en þau starfa öll með sama markmið að leiðarljósi, að örva, gleðja og þrýsta á skynfærin. Myndverkin, jafnt ljósmyndir sem myndlistarverk, sem valin voru á kassana að þessu sinni eru litskrúðug, jafnvel rómantísk, rétt eins og íslensk náttúra getur verið. Þessi glæsilegu myndverk gera konfektkassana með okkar ljúffengu molum að ávallt kærkominni jólagjöf.



HELGA KVAM hefur alla tíð haft mikið dálæti á náttúru og útivist og ferðast vítt og breitt um landið, frá fjöru til fjalls, til að mynda landslag Íslands í öllum sínum fjölbreytileika. Helga leggur áherslu á hreinleika og ævintýrablæ í myndum sínum og leitast við að flytja áhorfandann inn í heim þar sem náttúran spilar aðalhlutverkið. Myndir Helgu hafa birst í fjölmiðlum og á sýningum bæði á Íslandi sem og erlendis.



DAÐI GUÐBJÖRNSSON nam myndlist í Reykjavík og Hollandi. Hann hefur haldið fjölda sýninga hér heima og erlendis frá því snemma á níunda áratugnum. Sprellandi húmor, skreytilist og flúr, litagleði og óregluleg form, eru einkennandi fyrir verk hans sem eru alla jafna auðþekkt. Það svífur yfir þeim ævintýrablær, jafnvel ást og hamingja. Þau kæta líka mjög marga, rétt eins og góður konfektmoli.



SKARPHÉÐINN ÞRÁINSSON (SKARPI) er véltæknifræðingur og landslagsljósmyndari. Hann er fæddur og uppalinn á Fljótsdalshéraði í náinni snertingu við náttúruna. Meginyrkisefni Skarpa er íslensk náttúra í öllu sínu veldi og á öllum árstímum enda togar hún sífellt í hann. Myndir Skarphéðins hafa unnið til margra verðlauna og verið birtar í virtum blöðum og tímaritum um allan heim.

FÍTON / SÍA

KASSARNIR 2012

ERU KOMNIR Í VERSLANIR



ÍSLENSKT HANDVERK OG HEFÐ Í ÁRATUGI

Nóa konfektmolarnir eru traustir heimilisvinir á þúsundum íslenskra heimila. Þeir hafa fært okkur gleði og sætleika í tilveruna árum saman og eru hluti af órjúfanlegri hefð um jólin. Framleiðsla á Nóa konfekti hófst á fjórða áratugnum en molarnir eins og við þekkjum þá komu fram á sjónarsviðið 1955 og hafa haldist nánast óbreyttir síðan þá. Það er mikil handavinna og alúð sem er lögð í konfektgerðina og mörg handtök sem þarf til að gera hvern einasta mola. Hráefnið í Nóa konfekt er sérvalið af kostgæfni og Síríus gæðasúkkulaði úr fyrsta flokks kakóbaunum hjúpar fyllingarnar ljúffengu.



Súkkulaðiskel fyllt jarðarberjakremi



Kívíhlaup og marsipan



Marsipan með bananakeim



Súkkulaðihnappur fylltur piparmyntukremi



Súkkulaðiskel fyllt kirsuberjakremi



Súkkulaðibraggi fylltur kókoskremi



Rjómasúkkulaði með appelsínukeim



Súkkulaðiskel fyllt karamellukremi



Truffla og marsipan



Núggat hjúpað súkkulaði



Marsipan bragðbætt með rúsínum og rommi



Núggat með hriskúlum



Konfektflaska fyllt rommlíkjör



Ávaxtahlaup og marsipan



Marsipan með rommi



Súkkulaðikista fyllt bananakremi

GOTT AÐ GEFA, HIMNESKT AÐ ÞIGGJA

5.500 TONN af brennisteinsvetni munu losna árlega úr læðingi frá 90 MV Bjarnarflagsvirkjun.

1969 fyrsta jarðvarmavirkjun landsins í Bjarnarflagi.

Gæti farið **55 DAGA** yfir heilsuverndarmörk í Reykjahlíð.



2 þéttar byggðir innan við **4** kílómetra frá fyrirhugaðri virkjun.

Reykjahlíðarskóli stendur **2,8** kílómetra frá Bjarnarflagi.

Mengunarvarnir óleystur vandi

5.500 tonn af brennisteinsvetni munu árlega losna úr læðingi þegar 90 megavatta virkjun í **Bjarnarflagi** verður komin á fullt. Rannsóknir sýna að magn brennisteinsvetnis í andrúmslofti gæti án öflugra mótvægisaðgerða farið 55 daga á ári yfir heilsuverndarmörk í Reykjahlíð. Ýmis vandamál virðast óleyst og margt er á huldu um kostnað við mengunarvarnir.



BORHOLA Borhola í Bjarnarflagi. Endurskoðuð spá Landsvirkjunar gerir ráð fyrir að 5.490 tonn af brennisteinsvetni verði losuð árlega vegna Bjarnarflagsvirkjunar. Beisla þarf þá mengun því lofttegundin er stórhættuleg.
MYND/BJÖRN P.

Orkufyrirtæki á Íslandi hafa sett gríðarlega peninga í virkjanir síðari ár auk þess sem jarðvarmavísindaþekking Íslendinga er í útrás. Íslenskt hugvit verður t.a.m. notað í glænýju verkefni í sigdalnum mikla í Austur-Afríku. Eigi að síður stendur þessi nýlega raforkustefna, sem talin hefur verið grænni og sjálfbærari en sumar fallvatnsvirkjanir, frammi fyrir veigamiklum spurningum.

Hellisheiðarvirkjun, Nesjavallavirkjun, Reykjanesvirkjun, Svartsengi og Krafla framleiða mesta raforku jarðvarmavirkjana hér á landi. Fyrir tíma Hellisheiðarvirkjunar fór lítið fyrir gagnrýni. Þegar loftgæði íbúa fóru að skerðast og jarðskjálftavirkni fylgdi í kjölfarið kom nýtt hljóð í strokkinn. Þær spurningar hafa orðið áleitnari hvort nýting náttúrusvæða til virkjana sé endilega hagkvæmasta nýtingin þegar tekið er mið af rétti íbúa til hreins lofts, útivistar, upplifunar af óspjallaðri náttúru og ferðamennsku. Kannanir sýna að langflestir erlendir ferðamenn koma hingað vegna náttúruupplifunar.

Í nýlegri skýrslu McKinsey & Company er bent á að arðsemi íslenskra fyrirtækja sé lökust í orkugeiranum. Gagnrýni að undanförnu beinist því einkum að tvennu í virkjanastefnu Íslendinga. Annars vegar lítilli arðsemi en hins vegar umhverfisáhrifum. Nú síðast vekur aukning brennisteinsvetnis í andrúmslofti spurningar.

Ófyrirséður vandi

Þegar gert var umhverfismat fyrir Hellisheiðarvirkjun sáu fræðimenn ekki fyrir þau vandkvæði sem síðar áttu eftir að skapast. Brennisteinsvetni losnar úr læðingi við borun á háhitasvæðum og standa tilraunir yfir með dælingu brennisteinsvetnis aftur niður á mikið dýpi. Sú leið kostar mun minni fjármuni en flestar aðrar. Ef niðurdæling reynist ekki varanleg og vel heppnuð lausn þarf að urða brennistein með miklum kostnaði og vandamálum sem af því skapast, eins og segir í lokaverkefni Egils Skúlasonar, hjá viðskipta- og raunvísindadeild HÍ, um förgun á brennisteinsvetni úr útblæstri jarðvarmavirkjana.

5.490 tonn

Framkvæmdir við jarðvinnu vegna Bjarnarflagsvirkjunar hófust 3. október. Fyrr um haustið gaf Skútustaðahreppur Landsvirkjun grænt ljós á að hefja undirbúningsvinnu. Landvernd hefur gagnrýnt þá ákvörðun sveitarstjórnar harðlega og stendur yfir undirskriftasöfnun þar sem þess er krafist að framkvæmdir verði stöðvaðar.

Í nýjum endurskoðuðum tölum frá Landsvirkjun er áætlað að losun brennisteinsvetnis verði árlega 5.490 tonn fyrir 90 megavatta virkjun í Bjarnarflagi. Mývatnssveit er ekki bara fjölsótt ferðamannaparadís heldur eru tveir byggðarkjarnar innan við fjóra kílómetra frá fyrirhugaðri Bjarnarflagsvirkjun; Vogar og Reykjahlíðarþorp. Samkvæmt rannsókn Hanne Krage Carlsen, doktorsnema í lýðheilsuvísindum við Háskóla Íslands, um tengsl brennisteinsmengunar og sölu á astmalyfjum, sem birtist í alþjóðlega vísindatímaritinu Environmental Research fyrr á þessu ári, eykst sala á astmalyfjum þegar mikil brennisteinsmengun mælist á höfuðborgarsvæðinu. Í viðtali við Stöð 2 sagði Hanne Krage að sala á lyfjunum ykist um 5-10% á höfuðborgarsvæðinu þá daga sem brennisteinsvetni frá Hellisheiðarvirkjun færi yfir mörk.

55 dagar á ári

Umhverfisstofnun komst í fyrra að þeirri niðurstöðu, í áliti sem sent var Skútustaðahreppi vegna deiliskipulags Bjarnarflagsvirkjunar, að Landsvirkjun væri skylt að hreinsa útblástur í Bjarnarflagi vegna brennisteinsvetnis. Vitnað er til greinargerðar með skipulaginu þar sem fram kemur að 15% líkur séu á að „hlaupandi sólarhrings meðalstyrkur brennisteinsvetnis“ fari yfir heilsuverndarmörk í Reykjahlíð, 50 míkrógrömm á rúmmetra. Ef það gengur eftir má búast við að styrkur brennisteinsvetnis fari yfir heilsuverndarmörk 55 daga á ári í nágrenni virkjunarinnar. Samkvæmt reglugerð er aðeins leyfilegt að fara fimm daga á ári yfir mörkin og aðeins til 1. júlí árið 2014. Eftir það verður ekki leyfilegt að fara yfir mörkin án frekari undanþágu. „Umhverfisstofnun fær því ekki séð að hægt sé að byggja Bjarnarflagsvirkjun nema gert sé ráð fyrir því frá upphafi að brennisteinsvetni sé hreinsað með útblæstri,“ segir í áliti stofnunarinnar.

Kallar á nýja hugsun

Heilbrigðisfulltrúi Norðurlands eystra, Alfreð Schiöth, segir að vísbendingar hafi á undanförnum árum komið fram um að sú orka sem áður var talin græn og sjálfbær sé það ef til vill ekki. „Það þarf að hugsa þetta allt upp á nýtt,“ segir Alfreð. Hann segir að tæknin sé ung, athuganir af skornum skammti og bregðast þurfi við með auknum rannsóknum og fyrirbyggjandi aðgerðum. Ekki dugi að „ana út í óvissuna“ eins og hann orðar það. Heilbrigðisfulltrúinn segir sérstakt áhyggjuefni að við mat á umhverfisáhrifum Hellisheiðarvirkjunar og einnig á Suðurnesjum hafi enginn séð fyrir þau vandamál sem síðan hafi komið upp. Samt séu aðeins örfá ár síðan umhverfismat var gert á þeim virkjunum.

Um Bjarnarflag segir Alfreð að þótt Landsvirkjun hafi horft til niðurdælingar í Mývatnssveit til að minnka áhrif brennisteinsvetnis í andrúmslofti hafi fyrirtækið ekki enn sýnt fram á raunhæfar mótvægisaðgerðir sem útiloka skaða. Óheppilegt sé að óvissa ríki um jarðvarmavirkjanir á ýmsum vígstöðvum á sama tíma og Landsvirkjun hafi óskað eftir að gildistöku reglugerðar um mengunarmörk verði frestað. Erindi þess efnis er nú til skoðunar hjá Umhverfisráðuneytinu.

„Ég held að allir sem koma að málinu fyrir hönd opinberra stofnana geri sér grein fyrir því að við mikinn vanda er að etja,“ segir Alfreð.

Spurningum ekki svarað

Við vinnslu fréttaskýringarinnar voru Landsvirkjun sendar ýmsar spurningar, til dæmis um fyrirhugaðan kostnað við mengunarvarnir í Bjarnarflagi, sjálfbærni, hugsanlega skaðabótaskyldu og fleira. Landsvirkjun svaraði engri spurningu með beinum hætti heldur sendi til upplýsinga greinargerð sem unnin var fyrir nefndasvið Alþingis í haust. Þar segir að komið hafi fram efasemdir um að nægilega vel hafi verið fjallað um áhrif af affallsvatni virkjunar á volga jarðvatnsstrauminn til Mývatns og hugsanlegar afleiðingar af breytingum sem virkjunin gæti valdið á

Framhald á síðu 32

Ekki sátt um rammaáætlun

- Rammaáætlun var tilraun til að koma á sátt um vernd eða nýtingu orkuríkra náttúrusvæða en deilt er um röðun áætlunarinnar í verndar, bið- og nýtingarflokka. Fyrsta jarðvarmavirkjun landsins var gerð í Bjarnarflagi í Mývatnssveit árið 1969, um þrjú megavött, en virkjunin er jafnframt sú minnsta í eigu Landsvirkjunar. Nýting jarðhita, ekki síst hitaveitu sem kyndir híbýli meir en 90% landsmanna, hefur skipt sköpum um aukin lífsgæði Íslendinga en rafmagnsframleiðsla fyrir stóriðju hefur hins vegar lengi verið umdeild. Risu mótmæli hæst vegna þeirra miklu breytinga á náttúruna sem Kárahnjúkavirkjun orsakaði.
- Landsvirkjun stefnir að nýrri virkjun í Bjarnarflagi sem verður þrjátíu sinnum aflmeiri en gamla virkjunin. Tíu fulltrúar af tólf í verkefnisstjórn um rammaáætlun greiddu atkvæði með því að setja Bjarnarflag í virkjanaflokk en sá stuðningur er meðal annars byggður á því að umhverfismat vegna virkjunarinnar fór athugasemdalítið í gegnum kerfið á sínum tíma. Þeir sem efast um kosti stóriðju benda á að matið sé tíu ára gamalt og vilja að fram fari nýtt umhverfismat þar sem fleiri mælikvarðar séu teknir með í reikninginn.

„En þótt þetta sé áskorun er ekki ástæða til að ætla að þetta viðfangsefni setji strik í fyrirætlanir okkar um nýtingu jarðhitans.
Gústaf Adolf Skúlason, aðstoðarframkvæmdastjóri Samorku

Verslaðu jólagjafirnar ódýrt í ár

ALLT AÐ 90% AFSLÁTTUR

20% auka afsláttur á kassa!

RISA ÚTSÖLUMARKAÐUR Á SMÁRATORGI OG SKEIFU

40-90% AFSLÁTTUR

20% AUKA AFSLÁTTUR Á KASSA

FÖNDUR · PARKER PENNAR
BÆKUR · TÖSKUR · BLÖÐRUR
GJAFAPOKAR·GJAFAKORT·LITIR
AFMÆLISGJAFIR · LEIKFÖNG
PÚSL · SPIL · LITABÆKUR



A4 Skeifunni 17



A4 Smáratorgi 1

A4

www.a4.is / sími 580 0010 / sala@a4.is

Framhald af síðu 30

lífríki vatnsins. Einnig hafi Landsvirkjun haft til athugunar hvernig tryggja megi að virkjunin uppfylli loftgæðamörk hvað varðar brennisteinsvetni. Um þetta segir: „Landsvirkjun skoðar nokkrar leiðir til að lækka styrk brennisteinsvetnis frá jarðhitavirkjun í Bjarnarflagi, reynist þess þörf. Á vormánuðum 2012 hófst samstarf við Orkuveitu Reykjavíkur og HS-Orku í þeim málum. Þær aðferðir sem helst eru til skoðunar eru að leysa gasið upp í vatni og dæla því djúpt niður í jörðina eða að flytja útblástursstaðinn til þannig að gasið komist auðveldar upp fyrir hitaskil og fullnægjandi þynning á gasinu fáist.“

Heilbrigðisfulltrúi Norðurlands eystra er ekki viss um að aðstæður henti niðurdælingu í Bjarnarflagi. „Niðurdæling í Bjarnarflagi veltir upp spurningum um þau sjónarmið sem lúta að verndun Mývatns og Laxár,“ segir Alfreð. Ef niðurdæling verður notuð þarf að dæla brennisteinsvetninu niður fyrir grunnvatn og heldur Landvernd því fram að hraunlendi og sprungur á Mývatnssvæðinu kunni að gera strik í reikninginn fyrir þær áætlanir til lengri tíma.

Rannsóknir verði stórauknar

Landsvirkjun segir „nánast óhugsandi“ að virkjun við Bjarnarflag geti haft marktæk áhrif á kísilþörungaflóru Mývatns og náttúru. Staðfest er í greinargerðinni að stefnt sé að 90 megavatta virkjun þótt byrjað verði á 45 megavatta áfanga. Ákvörðun um 2. áfanga virkjunar, seinni 45 megavöttin, verði ekki tekin fyrr en niðurstöður liggja fyrir úr vöktun grunnvatns sem berst til Mývatns og vöktun á hveravirkni í Hverarönd og gufuuppstreymi í Jarðbaðshólum.

Í annarri skýrslu frá Landsvirkjun sem kom út síðastliðið haust um magn brennisteinsvetnis í Reykjahlíð kemur fram að verkfræðistofan Mannvit leggur til að greiningarmörk mælitækja verði skoðuð betur. Einn mengunarmælir hefur verið staðsettur í Reykjahlíðarþorpi um tveggja ára skeið en mælum þurfi að fjölga og standa með nýjum hætti að mælingum. Lagt er til að aðferðir við kvörðun mælinga verði endurskoðaðar og einnig aðferðafræði við úrvinnslu gagna. „Þá væri æskilegt að hafa fleiri mælingar á lofthita og vindi við samanburð veðurfars og styrks brennisteinsvetnis. Í því sambandi má nefna að Landsvirkjun áformar að setja upp fleiri veðurstöðvar á svæðinu. Meðal annars stendur til að setja upp 50 metra mastur til mælinga á lofthita með hæð,“ segir í skýrslunni.

Vegna stóriðjuáforma hefur verið stefnt að byggingu allt að þriggja nýrra jarðvarmavirkjana á Norðausturlandi; Bjarnarflagsvirkjun, virkjun að Þeistareykjum og stækkun virkjunar í Kröflu þar sem fyrir er 60 megavatta jarðvarmavirkjun. Dagarnir 55 sem búast má við að loftmengun fari yfir mörk árlega eru reiknaðir út miðað við 90 megavatta Bjarnarflagsvirkjun og núverandi Kröflustöð án virkjunar á Þeistareykjum. Verkfræðistofan Vatnaskil telur að ef styrkur brennisteinsvetnis í Reykjahlíð verði 15% ársins yfir mörkum þurfi að setja upp hreinsivirki fyrir Bjarnarflagsvirkjun þegar hún verður komin í fulla stærð.



VIÐ BJARNARFLAG Aðgangur er bannaður að lóðinni þar sem verktakar vinna nú jarðvinnu fyrir Landsvirkjun við grunn virkjunarhússins, vestan Námafjalls. Myndin er tekin til suðurs. MYND/BJÖRN P.

Sveitarfélagið veikt fyrir

- Guðrún María Valgeirsdóttir, sveitarstjóri í Mývatnssveit, segir að sveitarstjórn Skútustaðahrepps sé einhuga í stuðningi við virkjunina. Tveir af fimm fulltrúum í sveitarstjórn eru jafnframt starfsmenn Landsvirkjunar. Guðrún María hafnar alfarið framkvæmdastoppi í Bjarnarflagi heldur segir hún að hraða verði eins og kostur er atvinnuuppbyggingu vegna þeirrar hnignunar sem orðið hafi í Mývatnssveit síðan Kísiliðjan hætti starfsemi árið 2004. „Þetta sveitarfélag berst við að halda sér á floti og það verður að koma sem fyrst einhver atvinnustarfsemi sem greiðir almennileg laun og gefur af sér til sveitarfélagsins og þessa svæðis alls,“ segir Guðrún María.
- Sveitarstjórinn er jafnframt landeigandi í Reykjahlíð. Spurð hvort hún hafi sem slík persónulegan hag af samningum við Landsvirkjun vegna Bjarnarflagsvirkjunar segir Guðrún María: „Það er ekki búið að semja um neitt enn, en það er rétt að ég mun sem landeigandi hafa hag af því ef samið verður. Afstaða mín snýst hins vegar ekkert um það heldur hitt að sveitarfélagið verður að standa fyrir einhverju róttæku í atvinnumálum, staðan er einfaldlega þannig,“ segir Guðrún María.

Mjög alvarlegt mál

Á heimasíðu Landsvirkjunar kemur fram að fyrirtækið leggi upp úr sjálfbærri virkjanastefnu. Guðmundur Ingi Guðbrandsson, framkvæmdastjóri Landverndar, segir ekki hægt að tala um sjálfbærni jarðvarmavirkjana, hvorki fyrirhugaða Bjarnarflagsvirkjun né aðrar, þar sem nýting orkunnar til raforkuframleiðslu sé yfirleitt innan við 15%. Hann segir það „mjög alvarlegt mál“ ef magn brennisteinsvetnis fari ítrekað yfir mörk. „Það er því mikill ábyrgðarhlutur að ráðast í virkjun eins og í Bjarnarflagi með þéttbýli í næsta nágrenni og þar með talið grunnskóla. Sú ábyrgð hlýtur að hvíla á herðum sveitarstjórnar.“

Reykjahlíðarskóli, grunnskólinn í Mývatnssveit, stendur 2,8 kílómetra frá Bjarnarflagi. Framkvæmdastjóri Landverndar segir að út frá brennisteinsvetnismengun einni og sér ætti ekki að ráðast í neina jarðvarmavirkjun nálægt byggð fyrr en mun meira sé vitað um heilsufarsleg áhrif lofttegundarinnar. „Í tilfelli Bjarnarflagsvirkjunar verður framkvæmdaaðili að sýna fram á áður en ráðist er í framkvæmdir hvernig eigi að leysa það að magn brennisteinsvetni er talið fara yfir mörk 55 daga á ári. Þetta er ein ástæða þess að Landvernd hefur farið fram á við Landsvirkjun að fyrirtækið endurtaki umhverfismat virkjunarinnar.“

Ómar Ragnarsson, fjölmiðlamaður með meiru, bendir á að niðurdæling við Kröflu hafi ekki tekist betur en svo að þar hafi myndast tjörn um tíu kílómetra frá virkjuninni. Hann segir að þrátt fyrir Ríó-sáttmálann sem kveði á um að náttúra eigi að njóta vafans sé það að engu haft.

Ómar segir að skólinn í Reykjahlíðarþorpi sé innan við þrjá kílómetra frá Bjarnarflagsvirkjun en í samanburði sé Hveragerði í tíu kílómetra fjarlægð frá Hellisheiðarvirkjun í beinni loftlínu og Reykjavík í 20 kílómetra fjarlægð. „Samt stóðust loftgæði í Reykjavík ekki í 40 daga á ári kröfur Kaliforníubúa um loftgæði. Og þá var ekki búið að fullgera Hellisheiðarvirkjun. Nú biðja forráðamenn Hellisheiðarvirkjunar um átta ára frest til þess að leita að aðferð til þess að ráða við brennisteinsvetnismengunina. Og hvað þá?“ spyr Ómar.

Of mikið gert úr hættunni

Samorka, samtök orku- og veitufyrirtækja á Íslandi, er í hópi þeirra sem telja of mikið gert úr neikvæðum umhverfisáhrifum virkjana. Gústaf Adolf Skúlason, aðstoðarframkvæmdastjóri Samorku, segir, spurður hvort samtökin telji að loftmengun kunni að setja strik í fyrirætlanir Íslendinga um nýtingu á jarðvarma, að útstreymi brennisteinsvetnis sé í sjálfu sér ekki óvænt viðfangsefni en „feli vissulega í sér áskorun fyrir jarðhitanýtingu“. Kannski hafi komið á óvart að reglugerð skyldi sett sumarið 2010 um styrk brennisteinsvetnis í andrúmslofti sem feli í sér strangari viðmið en hjá Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni. „En þótt þetta sé áskorun er ekki ástæða til að ætla að þetta viðfangsefni geri strik í fyrirætlanir okkar um nýtingu jarðhitans. Jarðhitanýting er þekkingariðnaður og orkufyrirtækin, ÍSOR og íslenskar verkfræðistofur hafa yfirstigið fjölda áskorana á því sviði hingað til,“ segir Gústaf.

Spurður um lausnir og hvort rétt væri að fresta framkvæmdaleyfum og gera frekari rannsóknir eins og Landvernd leggur til í Mývatnssveit, segir Gústaf lausnir fyrir hendi en þær séu ef til vill ekki í öllum tilfellum mjög hagkvæmar. „Þrjú stærstu fyrirtækin í jarðhitanýtingu hafa nýverið hafið öflugt samstarf um kortlagningu og úrlausnir á þessu sviði. Hins vegar er magn brennisteinsvetnis mjög misjafnt eftir jarðhitasvæðum og þau mjög misjafnlega langt frá þéttbýli, auk þess sem rannsóknir og undirbúningur jarðhitavirkjana er mjög tímafrekt ferli þannig að við sjáum alls ekkert tilefni til slíkrar almennrar stefnumörkunar um að fresta öllum hugsanlegum leyfisveitingum,“ segir Gústaf.

Gústaf er ómyrkur í máli vegna rammaáætlunar og segir að faglegri vinnu verkefnisstjórnar hafi gjörsamlega verið varpað fyrir róða með þeirri tillögu sem nú virðist eiga að afgreiða á Alþingi.

> **Þetta sveitarfélag berst við að halda sér á floti og það verður að koma sem fyrst einhver atvinnustarfsemi sem greiðir almennileg laun og gefur af sér til sveitarfélagsins og þessa svæðis alls.**
> *Guðrún María Valgeirsdóttir sveitarstjóri í Mývatnssveit*

> **Ég held að allir sem komi að málinu fyrir hönd opinberra stofnana geri sér grein fyrir því að við mikinn vanda er að etja.**
> *Alfreð Schiöth heilbrigðisfulltrúi á Norðurlandi eystra*

Skiptar skoðanir Mývetninga

Friðrik Dagur Arnarsson, landvörður og framhaldsskólakennari, sat fyrir hönd náttúruverndarsamtaka í verkefnisstjórn um rammaáætlun frá 2009-2011. Hann segir að ákvörðun um hvort virkjun fékk vernd, lenti í bið eða fékk grænt ljós hafi átt að vera í höndum þeirra tólf fulltrúa sem fengu erindisbréf um þátttöku í undirbúningshópunum en í raun hafi aðeins fámennur hópur ásamt embættismönnum tekið við ferlinu. „Í erindisbréfinu sagði að fulltrúarnir ættu að ráða flokkuninni en á lokasprettinum var það umboð tekið af hópnum. Ég held að langflestar virkjanahugmyndirnar hefðu farið í biðflokkinn ef við, fulltrúarnir í verkefnisstjórninni, hefðum haft umboð til að klára þá vinnu sem byrjað var á, eins og umræðan var alltaf um inni í stjórninni,“ segir Friðrik Dagur.

Ekki hafa margir Mývetningar, búsettir í sveitinni, lýst opinberlega efasemdum um Bjarnarflagsvirkjun. Flestir reynast tregir til að tjá sig opinberlega. Friðrik Dagur, sem á ættir að rekja til Mývatnssveitar, telur eina skýringuna þá að um mjög flókna tæknilega umræðu sé að ræða þar sem leikmenn standi höllum fæti gagnvart orðfæri sérfræðinga.

Sigurður Erlingsson, leiðsögumaður og bóndi sem býr á Grænavatni í Mývatnssveit, segist hafa á tilfinningunni að hinn almenni íbúi þori ekki að tala opinskátt um áhyggjur af virkjuninni en mörgum líði eins og þeir hafi brugðist því hlutverki að gæta náttúrunnar og langtímavelferðar íbúanna sjálfra.

Pétur Snæbjörnsson, hótelstjóri í Reynihlíð, sem býr í Vogahrauni skammt frá Bjarnarflagi, er á allt öðru máli. Hann blæs á áhyggjur vegna mengunar. Reynslan af Krófluvirkjun sýni að niðurdæling verði ekki vandamál við Bjarnarflag. Pétur segist ekki óttast að brennisteinsvetni verði slík hindrun að ekki verði hægt að komast yfir hana.

HÁSKÓLI ÍSLANDS

Greinin er hluti af samstarfsverkefni Fréttablaðsins og nemenda í meistaranámi í blaða- og fréttamennsku við félags- og mannvísindadeild Háskóla Íslands.
Umsjón: Svavar Hávarðsson: svavar@frettabladid.is
Höfundur: Björn Þorláksson: bjorn@akureyrivikublad.is

Fjarlægðir frá virkjunum til byggðra bóla



H:N Markaðssamskipti / SÍA



Hef auðveldari aðgang að netbankanum
Nýti Frístundakort barnanna á Rafrænni Reykjavík
Sé stöðu lána hjá lífeyrissjóðnum

Rafræn skilríki eru engin geimvísindi
bara örugg skynsemi

Hlakka til að kjósa um skipulag hverfisins
Bráðum skrifa ég undir áskorun um þjóðaratkvæðagreiðslu



Líkt og Jói getur þú nýtt þér rafræn skilríki og eitt lykilorð til að opna þér hraðleið að þjónustu yfir hundrað aðila. Upplifðu þægindin við að þurfa ekki að muna mörg notendanöfn og lykilorð. Auðveldaðu þér hlutverkin og prófaðu að nota rafræn skilríki á debetkortinu til að skrá þig af öryggi inn í netbankann.

AUÐKENNI



ERFUM ÁFÖLL „Eitthvað sem amma okkar varð fyrir hefur bein líffræðileg áhrif á líf okkar.“

Lygin getur verið lífsnauðsyn

Hvítfeld er fyrsta skáldsaga **Kristínar Eiríksdóttur**, sem er þekkt ljóðskáld og smásagnahöfundur. Hún hefur verið kölluð „sú besta á svæðinu þessi misserin“ og smásagnasafnið Doris deyr hlaut einróma lof. Hvað olli því að hún fór að skrifa skáldsögu?

Friðrika Benónýsdóttir
friðrikab@frettabladid.is



Mig langaði að vita hvort ég gæti skrifað skáldsögu, maður veit aldrei hvað maður getur nema að prófa. Fannst það bara óskaplega skemmtilegt en ekki eins ólíkt því sem ég hef verið að gera og ég hélt. Fyrir mér er eini munurinn á því að skrifa skáldsögu og smásögu að maður fær lengri tíma með persónunum og tengist þeim betur. Að öðru leyti fannst mér það ekkert svo ólíkt.“

Aðalpersónan, Jenna, er mjög týpísk fyrir þínar persónur, þessi unga kona sem virðist eyða lífinu í sjálfseyðingarhvöt. „Ja, sjálfseyðingarhvöt, ég veit það ekki. Jenna er í rauninni buguð af sjálfsbjargarviðleitni. Hún er bara að reyna að komast af, reyna að lifa eins og fólk gerir. Hluti af því eru lygar og afneitun eins og er svo algengt en fyrir hana hefur það á einhverjum tímapunkti í lífinu orðið nauðsyn. Stundum er það nauðsynlegt að afneita sannleikanum og sjálfum sér að einhverju leyti, bara til þess að meika það.

Hjá Jennu hefur þetta snúist upp í sjálfseyðingu, sem gerist auðvitað oft, sjálfsbjargarmekanismar okkar snúast í höndunum á okkur eins og til dæmis með áfengið. Maður byrjar að drekka af því þá líður manni betur en að lokum er það svo áfengið sem eyðir manni. Einn þráður í bókinni snýst einmitt um það hvernig varnir okkar snúast í höndunum á okkur.“

Erfum áföll fyrri kynslóða

Systir Jennu, Eufemía, er í dópi og rugli en virðist samt vera mun heiðarlegri. „Ég áttaði mig á því á meðan ég var að skrifa að ég var að skrifa um systur sem voru annars vegar lygari og hins vegar þjófur. Til þess að gera grein fyrir þessum systrum þurfti ég auðvitað að skoða hvaðan þær koma og hvers vegna þær urðu svona. Mér finnst þær reyndar báðar vera heiðarlegar. Jenna að því leyti að hún er meðvituð um að hún er að ljúga og Eufemía stelur bara til þess að geta fjármagnað sína neyslu sem hún hvorki felur né fegrar. Þegar ég fór að skoða forfeður þeirra sá ég að þar voru sömu vandamál í gangi, bara miklu betur falin og þar af leiðandi mun meiri óheiðarleiki. Þannig að þær systur eru birtingarmynd fjölskyldumynsturs, eru eiginlega eins og útbrot.“

Hver er grunnhugmyndin að baki sögunni? „Ég er að skoða óheilbrigt fjölskyldumynstur og hef verið að rannsaka hvernig þetta gerist eiginlega. Þegar ég var nýbyrjuð á sögunni rakst ég á grein um rannsóknir sem gerðar hafa verið á erfðaefninu þar sem kom í ljós að við í rauninni erfum áföll. Eða öllu heldur viðbrögðin við áföllum þannig að eitthvað sem amma okkar varð fyrir hefur bein líffræðileg áhrif á líf okkar. Við höfum eitthvað líffræðilegt upplag sem býður upp á ýmsa kvilla og bresti, hvort sem það er alkóhólismi eða einhver geðveiki, en svo spila karakter og aðstæður auðvitað inn í. Þannig að ég fór svolítið að hugsa um að kannski er eitthvert vandamál búið að vera í tiltekinni ætt marga marga liði aftur en enginn hefur tekist á við það. Þannig að persónurnar í nútímanum, Jenna sem segir söguna og systir hennar, fá þetta í hausinn. En þetta er ekkert einfalt því sálfræðin er bæði svo einföld og flókin og ég var mjög upptekin af sálfræði á meðan ég var að skrifa söguna.“

Ekki af annarri dýrategund

Það hefur fylgt kvenpersónum þínum lengi að vera í einhverri uppreisn, jafnvel gegn sjálfum sér. Hefur þetta hvílt á þér lengi? „Þessi áhersla á konur sem eru að díla við sjálfseyðingarhvöt sprettur kannski af því að ég er alki, búin að vera edrú í fimm ár. Þannig að það er kannski ekkert skrýtið að ég skrifi um þannig karaktera. Ég þekki þetta hjá sjálfri mér en nálgunin hjá mér er þannig að ég nota eigin reynslu til að setja mig í spor annarra í kannski gerólíkum aðstæðum en ég sjálf hef upplifað. Ég held í rauninni að við ættum öll að geta fundið til með öllum. Aðalpersónan í þessari bók er dálítið siðblind, mjög narsissísk og í rauninni með persónuleikaröskun. Mér finnst svo áberandi í samtímanum að það er talað um siðblint fólk eins og það sé af annarri dýrategund sem kemur okkur ekkert við.

Málið er hins vegar að þetta eru einstaklingar í samfélaginu okkar sem þjást ofsalega mikið og sem eiga fjölskyldur og vini. Þess vegna hafa þeir áhrif á okkur, vegna þess að við elskum þá. Það var það sem mig langaði að fjalla um og líka að Jenna er ekkert svona að ástæðulausu, það kom eitthvað fyrir hana. Mig langar að búa í samfélagi þar sem við reynum að skilja hvert annað og afskrifum ekki fólk sem tilfinningalaus dýr. Það er alla vega einn póllinn í bókinni.“

Þú ert líka að skrifa um móður Jennu og hvernig hún vinnur úr ofbeldi. Heldurðu að fólk vinni öðruvísi úr þessum málum í dag en fyrir fimmtíu árum? „Já, það er nefnilega að breytast svo ofsalega mikið. Það er ekki langt síðan við byrjuðum að horfa á ofbeldi sem annað og meira en að kýla einhvern í andlitið. Það viðgengst rosalegt ofbeldi í fjölskyldum og það er svo flókið að vinna úr því. Þótt mér þyki ofsalega vænt um þessa ótukt sem Jenna er, þá hefur hún skaðleg áhrif á fólkið í kringum sig. Hún á nefnilega dóttur og það getur ekki verið auðvelt fyrir hana að eiga móður sem getur ekki sagt satt. Svo á eftir að koma í ljós hvort dóttirin getur losnað út úr lygunum og blekkingunum. Það fer alveg eftir því hvort móðirin getur tekið sig á og horfst í augu við sjálfa sig.“

Jenna myndi stela senunni

Hvernig kom þessi persóna til þín? „Það var mjög skemmtilegt. Ég var á litlu gistiheimili í Taílandi í mánuð í fyrra og þar bjó líka maður frá Filippseyjum sem var kompulsívur lygari. Hann bara gat alls ekki sagt satt. Alveg sama hvað var talað um þá hafði hann verið þar, eða upplifað það eða unnið við það. Það var alveg ótrúlegt. Og þá vissi ég að einmitt þannig væri Jenna. Þá small sagan saman.

Það merkilega var að ég lét hann ekkert fara í taugarnar á mér, hann var bara svona og ég tók honum. En ég veit ekki hvort ég yrði jafn þolinmóð við Jennu. Ef ég byði henni í partí færi hún örugglega svakalega í taugarnar á mér, hún myndi stöðugt stela senunni og daðra við manninn minn. Ég er ekki viss um að ég myndi bjóða henni aftur. Á vissan hátt er hún samt auðvitað mjög skemmtileg. Rétt eins og maðurinn frá Filippseyjum segir hún aldrei neitt hversdagslegt.“

Hvernig stendur á því að þú lætur Jennu búa í Texas, hefurðu búið þar sjálf? „Það var einhver gömul pæling hjá mér að skrifa sögu sem gerðist í Bandaríkjunum því ég held að mín kynslóð sé svolítið uppalin í Texas, bandarísku efni er beinlínis þrýst ofan í kokið á okkur og allar áherslur í menningarmálum, arkitektúr og pólitík eru bandarískar. Ég hef aldrei verið í Bandaríkjunum, bara komið til New York, en það hentar Jennu ágætlega að höfundur hennar hafi aldrei komið til Texas. Hún er svona skáldsagnapersóna sem skáldar líf sitt og vill ekkert að raunveruleikinn þvælist fyrir. Það er auðvitað alltaf þannig þegar maður les skáldskap að maður veltir fyrir sér hvað sé skáldað og hvað raunverulegt og ég er svolítið að leika mér með það.“

Fjölskyldan skiptir svo miklu máli

Þú hefur samt verið lengi erlendis, þótt Bandaríkin séu enn ókannað land, ertu alkomin heim? „Já, ég er komin heim og ætla að vera hér. Búin að vera heima í nærri ár. Við Steinar Bragi, maðurinn minn, vorum síðast í nokkra mánuði í Suðaustur-Asíu í fyrra og það sló á ferðaþörfina í bili. Þetta er eiginlega í fyrsta sinn síðan ég var unglingur sem ég hef verið hér heima í einhvern tíma og mér líður vel með það.“

Tilboðin gilda **24.** - **25.** nóvember

Jólabókin leynist í nettó



SKÁLD
EINAR KÁRASON
3.861 KR



STAFRÆN LJÓSMYNDUN
SKREF FYRIR SKREF
5.459 KR



REYKJAVÍKURNÆTUR
3.999 KR



KANTATA
3.856 KR



KRAKKINN SEM HVARF
2.647 KR



ÍSLENSKIR KÓNGAR
4.177 KR



FANTASÍUR
KILJA
1.889 KR



KAFTEINN OFURBRÓK OG TIKTÚRURNAR
2.515 KR



FIMMTÍU DEKKRI SKUGGAR
KILJA
1.998 KR



ÓSJÁLFRÁTT
4.241 KR

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

nettó bækur
Kræsingar & kostakjör

www.netto.is
Mjódd · Salavegur · Hverafold
Höfn · Grindavík · Reykjanesbær
Borgarnes · Egilsstaðir
Selfoss · Akureyri

AFMÆLI Í DAG YKKUR ER BOÐIÐ

Hátíðardagskrá í verslunum 24. nóvember

Eymundsson Austurstræti

14:00 **Frú Vigdís Finnbogadóttir**, verndari Barnaheilla, les fyrir börnin.
15:00 **Skoppa og Skrítla** bregða á leik og segja frá jóladagatali Skoppu og Skrítlu.
15:30 Theodóra Mjöll kynnir bók sína **Hárið** og sýnir fallegar greiðslur.

Eymundsson Skólavörðustíg

11:00 Iðunn Steinsdóttir les úr bók sinni **Varið ykkur á Valahelli**.
11:10 Gunnar Eggertsson les úr bók sinni **Steinskrípin.**
11:20 Þórdís Gísladóttir les úr bók sinni **Randalín og Mundi.**
11:30 Margrét Örnólfsdóttir les úr bók sinni **Aþena að eilífu, kúmen!**
12:00 Kristín Helga Gunnarsdóttir les úr bók sinni **Grímsævintýri.**

Eymundsson Kringlunni Norður

14:00 Theodóra Mjöll kynnir bókina sína **Hárið** og sýnir fallegar greiðslur.
15:00 **Einar Mikael** kemur í heimsókn og kynnir kennslumynd um töfrabrögð.
15:00 Guðrún Bergmann kynnir bók sína **Ung á öllum aldri.**

Eymundsson Kringlunni Suður

12:30 Bergrún Íris Sævarsdóttir les úr bók sinni **Gerðu eins og ég.**
13:00 Kristín Helga Gunnarsdóttir les úr bók sinni **Grímsævintýri.**
14:00 Edda Heiðrún Bachman kynnir bækur sínar **Ása og Erla** og **Vaknaðu Sölvi.**
15:00 **Þórunn Lárusdóttir og félagar** leika og syngja lög af nýrri plötu sinni.
16:00 **Hreimur** kemur í heimsókn og leikur lög af nýrri plötu sinni.

Eymundsson Mjódd

14:00 Sigurveig Káradóttir kynnir bók sína **Súpur allt árið** og gefur smakk

Eymundsson Smáralind

14:00 Huginn Þór Grétarsson les úr bókum sínum **Kobbi kló** og **Fjársjóðskistunni.**
15:00 Áslaug Jónsdóttir les úr bók sinni **Skrímslaerjur.**
16:00 Hilmir Högnason og Gunnar Júlíusson lesa úr bók sinni **Litla Lundapysjan.**
17:00 Bergrún Íris Sævarsdóttir les úr bók sinni **Gerðu eins og ég.**

Eymundsson Hafnarfirði

14:00 Kristín Helga Gunnarsdóttir les úr bókinni **Grímsævintýri.**
15:00 Huginn Þór Grétarsson les úr bók sinni **Myrkfælna tröllið**.
Opið til 18:00 í Eymundsson Hafnarfirði í dag.

Penninn/Eymundsson í Hallarmúla 4.

12:30 Edda Heiðrún Bachman kynnir bækur sínar **Ása og Erla og Vaknaðu Sölvi.**
13:00 Hallfríður Ólafsdóttir kynnir nýja bók sína um **Maxímús Músíkús**

HÁTÍÐARDAGSKRÁIN Á AKUREYRI

14:40 **Höfundar koma í heimsókn**

Dagbjört Ásgeirsdóttir les úr bók sinni **Gummi fer á veiðar**

Brynhildur Þórarinsdóttir les úr bók sinni **Blávatnsormurinn**

Þorgrímur Þráinsson les úr bók sinni **Krakkinn sem hvarf**

EINN HEPPINN AFMÆLISGESTUR FÆR SONY LESTÆKI FYRIR RAFBÆKUR AÐ GJÖF FRÁ EYMUNDSSON Í DAG!



Skemmtum okkur saman og látum gott af okkur leiða!

Allur ágóði seldra barnabóka á 140 ára afmælisdaginn rennur til Barnaheilla. Eymundsson er þátttakandi í Heillakeðju barnanna í nóvember og er sá mánuður tileinkaður 28. grein Barnasáttmála Sameinu þjóðanna sem fjallar um réttindi barna til menntunar.

Barnaheill
Save the Children Iceland

Afmælistilboð á barnabókum gildir í dag 24.11.12



























20% AFSLÁTTUR

AF YFIR 140 NÝJUM BARNABÓKATITLUM Í TILEFNI DAGSINS



Skemmtileg dagskrá og léttar veitingar í öllum verslunum. Verið hjartanlega velkomin.





































Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Suður-Kringla
Norður-Kringla
Álfabakka 14b, Mjódd

Smáralind
Hafnarfirði, Strandgötu 31
Reykjanesbær - Sólvallagötu 2
Flugstöð Leifs Eiríkssonar
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Vestmannaeyjum - Faxastíg 36
PENNINN - Hallarmúla 4
Eymundsson.is

Eymundsson
Bóksali frá 1872
140 ára



Lífsstílssjúkdómar nýr faraldur

Nýr heimsfaraldur er í uppsiglingu, segja læknarnir **Vilmundur Guðnason** og **Karl Andersen.** Faraldurinn leggur fleiri að velli en drepsóttir fyrri alda. Þessir sjúkdómar eru bein afleiðing þess lífsstíls sem við höfum tamið okkur. Vandinn er að sliga heilbrigðiskerfi samtímans og stendur hagvexti í heiminum fyrir þrifum.

Svavar Hávarðsson
svavar@frettabladid.is



Langvinnir sjúkdómar eru banamein 85 prósenta Evrópubúa í dag. Þegar heimurinn allur er skoðaður eru þessir sjúkdómar orsök 65 prósenta allra dauðsfalla. Nýr heimsfaraldur er í uppsiglingu sem sálgar fleiri jarðarbúum en nokkur annar hefur gert síðan drepsóttir geisuðu í byrjun síðustu aldar. Sökudólgarnir eru helst hjarta- og æðasjúkdómar, langvinnir lungnasjúkdómar, krabbamein og sykursýki.

Vandinn er slíkur að hann hamlar hagvexti um allan heim og heilbrigðiskerfi samtímans eru að sligast undir byrðinni. Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin (WHO) hefur skilgreint sjúkdómana sem helstu ógn heimsbyggðarinnar við félagslega og efnahagslega framþróun á 21. öldinni. Við vandanum verður að bregðast með öflugum forvörnum.

Heimsfaraldur 21. aldar

Þetta er megininntak greinar þeirra Karls Andersen, prófessors í hjartalækningum við læknadeild Háskóla Íslands, og Vilmundar Guðnasonar, forstöðulæknis hjá Hjartavernd, í nýjasta tölublaði Læknablaðsins undir fyrirsögninni Langvinnir sjúkdómar: heimsfaraldur 21. aldar.

Karl segir að helstu áhættuþættir langvinnra sjúkdóma séu vel þekktir; tóbaksreykingar, óheilsusamlegt mataræði, hreyfingarleysi og misnotkun áfengis. Þessir fjórir þættir valdi, annaðhvort einir sér eða með öðrum sjúkdómum, eins og sykursýki, háþrýstingi og offitu, meginhluta langvinnra sjúkdóma.

„Á Íslandi hefur verulegur árangur náðst," segir Karl. „Í raun og veru höfum við náð betri árangri en aðrar þjóðir á Vesturlöndum hvað varðar hjarta- og æðasjúkdóma. Dánartíðnin hefur hrapað um allt að áttatíu prósent á 25 til 30 árum. En annað vegur á móti. Krabbameinin hafa ekki lækkað að sama skapi þegar horft er á þann sjúkdómaflokk í heild og aðrir þættir munu í fyrirsjáanlegri framtíð éta upp þennan árangur, aðallega sjúkdómar tengdir offitu og sykursýki," segir Karl, sem segir það sérstakt áhyggjuefni hvernig neysluvenjur barna og ungmenna séu að þróast, og megi sjá samjöfnuð við neyslu í Bandaríkjunum. Ábyrgðin liggur hins vegar víða að hans sögn; einstaklingurinn ber að sjálfsögðu ábyrgð á sinni heilsu en á yfirvöldum hvílir líka sú skylda að skapa heilsusamlegt umhverfi.

Heildarmyndin

Langvinnir sjúkdómar hindra framfarir, hagvöxt og heilbrigði, skrifa þeir Karl og Vilmundur. Fari fram sem horfir munu Vesturlandabúar á næstu tveimur til þremur áratugum búa við vaxandi dánartíðni vegna langvinnra sjúkdóma, sem eru einnig vaxandi vandamál í löndum með lágar til miðlungs tekjur í Mið- og Austur-Evrópu.

„Sjúkdómar þessir auka á ójöfnuð ríkra og fátækra í heiminum og standa í vegi fyrir efnahagslegum framförum í flestum löndum. Langvinnir sjúkdómar leiða til fátæktar, skuldavandi heimila eykst og fjölskyldur sem verða fyrir barðinu á langvinnum sjúkdómi geta fest í vítahring vaxandi skulda vegna heilbrigðiskostnaðar og minni tekjumöguleika. Í mörgum löndum kemur þetta niður á menntun barna og stendur í vegi fyrir félagslegu og fjárhagslegu sjálfstæði þessara fjölskyldna. Þetta stækkar gjána milli ríkra og fátækra í heiminum og eykur ójöfnuð," segir enn fremur í Læknablaðinu. Áhrifin á samfélagið eru líka umtalsverð, telja Karl og Vilmundur. Lægra hlutfall vinnufærra íbúa landa leiðir til minni framleiðni. Útgjöld til heilbrigðismála eru sívaxandi hlutfall útgjalda í flestum löndum heims, en Alþjóðaefnahagsráðið skilgreinir langvinna sjúkdóma sem eina helstu ógn við efnahagslegar framfarir í heiminum í dag. Það sama er uppi á teningnum á Íslandi.

Forvarnir

En hvað er til ráða? Í grein þeirra Vilmundar og Karls segir að í forvörnum megi beita tvenns konar aðferðafræði; skimun fyrir einstaklingum í mikilli áhættu, og forvörnum sem beinast að almenningi, sem þeir kjósa að kalla lýðgrundaðar forvarnir.

Á sama tíma og skimun skilar miklum árangri, samanber starf Hjartaverndar og Leitarstöðvar Krabbameinsfélagsins, er hið síðarnefnda áhrifameiri aðferð. Það hefur reynsla síðustu ára sýnt. Inngripið felst í almennri íhlutun í umhverfi allra í samfélaginu, og taka þeir dæmi af hollustuvernd, mengunarvörnum og matvælaeftirliti. Þegar kemur að langvinnum sjúkdómum er til dæmis hafið yfir allan vafa að tóbaksreykur er skaðlegur heilsu manna og leiðir til æðakölkunarsjúkdóma, heilaáfalla, krabbameina og langvinnrar lungnateppu, svo eitthvað sé nefnt. Sýnt hefur verið fram á að stóran hluta þeirrar lækkunar sem hefur orðið á dánartíðni vegna kransæðasjúkdóma má þakka því að færri reykja í dag en áður, þegar litið er 25 ár aftur í tímann.

> **„Í raun og veru höfum við náð betri árangri en aðrar þjóðir á Vesturlöndum hvað varðar hjarta- og æðasjúkdóma. Dánartíðnin hefur hrapað um allt að 80% á 25 til 30 árum.**
> *Karl Andersen, prófessor við Háskóla Íslands*

Rannsóknir hafa sýnt að inngrip sem þessi í líf almennings eru fljótleg, árangursrík og ódýr leið til að vinna gegn langvinnum sjúkdómum.

Heilsupólitík

Karl segir að í löndum Evrópu fari 98 prósent útgjalda til heilbrigðismála í meðferð sjúkdóma en aðeins tvö prósent í forvarnir. „Það er alltaf verið að lappa upp á þakið en ekki gengið frá því almennilega svo það sé ekki lekt. Þetta er vandamál víða og ekkert öðruvísi hjá okkur," segir Karl.

Á Íslandi getur hver sem er gengið inn af götunni og látið rannsaka heilsu sína, til dæmis hjá Hjartavernd og Krabbameinsfélaginu, ef ættarsaga bendir til þess að viðkomandi sé líklegur til þess að veikjast snemma á ævinni. Rannsóknirnar fylgir kostnaður sem er að engu leyti niðurgreiddur af hinu opinbera; sjúkratryggingar taka engan þátt í þessum kostnaði. „Flestir fá hins vegar hluta eða allan þennan kostnað greiddan af sínu stéttarfélagi. En, síðan þarf fólk að greiða skatt af þeirri upphæð sem styrkur stéttarfélagsins var. Ríkið er því í raun og veru að skattleggja forvarnir. Þetta er ekki í lagi," segir Karl, „af því að ríkið ætti í raun að hvetja fólk til þess að láta taka út heilsu sína en ekki letja með skattlagningu."

CHEVROLET

CHEVROLET CAPTIVA:

„Ég á heima á Íslandi“

Chevrolet Captiva sportjeppinn er hlaðinn aukabúnaði sem eykur getu hans og akstursánægju við erfiðustu aðstæður. Hann bregst við náttúruöflunum eins og innfæddur. Þess vegna er hann einn vinsælasti jeppinn á landinu. Íslendingar þekkja Captiva; hann á heima á Íslandi!



Bíll á mynd: Chevrolet Captiva LTZ

Chevrolet Captiva LT • Verð kr. 6.390 þús.
Chevrolet Captiva LTZ • Verð kr. 6.990 þús.

380 þúsund króna vetrarpakki fylgir með

Hluti af staðalbúnaði Captiva LT: 2.2L / 184 hestafla vél • 7 sæta • 17” álfelgur • 6 þrepa sjálfskipting • Bluetooth samskiptakerfi Brekkubremsa • Stefnuljós í hliðarspeglum • Fjarstýrðar samlæsingar með þjófavörn • Aðgerðarstýri • Rafmagn í rúðum og hliðarspeglum • Hljómflutningstæki með USB tengi • Aksturstölva • Tölvustýrð miðstöð með loftkælingu • Fjaropnun á afturhlera • Upphitanlegir hliðarspeglar • Nálægðarskynjarar í afturstuðara og fleira og fleira.

Aukalega í Captiva LTZ: Leðuráklæði á 7 sætum • Rafmagn í sætum • Topplúga • 18” álfelgur • 8 hátalarar • Dökkar afturrúður Titanium litaðir þakbogar og hurðahúnar • Hreinsibúnaður á aðalaljósum • Állituð hlífðarpanna • Nálægðarskynjari í framstuðara

Verið velkomin í reynsluakstur og kaffi
Opið laugardag frá kl. 12-16

Bílabúð Benna
Sérfræðingar í bílum

Tangarhöfða 8 • 590 2000 | Njarðarbraut 9 • Reykjanesbæ • 420 3330 | Bílaríki • Glerárgötu 36 Akureyri • 461 3636 | www.benni.is

Illska þykir allra best

Jólabókaflóðið er skollið á með öllu tilheyrandi, þar á meðal hinum árlega samkvæmisleik þar sem fundinn er kostur og löstur á bókakápum vertíðarinnar. Fréttablaðið fékk nokkra álitsgjafa til að vega og meta bókakápurnar í ár.

UMDEILDAR KÁPUR

Um sumar kápur voru álitsgjafar nær einróma en um aðrar voru skiptar skoðanir. Þannig þóttu sumum kápur bæði Illsku og Undantekningarinnar ekki upp á marga fiska. „Maður fær nú bara illt í augun við að handfjatla þennan grip," sagði Roald Eyvindsson um Illsku. „Vekur upp minningar um bókakápur á verkum Fay Weldon frá 9. áratug 20. aldar – og það eru ekki meðmæli!"

Á hinn bóginn þótti sumum Ár kattarins og Ósjálfrátt dæmi um velheppnaðar kápur. „Litirnir á þessari kápu virka vel saman og hlutföllin líka," sagði Vigdís Þormóðsdóttir um Ósjálfrátt. „Enn fremur er gaman að vera minntur á tilvist hluta, eins og ritvéla, sem einu sinni þóttu sjálfsagðir en eiga nú heima á safni. Það er dálítið eins og að stíga inn í tímavél."

Fleiri umdeildar kápur:

Íslenskir kóngar eftir Einar Má Guðmundsson.
Hönnun kápu: Alexandra Buhl.



„Þessi kápa stendur algjörlega upp úr í ár. Ekki nóg með að hún skeri sig úr fjöldanum með því að vera frumleg, fögur, stílhrein og töff, þá er hitt mikilvægara að þessi sniðuga og fallega mynd af ættartrénu talar beint til manns með sterku myndmáli sem vekur hugrenningartengslin írónía, klíkuskapur, ættarveldi, hroki – sem er í fullkomnu samræmi við innihald bókarinnar." *Brynja Þorgeirsdóttir*

„Við fyrstu sýn er þetta hræddur, úrsérvaxinn kolkrabbi. Ef sú er ætlunin hefði kannski mátt útfæra hana aðeins betur." *Brynhildur Björnsdóttir*

Milla eftir Kristínu Ómarsdóttur.
Hönnun kápu: Emilía Ragnarsdóttir.



„Ég er enn ekki viss hvort mér finnst þetta rosalega flott eða ofboðslega ljótt. Hallast að hinu fyrrnefnda samt og kápa sem á annað borð getur vakið þessar tvíblendnu tilfinningar á heiður skilinn." *Ólafur Sindri Ólafsson*

„Þessi kápa höfðar ekki til mín og segir mér lítið." *Hilda Jana Gísladóttir*











BESTU KÁPURNAR

1. SÆTI
Illska eftir Eirík Örn Norðdahl.
Hönnun kápu: Alexandra Buhl.

„Ég var á báðum áttum með þessa kápu en féll fyrir henni að lokum." *Örn Úlfar Sævarsson.*

„Fallegir litir og flott hönnun. Allt við þessa kápu vekur forvitni, óspennandi tannburstaglas í miðju listaverki, „ídyllískt" landslagið á kaldranalegum baðherbergisveggnum og hvert er þessi pínulitli bréfbátur að sigla?" *Brynhildur Björnsdóttir*

„Hvernig tengist þessi aðlaðandi landslagsmynd með vaski og tannbursta illsku? Vel heppnuð hönnun sem ætti að moka lesendum að bókinni." *Vigdís Þormóðsdóttir*

„Ein flottasta kápan í ár. Ævintýraheimurinn á bak við hversdagslegan vaskinn og glasið með tannburstanum er áhrifaríkt á lágstemmdan hátt." *Valur Grettisson*

„Langflottasta bókakápan. Algert listaverk. Draumkennd og súrrealísk, einföld en samt uppfull af einhverju sem mann langar að skoða nánar." *Júlía Margrét Alexandersdóttir*

2. SÆTI
Bjarna-Dísa eftir Kristínu Steinsdóttur.
Hönnun kápu: Alexandra Buhl.

„Litirnir eru fallegir og heillandi hvernig konan er mótuð af landinu og landið eða kortið af henni. Flott kápa." *Brynhildur Björnsdóttir*

„Fallegt letur, einföld og heillandi útfærsla, ljúfir litir – bókarkápa sem þröngvar sér ekki upp á skilningarvitin en er lokkandi og stendur upp úr í bókaflóðinu." *Þórhildur Ólafsdóttir*

„Litirnir tóna vel saman og notkunin á Íslandskortinu fer vel við efni bókarinnar. Letrið í sjálfum titlinum er svolítið ofnotað í ár, fór til dæmis líka vel á Fantasíubókinni." *Æsa Guðrún Bjarnadóttir*

„Flott andstæðuspil – tilfinningar gegn staðreyndum." *Ásgrímur Sverrisson*

3.-4. SÆTI
Boxarinn eftir Úlfar Þormóðsson.
Hönnun kápu: Jón Ásgeir Hreinsson.

„Ég er alltaf hrifin af svona retró-ljósmyndum og svo kallast hún fallega á við efnið." *Maríanna Clara Lúthersdóttir*

„Ótrúlega flott ljósmynd og gefur margt til kynna um efni bókarinnar. Maður leggur allan mögulegan skilning í kápuna aðra en þann sem hún vísar augljóslega til, það er að segja íþróttarinnar sjálfrar. Kápa sem kýlir þig kaldan." *Valur Grettisson*

3.-4. SÆTI
Rof eftir Ragnar Jónsson.
Hönnun kápu: Ragnar Helgi Ólafsson.

„Klassískt mótív þar sem titill og myndræn útfærsla kallast á. Sker sig vel frá öðrum á bókahlaðborðinu með sterku og einföldu myndmáli." *Ásgrímur Sverrisson*

„Þetta finnst mér flott hönnun, tók eftir henni um leið. Flott mynd, flott framsetning – kápan dregur mig að sér. Ég strauk yfir hana í bókabúð um daginn til að athuga hvort skilin sem sjást í miðjunni séu í alvörunni. Bók sem fær mann til að snerta sig kemur manni til." *Þórhildur Ólafsdóttir*

5. SÆTI
Undantekningin eftir Auði Övu Ólafsdóttur.
Hönnun kápu: Ragnar Helgi Ólafsson.

„Oftast er það einfaldleikinn sem virkar best og hér er guð í smáatriðunum. Texti og myndir eru þrykkt beint framan á bókina sjálfa sem er því í raun kápulaus. Einföld og látlaus myndbygging sem gerir lesandann forvitinn." *Arnór Bogason*

„Petta er ein af allra fallegustu kápunum, þessi vínrauði litur, léreft og þrykk skapar löngun til að strjúka bókinni. Hún fær smá mínus fyrir að minna um of á fallegustu kápu síðasta árs, Jarðnæði eftir Oddnýju Eir Ævarsdóttur." *Brynja Þorgeirsdóttir*

„Þessi kápa þykir mér alveg æðisleg, kvenleg, falleg og mjúk viðkomu. Kápan er eiginlega punkturinn yfir i-ið á þessari yndislegu bók. Ég myndi velja hana flottustu kápu ársins." *Hilda Jana Gísladóttir*











VERSTU KÁPURNAR

1. SÆTI
Húsið eftir Stefán Mána.
Hönnun kápu: Emilía Ragnarsdóttir.

„Höfundur má þakka fyrir að landsmenn virðast ekki láta val sitt á lesefni ráðast af umgjörðinni. Gamaldags kápa sem gerir út á nafn höfundar með hallærislegri útkomu." *Roald Viðar Eyvindsson*

„Óvanalegt feilspor hjá annars flottum hönnuðum á vegum Forlagsins. Mér finnst þessi eiginlega bara frekar viðvaningsleg." *Æsa Guðrún Bjarnadóttir*

„Vissulega draugaleg kápa og segir manni strax að um spennusögu sé að ræða, en fær stóran mínus fyrir ófrumleika og flatneskju." *Þórhildur Ólafsdóttir*

„Þessi blanda fer ótrúlega hallærislega saman, eldur, hvítir draugastafir og svo klisjukenndur titillinn. Í raun minnir kápan á lélega hrollvekju frá níunda áratugnum." *Valur Grettisson*

„Góður drengur og hörku höfundur. En þessi kápa er ekki fyrir minn smekk." *Andrés Jónsson*

2. SÆTI
Íslendingablokk eftir Pétur Gunnarsson
Hönnun kápu: Jón Ásgeir Hreinsson

„Pétur Gunnarsson, sá afbragshöfundur, á betra skilið en þetta ósannfærandi og óspennandi klastur." *Ásgrímur Sverrisson*

„Sniðug hugmynd í orði kveðnu, en foxljótt í framkvæmd." *Örn Úlfar Sævarsson*

„Þetta er voða ljótt. Þetta minnir mig á einhverja gamla auglýsingu... fyrir jógúrt – gæti það verið?" *Maríanna Clara Lúthersdóttir*

„Þessi kápa er svo vond að hún er næstum góð. Perlan sem geimskip. Ha ha ha." *Vigdís Þormóðsdóttir*

3.-4.SÆTI
Vestfirskar konur í blíðu og stríðu 3. Finnbogi Hermannsson tók saman.
Hönnun kápu: Nína Ivanova.

„Fæst orð hafa minnsta ábyrgð. Vestfirskar konur eiga svo miklu betra skilið." *Örn Úlfar Sævarsson*

„Þetta er glæsileg kona – en maður hlýtur að spyrja sig af hverju hún er í galakjól þarna uppi á bjarginu. Henni lítur út fyrir að vera kalt. Svo er umgjörðin eitthvað voða mis..." *Maríanna Clara Lúthersdóttir*

3.-4. SÆTI
Ár kattarins eftir Árna Þórarinsson.
Hönnun kápu: Jón Ásgeir Hreinsson.

Lítur út eins og hálfmeltur köttur í maga. Það er líklega ekki hughrifin sem skáldið er að vonast eftir. Kattarauga í gotnesku líki að gráta blóði. Er það ekki full dramatískt? *Valur Grettisson*

5. SÆTI
Ósjálfrátt eftir Auði Jónsdóttur.
Hönnun kápu: Lubbi.

„Aftur fær finn höfundur slæma grafíska meðferð. Skelfilega fráhrindandi og klúðurslega samansett." *Ásgrímur Sverrisson*

„Hugmyndin var þegar orðin klisja þegar ritvélin á myndinni kom af færibandinu. Bónusstig fyrir að útfæra klisjuna illa líka." *Ólafur Sindri Ólafsson*

Álitsgjafar Fréttablaðsins

Andrés Jónsson almannatengill
Arnór Bogason grafískur hönnuður
Ásgrímur Sverrisson dagskrárstjóri í Bíó Paradís
Brynhildur Björnsdóttir dagskrárgerðarkona
Brynja Þorgeirsdóttir dagskrárgerðarkona
Hilda Jana Gísladóttir dagskrárstjóri á N4
Júlía Margrét Alexandersdóttir blaðamaður á Morgunblaðinu
Ólafur Sindri Ólafsson þýðandi
Maríanna Clara Lúthersdóttir leikkona
Roald Viðar Eyvindsson blaðamaður
Stígur Helgason blaðamaður á Fréttablaðinu
Valur Grettisson blaðamaður á Vísi
Vigdís Þormóðsdóttir fjölmiðlafræðingur
Þórhildur Ólafsdóttir dagskrárgerðarkona og dómari í Gettu betur
Æsa Guðrún Bjarnadóttir bókmenntafræðingur
Örn Úlfar Sævarsson hugmyndasmiður hjá Fíton

KRÓNAN

– fyrst og fremst ódýr!



30% afsláttur



25% afsláttur

1099 kr. kg
Verð áður ~~1469~~ kr. kg
Grísakótilettur

25% afsláttur

1598 kr. kg
Verð áður ~~2248~~ kr. kg
Grísalundir, erlendar



637 kr. kg
Verð áður ~~849~~ kr. kg
Grísahakk

Ódýrt!



2688 kr. kg
Fjalla hangilæri, úrbeinað



1995 kr. kg
Fjalla hangiframpartur, úrbeinaður



1398 kr. kg
Krónu hamborgarhryggur

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl

EXPO • www.expo.is



Coca-Cola

KAUPAUKI

2012

Hátíðarkökur fylgja með kaupum á kippu af 4x2L Coke*

MEÐ HVERRI KIPPU



4x2L

FÆRÐ ÞÚ



1 kökubox

998 kr. pk.

* Gildir um 4x2L Coke, Coke light eða Coke Zero á meðan birgðir endast

'Coca-Cola' , the design of the 'Coca-Cola' red disc icon, contour bottle and Santa are trademarks of the Coca-Cola Company. ©2012 The Coca-Cola Company

Krónan Árbæ | Krónan Mosó | Krónan Höfða | Krónan Granda | Krónan Akranesi | Krónan Breiðholti | Krónan Lindum | Krónan Vestmannaeyjum | Krónan Reyðarfirði | Krónan Hvaleyrarbraut | Krónan Reykjavíkurvegi | Krónan Selfossi

ALLT Í BAKSTURINN



Ariete

ÍS- OG JÓGÚRTVÉL



Ariete 635
Ís -og jógúrtgerðarvél. Hraðfrystandi skál með tvöfalda einangrun. Auðvelt að taka í sundur. Tekur 1,2L.

VERÐ **10.995**
FRÁBÆRT VERÐ

SEVERIN



Severin HM3827
Einfaldur 200w handþeytari með 5 hröðum. Hnoðarar fylgja.

VERÐ **2.995**
FRÁBÆRT VERÐ

MELISSA



Melissa 646094
Lítill 140w hakkari með ryðfríum stál hníf og öryggisrofa. Góður fyrir lauk ofl.

VERÐ **2.995**
FRÁBÆRT VERÐ

MELISSA



Melissa 646170
Töfrasproti með skál, mæliglasi og þeytara. 2 hraðar.

VERÐ **4.995**
FRÁBÆRT VERÐ

MELISSA



Melissa 646039
200w handþeytari á standi með 2L skál. 5 hraðastillingar.

VERÐ **5.995**
FRÁBÆRT VERÐ



IBILI 750902
Ibili rjómasprauta. Tekur 250ml. Stál.

VERÐ **6.995**
FRÁBÆRT VERÐ

KENWOOD



Kenwood HBM711
700w töfrasproti með einum hraða og túrbó. 750ml ílát. 1,15 kg.

VERÐ **9.995**
FRÁBÆRT VERÐ

Ariete



Ariete 1784
Einföld 500w matvinnsluvél með 2ja lítra skál. 2 hraðar og púls. Stál hnífur.

VERÐ **8.995**
FRÁBÆRT VERÐ

KENWOOD



Kenwood BM210
600w brauðvél sem tekur 7-900grömm. Einföld í notkun. Seinkun allt að 13 tímar. Heldur heitu í 1 klst.

VERÐ **19.995**
FRÁBÆRT VERÐ

multipro compact

KENWOOD



Kenwood FPM250
Ltil og nett 750w matvinnsluvél úr burstuðu stáli. Skálin tekur 2,1 lítra og blandarinn sem fylgir tekur 1,2 lítra og með fylgir sítruspressa, þeytari, hnoðari og þrjú rifjárn.

VERÐ **19.995**
FRÁBÆRT VERÐ

KENWOOD



Kenwood FP925
1000w Pro matvinnsluvél með 1,5l glerblandara. Dual Drive multi Pro system. Hraðastillir. 3l skál. Ryðfrír sterkur hnífur. Safapressa. Hágæða burstað málm body. Margir aukahlutir.

VERÐ **39.995**
FRÁBÆRT VERÐ

KENWOOD



Kenwood KM282
900w Prospero hrærivél með 4,3 l skál úr ryðfríu stáli. Sítruspressa, matvinnsluvél og glerblandari fylgja ofl.

VERÐ **39.995**
FRÁBÆRT VERÐ



KENWOOD

Kenwood KM336
Vönduð 800w Kenwood Chef Classic HRÆRIVÉL með 4,6 lítra skál úr ryðfríu stáli, K-járni, hnoðara, þeytara og hraðastilli. Heldur alltaf jöfnum styrk.

VERÐ **49.995**
FRÁBÆRT VERÐ



wilfa

Wilfa KW4
Nett eldhúsvog úr ryðfríu stáli með stórum skýrum LCD skjá. Gúmmí fætur. 1g - 5000g vigtun. Mæli einingar: g /oz.



VERÐ **4.995**
FRÁBÆRT VERÐ

ÚRVALIÐ ER HJÁ OKKUR



Philips 32HFL5573D
32" Smart LED sjónvarp með Full HD Pixel Plus HD, 400 Hz Perfect Motion Rate. NetTV. Stafrænum DVB-C, DVB-T, DVB-T2 móttakara. 3x USB, HDMI, Ethernet, Optical út, VGA & CI rauf, EasyLink o.fl.

Full HD LED · Pixel Plus HD · 400 Hz Perfect Motion Rate · DVB T C Terrestrial/Cable · NetTV

Full HD 1080p

VERÐ **109.995**
FRÁBÆRT VERÐ



Philips 42PFL3007T
- 42" LCD sjónvarp
- Full HD 1920x1080p upplausn
- 100 Hz Perfect Motion Rate
- Digital Crystal Clear
- Ljósnemi fyrir birtu í rýminu
- Stafr. DVB-C, DVB-T, DVB-T2 móttakari
- 3x HDMI, USB tengi og EasyLink o.fl.

VERÐ **129.995**
FRÁBÆRT VERÐ



Philips 42PFL3507T
- 42" LED sjónvarp
- Full HD 1920x1080p Digital Crystal Clear
- 100Hz Perfect Motion Rate
- Ljósnemi fyrir birtu í rýminu
- Stafrænn móttakari
- Skype og Wifi möguleiki
- Youtube og DLNA nettenging og EasyLink
- 3x HDMI og 2x USB, Ethernet, VGA og CI rauf

VERÐ **149.995**
FRÁBÆRT VERÐ



Philips 32PFL3107H
- 32" LED Sjónvarp
- HD 1368 x 768 Digital Crystal Clear myndvinnsla
- 100 Hz Perfect Motion Rate
- 20 W RMS hljóðkerfi
- USB tengi styður AVI, MKV, H264, MPEG1/2/4 o.fl.
- Styður MP3, WMA og AAC sem og JPEG ljósmyndir
- 3x HDMI, Scart, Component og heyrnatólstengi

VERÐ **89.995**
FRÁBÆRT VERÐ



Philips 22HFL3232D
22" HD-Ready LED sjónvarp með Digital Crystal Clear og 1366 x 768p upplausn. Háskerpu stafrænn DVB-T móttakari (MPEG4). 6w RMS Incredible Surround hljóðkerfi. USB, HDMI, VGA, heyrnatólstengi o.fl.

VERÐ **49.995**
FRÁBÆRT VERÐ

SEX VERSLANIR UM LAND ALLT

Heimilistæki ht.is

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT

HAFNARGÖTU 90 **REYKJANESBÆ** S: 414 1740 • EYRARVEGI 21 **SELFOSSI** S: 480 3700 • GARÐARSBRAUT 18A **HÚSAVÍK** S: 464 1600 • GLERÁRGÖTU 30 **AKUREYRI** S: 460 3380 • KAUPVANGI 6 **EGILSSTÖÐUM** S: 414 1735 • SUÐURLANDSBRAUT 26 **REYKJAVÍK** S: 569 1500

Verð alltaf Íslendingur innst inni

Sindri Þór Jakobsson gerðist norskur ríkisborgari fyrir tveimur árum og hann er nú þegar fremsti flugsundsmaður Norðmanna. Skagamaðurinn tók sér frí frá sundinu eftir að æfingafélagi hans féll frá með sviplegum hætti. Sindri var sá fyrsti sem kom að Alexander Dale Oen þar sem hann lá meðvitundarlaus á hótelherbergi í Bandaríkjunum.

Sigurður Elvar Þórólfsson
seth@frettabladid.is





MYND/CHRIS RONALD HERMANSEN, FANAPOSTEN

Það var töluvert fjallað um það í fjölmiðlum þegar Sindri Þór Jakobsson tók þá ákvörðun að sækja um norskt ríkisfang – og hætta þar með að keppa fyrir Íslands hönd. „Ég sakna Íslands og ég verð alltaf Íslendingur innst inni, og það var alltaf markmiðið hjá mér að standa á verðlaunapalli á Ólympíuleikum fyrir Íslands hönd. Það var erfið ákvörðun fyrir mig að sækja um norskt ríkisfang en ég taldi það vera besta kostinn fyrir mig. Ástandið á Íslandi var með þeim hætti. Það er gert meira fyrir afrekssundmenn hér í Noregi en á Íslandi," sagði Sindri þegar Fréttablaðið ræddi við hann í vikunni. Hann dáist að dugnaðinum hjá íslenska sundfólkinu sem þurfti að greiða allt að 300.000 krónur úr eigin vasa til þess að komast á Evrópumeistaramótið í 25 metra laug sem nú stendur yfir.

„Það er mikill aðstöðumunur hvað slíka hluti varðar ef ég miða við Noreg. Hér í Noregi er allur slíkur kostnaður greiddur af félaginu sem maður keppir fyrir eða norska sundsambandinu. Hvað varðar peningamálin þá er varla hægt að bera þetta saman. Ég get ekki lifað af þeim peningum sem ég fæ fyrir að vera í sundinu en það er enginn kostnaður sem ég þarf að greiða. Ég fæ styrki hér og þar en ég þarf að ná betri árangri til þess að komast í þá stöðu að geta lifað af sundinu. Ef ég hefði komist á Ólympíuleikana í sumar þá hefði ég fengið styrk frá Olympiatoppen og það hefði dugað til að geta lifað af sundinu. Það er fáránlegt að þurfa að borga kostnað sem fylgir því að keppa fyrir landið sitt. Ég hef hitt marga á keppnisferðum á undanförum árum og ég held að það sé bara á Íslandi þar sem landsliðsmenn þurfa að borga fyrir keppnisferðir."

Reynslunni ríkari

Árið 2012 hefur verið viðburðaríkt hjá Sindra og hann segist vera reynslunni ríkari. Og sviplegt andlát eins besta sundmanns heims, Alexanders Dale Oen, hafði mikil áhrif á Sindra.

„Ég hef ekkert æft í tvo mánuði og ég er núna í námi meðfram vinnu. Það gerðist svo mikið á þessu ári og ég hef verið að hugsa mikið um hvað ég vil gera. Þegar maður missir félaga sinn og vin þá fer maður að hugsa um margt annað sem er í lífinu. Það er ekki bara sundið sem er mikilvægt. Ég fór að hugsa um slíkt eftir að Alexander lést. Við vorum æfingafélagar, herbergisfélagar í keppnisferðum og miklir vinir. Þegar Alexander dó fór maður að hugsa hvort þetta væri allt saman þess virði. Það fór ótrúlega mikil orka í allt sem þessu fylgdi og ég missti aðeins einbeitinguna og fókus á sundið í kjölfarið. Ég keppti á Evrópumeistaramótinu tveimur vikum seinna. Og það var skrítið. Þegar ég fór á norska meistaramótið í sumar þá langaði mig eiginlega ekkert að keppa. Mér fannst tómlegt og undarlegt að koma í sundlaugina til þess að keppa án þess að Alex væri þar. Ég keppti þrátt fyrir það."

Átti erfitt með að trúa þessu

Sindri var einn sá fyrsti sem kom að Alexander þar sem hann lá meðvitundarlaus á baðherbergisgólfinu. Sundmaðurinn ungi leynir því ekki að það sé erfitt að rifja þetta atvik upp.

„Það var frídagur hjá okkur. Ég fór að versla og Alexander fór í golf. Við hittumst síðdegis á herberginu og allur hópurinn ætlaði út að borða saman. Alexander fór í sturtu og ég fór að horfa á NBA-körfuboltaleik ásamt Sverre, félaga okkar úr landsliðinu, inni á herberginu mínu og Alexanders. Tíminn leið og mér fannst Alexander vera mjög lengi í sturtu. Ég kallaði á hann, fékk ekkert svar, og ég prófaði að slökkva ljósin inni á baðherberginu, en það komu engin viðbrögð. Okkur fannst þetta mjög skrítið og við vissum að það var eitthvað að. Sverre hafði keypt veiðihníf í verslunarferðinni og við notuðum hann til þess að brjóta upp læsinn á baðherbergishurðinni. Þegar við komumst inn þá lá Alexander þarna á gólfinu. Ég hljóp strax út til þess að ná í lækni og þjálfarana og þeir voru komnir eftir nokkrar sekúndur. Þá hófst endurlífgunin. Ég trúði því ekki að heimsmeistarinn í sundi myndi falla frá með þessum hætti. Ég hef reynt að hugsa sem minnst um þetta atvik og reyni frekar að muna eftir góðu stundunum sem ég átti með Alexander."

Eins og áður segir hefur Sindri ekki æft sund að undanförnu en hann hefur tekið ákvörðun um að halda áfram að æfa og komast á Ólympíuleikana í Brasilíu árið 2016.

„Á undanförnum mánuðum hef ég velt ýmsu fyrir mér. Ég ætla að byrja æfingatörnina heima á Íslandi í byrjun janúar. Það er einnig á dagskrá að ég fari til Suður-Afríku næsta sumar og verði þar meira eða minna í heilt ár. Ég þarf nýjar áskoranir, Það sem ég ætla að gera er að æfa með ólympíumeistaranum Chad le Clos en hann sigraði í 200 metra flugsundinu á ÓL í London og hann varð annar í 100 metra flugsundi. Þetta er spennandi og ég fæ þarna nýja þjálfara sem eru með allt aðrar væntingar til mín, og ég fæ ný viðmið ef ég æfi með þeim allra besta." Skagamaðurinn hikar aðeins þegar hann er inntur eftir því hvort hann mæli með því að íslenskt afrekssundfólk feti í hans fótspor og gerist norskir ríkisborgarar.

„Það er ekkert auðvelt að gerast norskur ríkisborgari. Maður þarf að vera hér í fimm ár áður en maður getur sótt um. Ef ég hugsa um peningahliðina á þessu öllu saman þá er það kostur að vera norskur. En ég er og verð alltaf Íslendingur, það breytist aldrei."

➜ Sindri Þór Jakobsson Sindri Þór er fæddur árið 1991 á Akranesi. Flutti til Noregs fyrir sjö árum með móður sinni og fósturföður, Sigurlínu Þorbergsdóttur og Ómari Þorsteini Árnasyni. Jakob Halldórsson er faðir Sindra og Sindri á fimm systkini. Sindri, sem hefur verið norskur ríkisborgari í tvö ár, á enn Íslandsmetið í 50 metra laug í 200 metra flugsundi, 2:02,97 mín. Hann á Noregsmetið í þessari grein, 2:00, 96 mín, og einnig í 100 metra flugsundi í 25 metra laug, 53,29 sek.



Yoganámskeið og sveiflugreining í golfi

Heilsustofnun býður upp á Yoganámskeið fyrir golfáhugafólk og keppnisfólk. Um er að ræða helgardvöl fyrir pör eða einstaklinga sem vilja ná góðum tökum á einbeitingu í daglegu lífi sem síðan nýtist m.a. við golffimi af ýmsu tagi.

Dvalið er frá föstudegi til sunnudags, gist í íbúð eða í vel búnum eins og/eða tveggja manna herbergjum á Perluströnd. Allur matur er innifalinn auk aðgangi að baðhúsinu Kjarnalundi, sundlaugum, heitum pottum, nuddpotti, víxlböðum og gufuböðum.

Yoganámskeið er á dagskrá á meðan dvöl stendur. Lagt er upp með yogaæfingum og kennsla er innifalin sem nýtist þátttakendum í framhaldi af námskeiði. Arnar Erlingsson er lærður yogakennari og yogaeinkaþjálfari og hefur m.a. verið með námskeið fyrir Golfklúbb Hveragerðis. Golfkennari er Einar Lyng Hjaltason – PGA golfkennari og hefur víðtæka reynslu af golfkennslu og fararstjórn golferða erlendis.

Námskeiðin verða haldin 7.–9. desember, 14.–16. desember og 11.–13. janúar.

Kynningaverð í desember 38.000 kr.



Nánari upplýsingar og skráning í síma 483 0300 og á www.hnlfi.is

Berum ábyrgð á eigin heilsu

HEILSUSTOFNUN NLFÍ HVERAGERÐI

Alexander Dale Oen

Einn þekktasti íþróttamaður Noregs, Alexander Dale Oen, var aðeins 26 ára gamall þegar hann lést. Hann landaði heimsmeistaratitlinum í 100 metra bringusundi árið 2011. Þar með varð hann fyrsti norski sundmaðurinn sem náði þeim árangri. Silfurverðlaun hans frá Ólympíuleikunum í Peking í Kína árið 2008 voru fyrstu verðlaun Norðmanna í sundi á ÓL.

Oen sigraði á HM árið 2011 aðeins þremur dögum eftir hryðjuverkin í Ósló og Útey. Alls létust 77 manns í þeirri árás. Norska þjóðin og sundmaðurinn sýndu miklar tilfinningar þegar hann stóð efstur á verðlaunapallinum og norski þjóðsöngurinn var leikinn. Oen var á þeim tíma ljósið í myrkrinu.



Sundmaðurinn lést í Flagstaff í Arizona í Bandaríkjunum í lok apríl á þessu ári. Dánarorsökin reyndist vera hjartaáfall. Læknir norska landsliðsins, Ola Röensen, reyndi lífgunartilraunir á sundmanninum á hótelinu í Arizona en þær tilraunir báru ekki árangur.

Við krufningu kom í ljós að Oen hafði verið með hjartasjúkdóm sem hafði ekki komið fram í ítarlegum læknisrannsóknum. Oen hafði glímt við meiðsli í vinstri öxl í langan tíma áður en hann fór í æfingabúðirnar í Bandaríkjunum og læknar fundu ekki hver ástæðan var fyrir meiðslunum. Talið er að verkirnir sem hann var með á þessu svæði hafi í raun og veru verið lítil hjartaáföll.

Oen var fæddur í Bergen í Noregi 21. maí árið 1985. Hann hóf að æfa sund aðeins fjögurra ára gamall. Hann kom margoft hingað til Íslands til æfinga en Oen og Jakob Jóhann Sveinsson, sundmaður úr Ægi, voru nánir vinir.

ALLT Í PAKKANN





HLAUPA-GPS
36.990 KR.
GARMIN
FORERUNNER 110
MEÐ PÚLSMÆLI



PÚLS-ÚR
19.990 KR.
POLAR FT7
MEÐ PÚLS- OG
BRENNSLUMÆLI



GPS TÆKI
29.990 KR.
GARMIN
DAKOTA 10



GPS TÆKI
35.990 KR.
GARMIN
ETREX 20



VASAHNÍFUR
6.890 KR.
VICTORINOX
CLIMBER



SQUASH SPAÐI
5.490 KR.
DUNLOP
PULSE C-35



BRÚSABELTI
7.990 KR.
ADIDAS
FYRIR 3 LITLA BRÚSA



HLIÐARTASKA
7.990 KR.
NIKE, SVÖRT, BLÁ
EÐA MARGLIT



BAKPOKI
18.490 KR.
NORTH FACE RECON
DAGPOKI

Fáðu aðstoð við valið á réttu jólagjöfunum.
Starfsfólkið okkar þekkir vörurnar sem það selur.

ÚRVALIÐ ER Í ÚTILÍF

ÚTILÍF

HOLTAGÖRÐUM GLÆSIBÆ KRINGLUNNI SMÁRALIND

utilif.is

ÁRNASYNIR



HOPPAR HÆÐ SÍNA Unnsteinn Manuel Stefánsson er mjög feginn því að rúllukraginn fær uppreisn æru í herratískunni í vetur en hann hefur klæðst rúllukraga frá fermingu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Ver raddböndin í rúllukraga

Söngvarinn **Unnsteinn Manuel Stefánsson** kveðst mjög feginn því að rúllukraginn sé loksins kominn í tísku. Sjálfur hefur hann klæðst rúllukraga frá fermingu og á sex rúllukragapeysur í fataskápnum. Hönnuðir heimsins gefa rúllukraganum nýtt líf í fataskápum karlpeningsins.



Álfrún Pálsdóttir
alfrun@frettabladid.is

Mér skilst að ég sé einn af þessum rúllukragaaðdáendum," segir Unnsteinn Manuel Stefánsson, söngvari í hljómsveitinni Retro Stefson, sem þessa dagana getur skartað rúllukraganum ófeiminn enda er hann ein helsta tískubóla herratískunnar í vetur.

Það var greinilegt að hönnuðir heimsins litu til rúllukragans er fatalínur vetrarins liðu um tískupallana hjá báðum kynjum í byrjun árs. Oft er auðveldara að greina tískubólur í kvenfatatískunni en í herratískunni milli ára. Því þóttu það tíðindi þegar rúllukraginn dúkkaði upp á sýningum stóru nafnanna í tískuheiminum og ástæða til að draga fram rúllukragann sem var hvað vinsælastur á sjötta áratugnum.

Unnsteinn byrjaði, fyrir tilstilli móður sinnar, að vera í rúllukragapeysum þegar hann fermdist. „Mamma setti mig stundum í rúllukragapeysu en það var hins vegar ekki fyrr en ég byrjaði að syngja að ég fór að kunna að meta rúllukragann. Þá fann ég hversu gott er að styðja við raddböndin í fallegum rúllukraga," segir Unnsteinn sem lumar á sex stykkjum inni í fataskápnum sínum. „Ég á fjóra venjulega, einn „guðfræðinema" og einn spari."

Unnsteinn hvetur herramenn landsins eindregið til að byrja að nota rúllukragann og segist sjálfur mjög feginn að flíkin sé loksins dottin inn á tískuradarinn. „Já, ég er mjög feginn. Helsti kostur rúllukragans er að hann er nettur, og að auki þægilegur og góður til að vera í undir skyrtu á sviði á útihátíð á norðlægum slóðum."

Meðal þeirra hönnuða sem voru með rúllukragaboli og -peysur í fatalínum sínum eru Armani, Hermès, Lanvin og 3.1 Philip Lim. Hægt er að nota rúllukragaflík á margbreytilegan máta; undir skyrtur, jakkaföt, hversdags jafnt sem spari.







Rúllukragamenn

ÓÐUR TIL RÚLLUKRAGANS Á plötu hljómsveitarinnar Bítlavinafélagsins, Ennþá til sölu, sem kom út árið 1996, er að finna lagið Rúllukragapeysan mín. Jón Ólafsson samdi lagið í Hollandi árið 1986 en hann er mikill aðdáandi rúllukragans. „Ég hef alltaf verið mjög hrifinn af rúllukragapeysum og finnst þær töff. Þegar við vorum í þessum peysum á árunum 1986-1988 þóttum við frekar hallærislegir en rúllukragapeysan er sígild í mínum huga og eldist ákaflega vel. Mér fannst því upplagt að gera lag og texta tileinkað þessari uppáhaldsflík minni á þessum árum."

EINKENNISBÚNINGURINN Stofnandi Apple, **Steve Jobs,** var frægur fyrir að klæðast svörtum rúllukragabol og bláum Levi´s 501 gallabuxum. Fæstir vita þó að rúllukragabolur Jobs var sérhannaður af japanska hönnuðinum Issey Miyake og átti Jobs hundrað alveg eins boli í fataskáp sínum. Það má því kalla Jobs einn helsta aðdáandi rúllukragans í seinni tíð.

VERSICHERUNGS KAMMER BAYERN

Versicherungskammer Bayern, síðan 1811:
Frá húseignatryggingum til tryggingasamstæðu.



Tvö hundruð ára saga

1811

Punktar úr 200 ára sögu Versicherungskammer Bayern

Árið 2011 hélt Versicherungkammer Bayern upp á 200 ára afmæli sitt en rætur fyrirtækisins ná aftur til ársins 1811 þegar Maximilian I., konungur Bæjaralands, stofnaði fyrsta brunabótafélagið. Rúmlega tvö hundruð ár eru virðulegur aldur fyrir fyrirtæki sem er leiðandi í húsatryggingum og hefur auk þess haslað sér völl sem alhliða tryggingafélag. Það er ekki að ástæðulausu sem Versicherungskammer Bayern er í forystu á sínu sviði og ein farsælasta tryggingasamsteypa Þýskalands.

Okkur langar að bjóða þér í stutt og skemmtilegt tímaflakk. Ferðin hefst í München árið 1811, nákvæmlega einu ári eftir að fyrsta Októberfest-hátíðin var haldin í borginni. Úr konunglegri tilskipun varð til fyrirtæki sem „sinnir þínu öryggi sem væri það þess eigið!“

2011

Finanzgruppe

Óttinn við eldinn

Viðskipti og verslun blómstraði í München á þessum tíma. Borgin var hlið inn í lönd Suður-Evrópu og gatnamót verslunar á bökkum fljótsins Ísar. Duglegir íbúar borgarinnar bjuggu við ágæt lífskjör en lifðu þó í ótta við ýmsar ógnir, ekki síst eldsvoða sem voru tíðir og óttuðust margir íbúar stöðugt að missa allar eigur sínar í eldi.
Hinn vinsæli konungur, Maximillian I., sem oftast var kallaður Max kóngur, skildi þessar áhyggjur og stofnaði Almenna brunabótafélagið. Þar með lagði hann hornstein að einni farsælustu tryggingasamsteypu Þýskalands sem blómstrar enn þann dag í dag og býður þjónustu sína meðal annars á Íslandi.

Árið 1822 var um ein milljón bæverskra húsa orðin brunabótatryggð og stöðugt hélt áfram að bætast í hópinn.



Í desember þetta ár fékk stofnunin enn nýtt nafn, Konunglega brunabótafélagið hét nú Hin konunglega tryggingastofnun Bæjaralands (Königliche Bayerische Versicherungskammer) enda hafði margvísleg starfsemi auk brunatrygginga færst undir stofnunina.

Stjórnunin færist til sjálfra stofnananna sem bæta hagkerfið

Á þriðja og fjórða tug 20. aldar voru stofnuð mörg mikilvæg félög innan samsteypunnar, til dæmis Tryggingasamband Bæjaralands, Bæjaralandstryggingin og Sjúkrasamlag opinberra starfsmanna. Allt eru þetta enn mikilvægir stólpar samsteypunnar.
Bayerische Versicherungskammer fór ekki varhluta af heimskreppunni fremur en önnur fyrirtæki. Á þessum örlagatímum lauk Hans Otto Schmitt stjórnartíð sinni. Hann er talinn höfundur laga um opinberar tryggingar en nýjungar þeirra koma sér vel fyrir ýmsar deildir stofnunarinnar. Undir handleiðslu hans voru ýmsar réttarreglur færðar saman í einn lagabálk og færðist þá um leið stjórnun frá ríki og löggjafa til sjálfra stofnananna. Þessar nýjungar áttu stóran þátt í að bæta hagkerfið og urðu því um leið lyftistöng fyrir efnahag Bayerische Versicherungskammer.

Dafnar þrátt fyrir þýsku kreppuna

Efnahagslægð var í Vestur-Þýskalandi á áttunda áratugnum en þá var dr. Robert Wehgartner við stjórnvölinn hjá Bayerische Versicherungskammer. Hann lagði kapp á að reisa nýjar skrifstofubyggingar og íbúðir; svo langt gekk þetta að gárungarnir sögðu að stofnunin væri fremur byggingaverktaki en tryggingafélag.

Wehgartner verður ævarandi minnst fyrir íbúðabyggingar og félagslegar umbætur, bæði meðal starfsmanna og út fyrir þeirra raðir. Hann lést skyndilega og fyrir aldur fram árið 1974. Bayerische Versicherungskammer óx og dafnaði á seinni hluta áttunda áratugarins þrátt fyrir þýsku kreppuna.



1811 — 1875 — 1896 — 1918 — 1920 – 1945 — 1946 – 1967 — 1967 – 1980

Konunglegt tryggingafélag

Með tilskipun Loðvíks II. af Bæjaralandi færðist Almenna brunabótafélagið undir stjórn sérstakrar opinberrar stofnunar og hlaut nafnið Konunglega brunabótafélagið. Fyrsti forstjóri þessa félags var lögfræðingurinn og búfræðingurinn Matthäus von Jodlbauer. Í hátíðarræðu sem hann hélt í tilefni af 25 ára starfsafmæli félagsins sagði hann: „Hvað hefur áunnist? Ég svara því í stuttu máli: Traust fólksins.“ Tryggingahugsjónin, það að vera hluti af heild og njóta hjálpar hennar ef í nauðir rekur, festist í sessi í huga fólks og varð að leiðarljósi á 20. öldinni allt til dagsins í dag.



Tuttugasta öldin

Þetta ár hvarf viðbótin „konunglega“ úr nafni félagsins. Með falli konungdæmisins varð heiti fyrirtækisins einfaldlega Tryggingastofnun Bæjaralands – Bayerische Versicherungskammer.



Opinber stofnun breytist í nútímalegt viðskiptafyrirtæki

Rudolf Herrgen tók við forstjórastarfinu árið 1946 – í kjölfar heimskreppu og heimsstyrjaldar. Þá hafði óðaverðbólga rýrt eigur stofnunarinnar mjög. Herrgen beið það verkefni að endurbyggja 16 tryggingadeildir og samlög stofnunarinnar. Á næstu árum breyttist þessi opinbera stofnun í nútímalegt viðskiptafyrirtæki.
Annað afrek Rudolfs Herrgens var framlag fyrirtækisins til lista. Hann reyndi að færa listina nær fólkinu, t.d. með því að halda tónleika í húsakynnum stofnunarinnar og láta prenta listaalmanak. Enn þann dag í dag heldur Bayerische Versicherungskammer hústónleika með upprennandi hljóðfæraleikurum, skipulegg-ur listsýningar og styrkir félagsmál.



KIRKJUR

LAUGARDAGUR **24. NÓVEMBER 2012**

Kynningarblað

Aðventan, tónleikar, barna- og unglingastarf, safnaðarstarf, hæsta kirkjan, elsta kirkjan og kirkjur helgaðar heilögum Þorláki.

Kirkja hefur verið á Þingvöllum frá því skömmu eftir kristnitöku.Núverandi kikja var byggð árið 1859 og vígð á jóladag það ár.





Ríkasta kirkjan

Strandarkirkja er ríkasta kirkja landsins vegna áheita. Ástæðan er helgisögn frá 12. öld af bónda í sjávarháska sem hét að gefa allan við sem hann var að flytja frá Noregi til kirkjubyggingar á þeim stað þar sem hann næði landi. „Þegar hann hafði unnið þetta heit birtist honum ljósengill fram undan stefni skipsins og verður þessi sýn honum stefnumið sem hann stýrir eftir. Engillinn leiðir svo skipið gegnum brimið og bárust skipverjar þannig inn í vík eina nálægt Strönd sem nefnist Engilsvík eftir þetta. Þar skammt fyrir ofan malarkamb var reist hin fyrsta Strandarkirkja.“

Styttan Landsýn, sem stendur framan við Strandarkirkju er eftir listakonuna Gunnfríði Jónsdóttur (f. 26. desember árið 1889 að Sæunnarstöðum í Hallárdal í Austur-Húnavatnssýslu). Gunnfríður var við nám í Kaupmannahöfn þegar hún kynntist tilvonandi manni sínum, Ásmundi Sveinssyni myndhöggvara, og þau felldu hugi saman. Styttan var vígð sumarið 1953. Styttuna vígði þáverandi biskup Íslands, Sigurgeir Sigurðsson. Styttan er af englinum sem birtist sæförunum sem lentu í sjávarháska fyrir langa löngu og er minnisvarði um kraftaverkið í Engilsvík.



Styttan Landsýn sem stendur fyrir utan Strandarkirkju.

25 ára afmæli Árbæjarkirkju fagnað á aðventunni

Aðventan í **Árbæjarkirkj**u verður viðburðamikil í ár líkt og undanfarin ár. Kórsöngur, barnaleikhús, líknarsjóðshappdrætti og gospeltónleikar eru á meðal þess sem á dagskrá verður.

Umfangsmikið kórastarf mun einkenna aðventuna undir nafninu Kórafoss. „Í ár mun verða gert örlítið betur þar sem kirkjan fagnar 25 ára vígsluafmæli," segir Þór Hauksson, sóknarprestur Árbæjarkirkju.

Fyrsti sunnudagur í aðventu 2. desember

Fyrsti sunnudagurinn í aðventunni í Árbæjarkirkju er Kirkjudagurinn, en þá er afmæli kirkjunnar fagnað. „Dagurinn byrjar á sunnudagaskóla klukkan ellefu líkt og venjulega. Klukkan tvö verður svo hátíðarguðsþjónusta þar sem biskup Íslands, Agnes Sigurðardóttir, predikar. Þá mun, auk Agnesar, séra Guðmundur Þorsteinsson, sem var fyrsti sóknarprestur Árbæjarsafnaðar, þjóna með mér og séra Sigrúnu Óskarsdóttur. Mikill fjöldi tónlistarfólks kemur fram í messunni, en Þóra Gylfadóttir syngur einsöng og kór Landsvirkjunar kemur í heimsókn og syngur bæði einn og með kirkjukórnum okkar."

Kvenfélagskaffihlaðborð

Eftir messuna mun Kvenfélag Árbæjarsafnaðar vera með sitt árlega kaffihlaðborð og líknarsjóðshappdrætti. „Fyrirtæki og einstaklingar hafa þá lagt til ýmsan varning sem Kvenfélagið hefur safnað saman og pakkað inn. Þær eru ótrúlega öflugar þessar konur, hafa prjónað og föndrað alls kyns muni sem verða einnig í happdrættinu. Allur ágóðinn rennur svo í styrktarsjóð Árbæjarkirkju sem notaður er til að aðstoða safnaðarmeðlimi sem þurfa á hjálp að halda."



Hér er starfsfólk Árbæjarkirkju ásamt krökkum úr 7 til 9 ára starfi kirkjunnar sem haldið er reglulega. MYND/GVA

Annar sunnudagur í aðventu 9. desember

Annan sunnudag í aðventu mun svo Árbæjarkirkja og íþróttafélagið Fjölnir slá upp balli. „Þá verður dansað í kringum jólatréð, sungin jólalög og vonandi láta einhverjir jólasveinar sjá sig. Þeir hafa nú vanalega litið við með eitthvað í pokanum sínum."

Um kvöldið klukkan átta er svo aðventukvöld þar sem ræðuhaldari verður fréttakonan Edda Andrésdóttir. Hvorki meira né minna en þrír kórar munu syngja þetta kvöld, svo búast má við að þakið rifni af kirkjunni. „Það er samstarfsverkefni í gangi hérna milli Árbæjarkirkjukórs, Grafarholtskirkjukórs og Grafarvogskirkjukórs. Þeir eru búnir að æfa saman dagskrá og munu á næstunni syngja saman í öllum þessum þremur kirkjum.

Á dagskránni verða sjálfsagt klassískir kirkjusálmar og ég veit að endað verður á Heims um ból. Það verður helg stund að hlusta á þessa kóra syngja saman og kórstjórinn okkar, Krisztina Kalló Szklenár, á heiður skilinn fyrir gott starf með kórnum okkar," segir Þór.

Gospeltónleikar 12. desember

Þriðjudaginn 12. desember klukkan 20 verður Gospelkór Árbæjarkirkju með tónleika. „Kórinn okkar er einn elsti gospelkór landsins og verður þrettán ára um þessar mundir. Ingvar Alfreðsson stýrir honum og má búast við léttri og skemmtilegri stemningu."

Þriðji sunnudagur í aðventu 16. desember

„Möguleikhúsið kemur í sunnudagaskólann til okkar klukkan ellefu með leiksýningu sem minnir okkur á inntak jólanna. Þetta verður kósí stund, þar sem fjölskyldan getur mætt og horft á fallega leiksýningu. Að öðru leyti verður ekki meira um að vera þann daginn í kirkjunni og kórinn og organistinn fá smá frí."

Messur um jólin

Á aðfangadag verða tvær messur í Árbæjarkirkju, ein klukkan ellefu að morgni og önnur klukkan ellefu að kvöldi. „Það er alltaf sama fólkið sem mætir í messur á aðfangadag. Mikill munur er þó á andrúmslofti á þessum tveimur messum.

Fólk er mun afslappaðra í seinni messunni, enda mesta jólastressið búið. Aðrar messur eru á jóladag klukkan tvö og annan í jólum klukkan ellefu, en þá er fjölskyldustund. Það er því nóg að gera hjá okkur hér um jólin og allir hjartanlega velkomnir."

FJÖGUR KERTALJÓS AÐVENTU

Aðventa þýðir „Koma Drottins" á latínu og hefst fjórða sunnudag fyrir jól. Aðventan er einnig kölluð jólafasta því á öldum áður mátti ekki borða hvað sem var og alls ekki kjöt.

Aðventukrans byggir á norður-evrópskri hefð. Sígrænt greni táknar líf í Kristi og hringurinn eilífðina.

Fyrsta kertið nefnist Spádómskerti og minnir á fyrirheit spámanna Gamla testamentisins sem sögðu fyrir um komu frelsarans. Annað kertið er Betlehemskerti og minnir á þorpið sem Jesús fæddist í. Þriðja kertið er Hirðingjakertið og vísar til þess þegar snauðum og ómenntuðum fjárhirðum var á undan öllum sögð tíðindin góðu. Fjórða kertið er Englakertið sem tákn um englana sem báru mannheimi fregnirnar um Jesúbarnið í Betlehem.



Aðventukrans barst sem siður frá Danmörku til Íslands um miðja síðustu öld. Hann varð algengur á íslenskum heimilum á sjöunda áratugnum og þykir nú ómissandi hluti af íslensku jólahaldi.

Hæsta kirkja heims

Flestar af hæstu kirkjum heims eru í Evrópu og voru byggðar fyrir árið 1900. Hæsta kirkja heims telst vera Ulm Minster sem staðsett er í Ulm í Þýskalandi. Hún var byggð árið 1890 og er 161,5 metra há. Ganga þarf upp 768 þrep til að komast á hæsta útsýnisstaðinn. Til gamans má geta þess að Hallgrímskirkja, hæsta kirkja Íslands, er 74,5 metra há. Ulm Minster er því meira en tvöföld stærð Hallgrímskirkju en níu hæstu kirkjur heims eru allar meira en tvöföld stærð Hallgrímskirkju. Af fimmtíu hæstu kirkjum heims er ein í Bandaríkjunum og Kanada, ein í Afríku og tvær í Suður-Ameríku. Hinar eru allar í Evrópu, þar af sextán í Þýskalandi. Hæsta kirkju Norðurlanda er dómkirkjan í Uppsölum í Svíþjóð. Hún er 118,7 metra há. Einungis tíu af fimmtíu hæstu kirkjum heims voru byggðar eftir 1900 og eru þær flestar utan Evrópu.

Spánverjar eru enn að byggja hæstu kirkju heims sem mun slá Ulm Minster út verði hún einhvern tímann fullbyggð. Vinnan við byggingu kirkjunnar hófst árið 1883. Kirkjan heitir Sagrada Família og er í Barcelona. Verði byggingu hennar lokið mun hún verða 170 metra há.







FÓLK
KYNNINGARBLAÐ



HÚS SKÁLDSINS

Kristín Marja Baldursdóttir, Steinunn Sigurðardóttir, Kristín Ómarsdóttir og Bjarni Gunnarsson lesa úr nýútkomnum bókum sínum í stofunni á Gljúfrasteini á morgun kl. 16.00. Þetta er níunda árið sem boðið er upp á upplestur úr jólabókum í húsi skáldsins og verður áfram haldið næstu sunnudaga.

NÁMSAÐSTOÐ
Vantar þig aðstoð í einhverri námsgrein?
íslenska – stærðfræði – enska – danska – efnafræði - lestur
eðlisfræði – þýska – franska – spænska – stafsetning o.fl
Öll skólastig - Reyndir kennarar
Nemendaþjónustan sf www.namsadstod.is s. 557 9233

SENDUM FRÍTT SENDUM FRÍTT
Smart Boutique
Laugavegur 55 • www.smartboutique.is
Leðurhanskar frá 3.250 kr. yfir 100 litir í boði
Leðurhanskar með kanínuskinni frá 7.990 kr.
Sendum FRÍTT um allt land í nóvember !
Laugavegur 55, sími 551-1040 www.smartboutique.is

PRÓGASTRÓ
Fátt er betra fyrir meltinguna á aðventunni en
PRÓGASTRÓ DDS® PLÚS 3
2 hylki af PRÓGASTRÓ fyrir stóra máltíð getur létt á meltingunni.
PRÓGASTRÓ inniheldur hinn öfluga asídófílus DDS1 sem bæði gall- og sýruþolin.
Góð jólagjöf handa þeim sem allt eiga.
Þessi vara er laus við:
Mjólk
Glúten
Sykur
Soja
Rotvarnarefni
Góða meltingu um jólin!
100% NÁTTÚRULEGT
www.gengurvel.is
Fáanlegt í flestum apótekum, heilsubúðum og heilsuhillum stórmarkaðanna

FRÉTTIR VIÐSKIPTI SPORT UMRÆÐAN ÚTVARP LÍFIÐ SJÓNVARP
5 ÚTVARPS-STÖÐVAR Í BEINNI
vísir - oft á dag



ILMANDI NÚÐLU-SÚPUR FRÁ TAÍLANDI

YUMMIYUMMI KYNNIR *Taílenskur matur er bragðmikill og ljúffengur. YummiYummi rekur tvo staði í Reykjavík og býður upp á fjölbreyttan mat.*

Tómas Boonchang, eigandi veitingastaðarins Ban Thai, Laugavegi 130, NaNaThai, Skeifunni 4 og YummiYummi kynnir ekta taílenska núðlusúpu sem fæst á YummiYummi á Hverfisgötu í Reykjavík. Hægt er að velja súpu með kjúklingi, rækjum, tofu eða grænmeti. Staðurinn hefur starfað í nokkur ár og nýtur mikilla vinsælda. YummiYummi leggur áherslu á taílenska matargerð og býður upp á gott úrval ljúffengra rétta, til dæmis núðlusúpur, steiktar hrísgrjónanúðlur og grjón með grænmeti, sjávarréttum og ýmsu kjöti. YummiYummi er einnig með lítinn stað í Smáralind en að sögn Tómasar Boonchang, eiganda veitingarstaðarins, er ekki sami matseðill á þessum tveimur stöðum. „Við bjóðum upp á meira úrval á staðnum á Hverfisgötunni og mun sterkari rétti. Staðurinn okkar í Smáralindinni býður upp á færri rétti og ekki eins sterka enda eiga þeir að höfða meira til fjöldans.“ Tómas segir súpurnar vera missterkar en þær eru merktar á matseðlinum með myndum að einum eða tveimur rauðum chili-pipar.

Ban Thai hefur verið starfandi í 22 ár og undanfarin fjögur ár hefur hann verið kosinn besti taílenski veitingastaðurinn í Reykjavík af Reykjavík Grapevine. Einnig var hann valinn einn af tíu bestu veitingastöðunum á Íslandi. Á Ban Thai er allt eldað frá grunni úr fersku gæðahráefni, til dæmis eru eingöngu notaðar kjúklingabringur og nauta- og lambafillet auk þess sem engin aukaefni eru notuð. Ban Thai merkir einnig rétti á matseðli með chilipipar og mest fá þeir fimm chili-piparávexti og er rétturinn þá svakalega sterkur. Það passar afskaplega vel með matnum að fá sér taílenskan bjór en Singha-bjórinn er mjög vinsæll. Margir frægir aðilar hafa látið sjá sig á staðnum, bæði íslenskir og útlenskir og margir þeirra eru nú fastagestir á staðnum. Nánari upplýsingar má finna á yummiyummi.net.



TAÍLENSKT
YummiYummi býður upp á ljúffenga taílenska rétti.
MYND/VALLI

VIETNAM MARKET
ALLT FYRIR AUSTURLENSKA MATARGERÐ
387 kr. 320 kr. 699 kr. 550 kr.
Suðurlandsbraut 6, 108 Reykjavík Sími: 534 7268

PHO VIETNAMESE
HOLLT OG GOTT
Opið:
mán - föst Kl. 11 - 21
lau - sun Kl. 12 - 21
1.250 kr 1.350 kr 1.250 kr
BJÓÐUM UPP Á HEIMSENDINGU
PHO víetnamskur veitingastaður Ármúla 21 - 108 Reykjavík - Sími: 588 6868 - www.pho.is

FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar**
Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**
Sölumenn:
Jónína María Hafsteinsdóttir
jmh@365.is s 512 5473
Sverrir Birgir Sverrisson
sverrirbs@365.is, s 512 5432
Elsa Jensdóttir
elsaj@365.is s. 512-5427











TVÖFÖLD TILVERA

LÆKNAR MEÐ KÖLLUN *Heimilislæknirinn Haukur Heiðar Ingólfsson hefur lifað tvöföldu lífi í áratugi. Hann er rómantískur og ýtir undir huggulegheit.*

Sjötugsafmælið datt bara niður einn sumardag í ágúst og ég fann engan mun á mér. Það er óneitanlega skrýtið að vera kominn á áttræðisaldurinn en mér líður ekki degi eldri en 55 ára og Guði fyrir að þakka að ég er heilsuhraustur og hef ekki fundið mun á mér síðustu tuttugu árin. Þegar svo er farið er sannarlega ekki kvíðvænlegt að verða gamall," segir Haukur Heiðar og brosir breitt.

Frá því Haukur Heiðar komst á fullorðinsár hefur hann nær daglega farið úr einum heimi yfir í annan.

„Ég byrjaði að spila á píanó sem unglingur og var í danshljómsveit fram yfir stúdentspróf þegar ég ákvað að verða læknir. Þá hélt ég að spilaferlinum væri lokið en 1965 birtist Ómar nokkur Ragnarsson óvænt í leit að undirleikara. Mörgum þótti glæfralegt af mér að verða pínisti hjá vinsælasta skemmtikrafti landsins meðfram læknanámi en ég sló til og hef spilað með Ómari allar götur síðan, utan sérnámsáranna í Svíþjóð."

Haukur Heiðar segir starf læknis og pínista vera tvo ólíka heima. „En ég set störfin á jafnan stall og hef mikið yndi af báðum. Læknisfræðin getur verið erfið og reynir meira á mann en þetta tvennt passar einkar vel saman."

Á níunda áratugnum réði Haukur Heiðar sig sem dinnerpínista á skemmtistaðinn Broadway við Ármúla. Þar lék hann huggulega pínótóna undir borðum í á annan áratug og á Broadway kynntist hann Björgvini Halldórssyni, sem varð hans helsti hvatamaður. „Við Björgvin komum báðir að 25 ára skemmtikraftaafmæli Ómars og þar vatt Björgvin sér að mér og spurði hvort ekki væri tímabært að ég gæfi út plötu, sem ég og gerði 1984," segir Haukur Heiðar, sem þá gaf út sína fyrstu sólóplötu, sem Björgvin stjórnaði upptökum á og söng ásamt Ómari. Síðan hafa komið út fjórar plötur til viðbótar og í tilefni sjötugsafmælisins gaf Haukur Heiðar út sína sjöttu sólóplötu, sem hann nefnir Á rómantískum nótum.

„Plöturnar mínar eru fyrir huggulegar stundir og yfirbragð tónlistarinnar þægilegt, ljúft og rómantískt. Þær innihalda klassísk dægurlög frá ýmsum heimshornum og tímabilum. Laglínurnar eru melódískar og látlausar og ekki er hægt að fá leið á þeim; það er alltaf eins og maður sé að heyra þau í fyrsta skipti," segir Haukur Heiðar sem sjálfur er rómantískur að upplagi.

„Ég byrjaði að hlusta á ballöður og rómantíska rólegheitatónlist eftir ballbransann í gamla daga og hef alltaf reynt að velja lög á rómantískum nótum með seiðandi, fallegum laglínum. Í daglega lífinu er ég líka rómantískur þótt alltaf þurfi að gæta þess að rómantíkin verði ekki hversdagsleg," segir hann brosmildur.

Sonur Hauks Heiðars og nafni er Haukur Heiðar Hauksson, læknir og söngvari Diktu. Þeir feðgar starfa nú saman á heilsugæslunni á Sólvangi.

„Haukur Heiðar yngri hefur fetað í bæði fótspor mín. Það kom snemma í ljós að hann væri músíkelskur og við munum vel eftir því þegar hann sagði mjög ungur að hann ætlaði að verða læknir og spilamaður eins og pabbi. Hann hafði það náttúrlega alltaf fyrir augunum því ég spilaði mikið með vinnu. Haukur hafði fljótt köllun til að verða læknir og þurfti enga hvatningu foreldranna til að fara í læknisfræði. Hann virðist því hafa hafa erft flest föðurgenin því hann erfði líka stærðina og hefur eins og ég unnið í tónlist sinni með námi og sem læknakandídat."

Haukur Heiðar lætur flygilinn heima í stofu stundum syngja og segir pínóið hafa lyft sér í hæstu hæðir þegar hann þreyttist á lestri í læknanáminu.

„Tónlist er heilsunni mikils virði og hver einasta manneskja hefur gott af því að velja sér tónlist við hæfi til slökunar. Og þótt ég veifi ekki diskunum mínum að sjúklingunum hef ég alltaf mælt með gildi rólegrar tónlistar til meiri vellíðunar og rór," segir hann og brosir.

Haukur Heiðar segir algengt að læknar setjist í helgan stein um sjötugt. „Það er kominn tími til að draga sig í hlé og eiga nokkur góð ár eftir. Þetta hefur verið annasamt hjá mér hingað til og krakkarnir muna vart eftir mér öðruvísi en spilandi utan heimilisins á kvöldin eða á ferðalögum. Því vil ég eiga árin fram undan með fjölskyldunni þótt ég sé ekki búinn að negla upp á dag hvenær ég legg læknasloppnum."

Haukur Heiðar heldur áfram. „Það er sárt fyrir bæði heimilislækni og sjúklinga hans að kveðja eftir langa samfylgd. Heimilislæknir skipar sérstakan sess í lífi fjölskyldna sem eiga til hans tilkall í gleði og sorg. Hann þekkir alla í fjölskyldunni, sem er dýrmætt; líf hennar og heilsu. Þetta eru því stór tímamót."

En hlusta læknarnir tveir og feðgarnir hvor á tónlist annars? „Jájá, ég hlusta á Diktu þótt sumt sem sonurinn spilar sé harðara en það sem ég fékkst við í rokkinu í gamla daga. Ég ætla svo rétt að vona að Haukur Heiðar yngri setji diskana mína undir geislann í sínum matarboðum og huggulegheitum." ■ **thordis@365.is**

MEÐ STÓRT HJARTA

Feðgarnir Haukur Heiðar og Haukur Heiðar fæddust báðir með köllun til læknisstarfsins og með tónlist í æðum sér. Haukur Heiðar yngri hefur gert garðinn frægan með hljómsveitinni Diktu og faðir hans heillað kynslóðir með einstökum pínóleik.
MYND/ANTON

Á RÓMANTÍSKUM NÓTUM

Ný plata Hauks Heiðars og félaga er afturhvarf til upphafsins þar sem Björgvin og Ómar sungu á fyrstu sólóplötu hans og Björgvin stjórnaði upptökum á einvala liði hljóðfæraleikara. Á nýju plötunni syngja einnig börn Hauks Heiðars, þau Margrét og Haukur Heiðar yngri, sem flytur ballöðuna frægu Moon River. Fyrir forvitni sakir má geta þess að fyrri plötur Hauks Heiðars hafa verið endurútgefnar en eru nú ófáanlegar.



LAY LOW Í MERKIGILI

SPENNANDI

Það er alltaf eitthvað um að vera í Merkigili á Eyrarbakka á heimili söngvaskáldanna Uni og Jóns Tryggva. Á morgun verða tónleikar með hinni einu sönnu Lay Low, en hún hefur undanfarið verið á tónleikaferðalagi um heiminn með hljómsveitinni Of Monsters and Men. Lay Low er nýflutt á sveitabæ í Ölfusi, þar sem hún einbeitir sér að því að klára nýja plötu. Hún sendi nýverið frá sér nýtt myndband við lagið The Backbone um leið og hún sendi frá sér tveggja laga vínylplötu í takmörkuðu og númeruðu upplagi. Lay Low hefur ekki spilað mikið á Íslandi undanfarið svo þetta er kærkomið tækifæri til að hlusta á hana. Frítt er inn á tónleikana en frjáls framlög vel þegin. Tónleikarnir hefjast klukkan 16.00.

Fyrir þá sem ekki hafa komið í Merkigil má geta þess að það stendur við Eyrargötu sem er gatan nær hafinu. Fyrir framan Merkigil er minnisvarði um gömlu rafstöðina á Eyrarbakka. Merkigil er ómálað bárujárnshús með grænu þaki.



SCINTILLA er eitt þeirra merkja sem seld eru í nýju búðinni.

NÝ SAFNVERSLUN Í HAFNARBORG

ÍSLENSK HÖNNUN

Ný safnbúð hefur verið opnuð í Hafnarborg, Menningar- og listamiðstöð Hafnarfjarðar við Lækjargötu.

Safnbúðin er samstarf Hafnarborgar og hönnunargallerísins Spark og mun selja íslenska hönnun. Meðal hönnuða sem eiga vörur í verslun-inni eru Andrea Maack, Vík Prjónsdóttir, Scintilla, Stefnumót hönnuða og bænda, Olle & Stephan, Secret shop, Hildur Ýr Jónsdóttir, Þórunn Árnadóttir og Brynjar Sigurðarson.

Opið er í Hafnarborg alla daga milli klukkan 12 og 17 og fimmtudaga til klukkan 21. Lokað á þriðjudögum.

LEITIN AÐ JÓLUNUM

Áttunda árið í röð

Ævintýrið hefst að nýju nú um helgina en þetta er áttunda aðventan í röð sem Þjóðleikhúsið sýnir Leitina að jólunum. Tveir skrítnir og skemmtilegir náungar taka á móti litlum leikhúsgestum í anddyri Þjóðleikhússins. Með þeim í för eru tveir hljóðfæraleikarar og saman leiða þeir börnin með leik og söng um leikhúsið. Meðal viðkomustaða á ferðalagi þeirra eru Kristalssalurinn, Leikhúsloftið og Leikhúskjallarinn. Börnin ferðast inn í ævintýraveröld jólanna og sjá leikþætti um jólin í gamla daga og í nútímanum.

Sýningin er eftir Þorvald Þorsteinsson og tónlistin eftir Árna Egilsson við hinar alkunnu Jólasveinavísur Jóhannesar úr Kötlum. Leikstjóri er Þórhallur Sigurðsson og aðalleikarar þau Selma Björnsdóttir og Ólafur Egill Egilsson. Sýningar hefjast að nýju í dag, laugardag, og verða að jafnaði þrjár sýningar sérhvern laugardag og tvær hvern sunnudag til jóla.



Vinningshafar í Sögulegri safnahelgi á Norðurlandi vestra 2012



Á haustdögum var haldin Söguleg safnahelgi á Norðurlandi vestra, nánar tiltekið 13.-14. október. Þá opnuðu nærri 30 söfn og setur dyr sínar fyrir gestum og gangandi, frá Borðeyri í vestri til Hofsóss í austri.
Skipulagsnefnd helgarinnar vill þakka öllum þeim sem lögðu sitt að mörkum til að gera helgina að þeim skemmtilega viðburði sem hún var. Þeir sem nýttu sér tækifærið til að heimsækja söfnin og setrin skemmtu sér vel og hægt er að hlakka til að ári. Stefnan er að þróa hugmyndina áfram, þannig að helgin verði hluti af huggulegu hausti á Norðurlandi vestra í framtíðinni. Við erum bara rétt lögð af stað.

Skemmtilegur hluti helgarinnar var stimplaleikurinn. Með því að safna stimplum í heimsóknum á einstök söfn og setur gátu gestir tekið þátt í leiknum og komist í lukkupottinn. Eftir helgina voru síðan heppnir þátttakendur dregnir út. Vinningarnir eru veglegir úr héraði og óskum við vinningshöfum til hamingju og megi þeir vel njóta.

1. **Gisting og jólahlaðborð fyrir tvo á Hótel Varmahlíð.**
   Ragheiður Þorsteinsdóttir, Þverbraut 1, Blönduósi
2. **Riverrafting fyrir fjóra í Jökulsá vestari sumarið 2013 hjá Bakkaflöt ferðaþjónustu.**
   Sigrún Einarsdóttir, Bjargshóli, Vestur - Húnavatnssýslu
3. **Málsverður fyrir tvo á Eyvindarstofu.**
   Sigríður Ósk Jónsdóttir, Gillastöðum, Laxárdal
4. **Frír aðgangur sumarið 2013 fyrir eina fjölskyldu á söfn og setur sem taka þátt í Sögulegri safnahelgi.**
   Ingibjörg Sigurðardóttir, Auðólfsstöðum, Austur-Húnavatnssýslu

Þátttakendur í Sögulegri safnahelgi 13.-14. október 2012

Riis hús, Borðeyri.
Byggðasafn Húnvetninga og Strandamanna, Reykjasafn.
Grettistak, Laugarbakka / Spes sveitamarkaður.
Langafit handverkshús, Laugarbakka.
Selasetur Íslands, Hvammstanga.
Verslunarminjasafnið Bardúsa, Hvammstanga.
Þingeyrakirkja.
Eyvindarstofa, Blönduósi.
Þekkingarsetrið á Blönduósi.
Hafíssetrið Blönduósi.
Laxasetur Íslands, Blönduósi.
Heimilisiðnaðarsafnið Blönduósi.
Textílsetur Íslands, Blönduósi / Vatnsdæla á refli.
Rannsóknasetur HÍ á Norðurl. vestra, Skagaströnd.
Nes listamiðstöð Skagaströnd.
Árnes, Skagaströnd.
Spákonuhof, Skagaströnd.
Gestastofa Sútarans, Sauðárkróki.
Byggðasafn Skagfirðinga, Minjahúsið á Sauðárkróki.
Á Sturlungaslóð í Skagafirði.
Sögusetur íslenska hestsins, Hólum.
Samgönguminjasafn Skagafjarðar, Stóragerði.
Vesturfarasetrið, Hofsósi.

Söguleg safnahelgi á Norðurlandi vestra
13.-14. október 2012
Styrktaraðilar:

Menningarráð Norðurlands vestra

VAXTARSAMNINGUR


MIKLABORG

MIKLABORG OG LAUGAVEGSREITIR EHF. KYNNA

Hljómalindarreitur



Fasteignasölunni Mikluborg f.h. Laugavegsreita ehf. hefur verið falið að leita að áhugasömum fjárfestum um áframhaldandi þróun og uppbyggingu fasteigna og lóða Laugavegsreita ehf. á Hljómalindarreitnum í 101 Reykjavík, en um er að ræða eitt mest spennandi uppbyggingartækifæri í miðbæ Reykjavíkur á síðari tímum.

Á Hljómalindarreitnum skv. deiliskipulagstillögu sem nú er í auglýsingu, er gert ráð fyrir 9.387,5 fm í nýbyggingum og að endurgert eða viðhaldið verði um 2.685,5 fm af eldri húsbyggingum sem munu standa áfram. Samtals byggingarmagn á lóðunum er því 12.073 fm og eru lóðirnar skráðar 4.140,4 fm.

Hljómalindarreiturinn hefur allt til brunns að bera til að verða flaggskip miðbæjarins sem miðstöð verslunar, viðskipta, þjónustu og ferðamennsku í bland við líflega menningu og mannlíf borgarbúa og er því áhugavert fjárfestingartækifæri fyrir verktaka, fjárfesta o.fl. aðila.

Fyrirvari gerður um að deiliskipulagstillaga sem nú er í auglýsingu geti tekið breytingum.

FASTEIGNASALAN
MIKLABORG
Síðumúla 13 108 Reykjavík

Allar nánari upplýsingar um reitina og kynningargögn veita:



Þröstur Þórhallsson
löggiltur fasteignasali



Óskar R. Harðarson
hdl. og löggiltur fasteignasali

- með þér alla leið -

GREEN ENERGY GROUP
POWER FROM WITHIN

Green Energy Group

Green Energy Group AS (GEG) is a Norwegian company headquartered in Oslo. Our focus is to provide modular geothermal plants which reduces capital expenses and project risk and allows for quicker payback on investment.

Green Energy Group has an engineering department in Reykjavik, Iceland, where our core technical and R&D team is located. Our people have extensive experience within the geothermal field including design, engineering, project management and operation of geothermal plants.

www.geg.no

Green Energy Group óskar eftir að ráða tvo sérfræðinga til starfa

Vörustjóri gufuþéttikerfis (Product manager - Condensation Circuit)

Ábyrgðarsvið

- Hönnun og skilgreining á búnaði
- Val á birgjum og samningagerð
- Framleiðslueftirfylgni og gæðaeftirlit
- Aðstoð, ráðgjöf og gæðaeftirlit við uppsetningu á búnaði
- Vöruþróun

Menntunar- og hæfniskröfur

- M.Sc. háskólagráða á sviði véla- eða efnaverkfræði
- Starfsreynsla á sviði véla- eða efnaverkfræði, að lágmarki 5 ár
- Frumkvæði
- Skapandi hugsun
- Hæfni í mannlegum samskiptum

Rafmagnsverk- eða tæknifræðingur

Helstu verkefni

- Hönnun og eftirlit með smíði á háspennukerfum
- Kerfisútreikningar og stillingar á varnarbúnaði
- Umsjón með prófunum og gangsetningu á háspennubúnaði

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun á sviði rafmagnstæknifræði eða verkfræði á sterkstraumssviði
- Reynsla af háspennubúnaði er æskileg
- Skipulögð og fagleg vinnubrögð
- Frumkvæði
- Sjálfstæði í starfi

*Nánari upplýsingar um starfið veita Helga Rún Runólfsdóttir (**helga@intellecta.is**) og Þórður S. Óskarsson (**thordur@intellecta.is**) í síma 511 1225. Umsóknarfrestur er til og með 3. desember nk. Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is.* ***Farið verður með allar umsóknir og fyrirspurnir sem trúnaðarmál og þeim svarað.*** *Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf.*

intellecta
ráðgjöf ráðningar rannsóknir

Intellecta, Síðumúla 5, 108 Reykjavík, sími 511 1225

LISTAHÁSKÓLI ÍSLANDS AUGLÝSIR EFTIR UMSÓKNUM UM STARF

REKTORS

Listaháskóli Íslands er miðstöð æðri listmenntunar á Íslandi og hefur viðurkenningu stjórnvalda á fræðasviði lista. Einkunnarorð skólans og leiðarljós eru: forvitni - skilningur - áræði.

Rektor allra listgreina
Eldmóður og skýr framtíðarsýn fyrir listir og hönnun þarf að einkenna rektor Listaháskóla Íslands. Mikilvægt er að rektor hafi listræna yfirsýn, þekkingu og innsæi. Rektor þarf að vera áræðinn og frjór og njóta virðingar og trausts innan hins akademíska samfélags og meðal listamanna. Sem opinber málsvari og talsmaður skólans þarf hann að vera ritfær og geta komið vel fyrir sig orði á opinberum vettvangi.

Rektor er æðsti stjórnandi Listaháskólans og annast rekstur og stjórnun í umboði stjórnar og ber ábyrgð gagnvart henni.

Listaháskóli Íslands er sjálfseignarstofnun með viðurkenningu á fræðasviðinu listir og starfar samkvæmt lögum um háskóla 63/2006. Skólinn starfar í fimm deildum: myndlistardeild, hönnunar-og arkitektúrdeild, tónlistardeild, leiklistar- og dansdeild, og listkennsludeild. Nemendur eru um 480, þar af einn fimmti á meistarastigi. Skólinn starfar á þremur stöðum í Reykjavík: Þverholti, Sölvhólsgötu, og Laugarnesvegi.

Menntun og hæfniskröfur:
- Meistara- eða doktorspróf í listum og/eða listtengdum greinum
- Yfirgripsmikil reynsla af listsköpun og/eða akademísku starfi getur verið metin jafngild ofangreindum menntunarkröfum
- Umtalsverð reynsla af starfi í listsköpun og/eða af akademísku starfi ásamt stjórnunarreynslu
- Leiðtogahæfni, innsæi og lipurð í samskiptum

Hæfisnefnd verður skipuð af stjórn þegar umsóknir liggja fyrir. Nefndin hefur það hlutverk að meta menntun, reynslu og hæfi umsækjenda. Farið er með nöfn umsækjenda sem trúnaðarmál. Umsækjendur þurfa þó að vera reiðubúnir að standa frammi fyrir lokuðum hópi stjórnenda innan skólans og gera grein fyrir sinni framtíðarsýn fyrir Listaháskóla Íslands. Stjórn tekur endanlega ákvörðun um ráðningu og er rektor ráðinn til fimm ára í senn frá og með 1. ágúst 2013.

Umsóknum skal skila á aðalskrifstofu skólans að Þverholti 11, Reykjavík, eigi síðar en fimmtudaginn 3. janúar næstkomandi. Skólinn áskilur sér rétt til að hafna öllum umsóknum.

Upplýsingar um starfið veita:
Gunnhildur Arnardóttir gunnhildurarnar@ceohuxun.is
og Trausti Harðarson traustihardar@ceohuxun.is

LISTAHÁSKÓLI ÍSLANDS
Iceland Academy of the Arts

www.lhi.is



Innkaupafulltrúi

Hjá Bílabúð Benna starfa um 100 starfsmenn og hefur fyrirtækið stækkað ört á undanförnum árum. Til að mæta þessum vexti viljum við ráða innkaupafulltrúa í innkaupadeild fyrirtækisins.

Helstu verkefni:

- Innkaup varahluta frá Chevrolet, SsangYong og Porsche
- Innkaup fyrir verslun
- Sérpantanir
- Verðútreikningar
- Samskipti við flutningsfyrirtæki
- Önnur tilfallandi verkefni í samráði við deildarstjóra

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Reynsla af vörustjórnun skilyrði
- Viðskiptafræðimenntun kostur
- Reynsla af Opus Allt og Excel kostur
- Þekking á tollskýrslugerð kostur
- Þekking á varahlutum bifreiða kostur
- Hæfni til þess að tjá sig á ensku í rituðu og töluðu máli
- Þýskukunnátta kostur
- Góð framkoma og hæfni í samskiptum
- Frumkvæði og fagmennska í starfi
- Sjálfstæð og öguð vinnubrögð

Nánari upplýsingar um starfið veitir Elvar Ólafsson í síma 590 2003.
Umsókn skal senda á tölvutæku formi til elvar@benni.is
Umsóknarfrestur er til og með 3. desember n.k.

Bílabúð Benna • Vagnhöfða 23 • 110 Reykjavík
Sími: 590 2000 • Fax: 590 2099 • www.benni.is

CHEVROLET PORSCHE TOYO TIRES driven to perform

Bílabúð Benna – Sérfræðingar í bílum

Garðyrkjufræðingur óskast

Kirkjugarðar Reykjavíkurprófastsdæma (KGRP) óska eftir að ráða garðyrkjufræðing til starfa.
Viðkomandi þarf að hafa lokið námi frá garðyrkjuskóla, helst af skrúðgarðyrkjubraut. Verkefnin felast í almennum garðyrkjustörfum og verkstjórn.

Ráðið verður í starfið frá og með 1. janúar n.k. eða eftir samkomulagi. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi KGRP og Samiðnar f.h. aðildarfélaga þess.

Skriflegar umsóknir skal senda til KGRP, Vesturhlíð 8, 105 Reykjavík, fyrir 11. desember n.k. merkt: „Garðyrkjufræðingur".

Nánari upplýsingar um starfið veitir garðyrkjustjóri KGRP í síma 585-2770 eða 897-2472 næstu daga.

Upplýsingar um KGRP:
www.kirkjugardar.is

KIRKJUGARÐAR REYKJAVÍKURPRÓFASTSDÆMA

Capacent Ráðningar

NÝ SKRIFSTOFA... NÝ TÆKIFÆRI

Skrifstofa eigna og atvinnuþróunar (SEA) er hluti af miðlægri stjórnsýslu ráðhússins og gerir tillögur til borgarráðs. Skrifstofan mun hafa aðsetur í Ráðhúsinu.

Skrifstofa eigna og atvinnuþróunar auglýsir stöður fjármálastjóra og umsjónarmanns viðhalds fasteigna lausar til umsóknar. Stöðurnar heyra báðar undir skrifstofustjóra.

Verkefni skrifstofunnar eru að annast málefni eignasjóðs Reykjavíkurborgar, markaðssetningu og þróun lands í samræmi við atvinnustefnu borgarinnar og aðalskipulag, gerð úthlutunarskilmála og umsjón með lóðaúthlutunum. Einnig hefur skrifstofan umsjón með hlutafélögum sem tengjast nýsköpun, þróun og/eða eignasjóði Reykjavíkurborgar, leiðir verkefni tengd miðborginni, tekur þátt í þróunarverkefnum til að efla miðborgina og bæta samkeppnisstöðu og fjölbreytileika hennar. Tryggingamál Reykjavíkurborgar heyra undir skrifstofuna í samstarfi við fjármálaskrifstofu borgarinnar.

FJÁRMÁLASTJÓRI

Helstu viðfangsefni:

- Gerð ársreiknings eignasjóðs og uppgjör í samráði við fjármálaskrifstofu og ytri endurskoðendur
- Gerð fjárfestinga- og rekstraráætlunar eignasjóðs
- Gerð greiðsluáætlana
- Uppáskrift reikninga og almennt eftirlit með reikningum og rekstri
- Seta í fjárstýringarhóp ásamt skrifstofustjóra
- Önnur verkefni í samráði við skrifstofustjóra

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólapróf á sviði viðskipta eða rekstrar
- Reynsla af fjármálastjórn
- Þekking af opinberri stjórnsýslu kostur
- Greiningarhæfni
- Góðir samskiptahæfileikar
- Frumkvæði, sjálfstraust og öguð vinnubrögð
- Færni til að tjá sig í ræðu og riti

UMSJÓNARMAÐUR VIÐHALDS FASTEIGNA

Helstu verkefni:

- Gerð viðhaldsáætlana og eftirlit með þeim
- Skipting fjárveitinga í fyrirséð viðhald og ófyrirséð
- Þátttaka í gerð fjárfestingaáætlana
- Greining viðhaldsverkefna

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Menntun í verk- eða tæknigreinum á háskólastigi ásamt framhaldsmenntun sem nýtist í starfi
- Þekking og reynsla af opinberri stjórnsýslu
- Reynsla af verkefnastjórnun
- Þekking og reynsla af viðhaldi og rekstri fasteigna
- Jákvætt hugarfar, rík þjónustulund, færni í samskiptum og samvinnu
- Hæfni til að setja fram mál í ræðu og riti

Um laun og starfskjör í störfin fer samkvæmt kjarasamningum Reykjavíkurborgar við hlutaðeigandi stéttarfélög. Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.

Umsjón með ráðningunum hafa Helga Jónsdóttir (helga.jonsdottir@capacent.is) og Jóna Björk Sigurjónsdóttir (jona.sigurjonsdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum.
Umsóknarfrestur er til og með 10. desember nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um störfin á heimasíðu Capacent Ráðninga, **www.capacent.is**.
Umsóknum eiga að fylgja ítarlegar starfsferilsskrár og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent

A WORLD OF OPPORTUNITIES



Fluor er alþjóðlegt verkfræðifyrirtæki með skrifstofur í 60 löndum og sex heimsálfum. Fluor býður upp á heildarlausnir í verkefnastýringu og verkfræðiþjónustu, allt frá hugmyndavinnu til innleiðingar og eftirfylgni verkefna. Fluor Ísland hefur það að markmiði að þróa langtímasambönd við viðskiptavini sína með það að leiðarljósi að bæta ferla, auka skilvirkni og hjálpa til við að bæta framleiðslugetu í verksmiðju Alcoa Fjarðaáls á Austurlandi. Eftirfarandi stöður eru lausar til umsóknar hjá Fluor á Austurlandi:

SVÆÐISSTJÓRI FLUOR Á AUSTURLANDI (ON –SITE MANAGER)

Svæðisstjóri er í leiðandi hlutverki í öllum verkefnum hjá Fluor gagnvart Alcoa Fjarðaáli. Sem leiðtogi hópsins er svæðisstjóri ábyrgur fyrir þróun mannauðs og mannaflaþörf. Svæðisstjóri ber tæknilega ábyrgð á verkum ásamt því að stýra kostnaði verkefna,fjárhagsáætlunum og samskiptum við viðskiptavini.

RAFMAGNSVERKFRÆÐINGUR (E & I ENGINEER LEAD)

Rafmagnsverkfræðingur vinnur með og leiðir teymi sérfræðinga í þverfaglegum verkfræðilegum verkefnum. Rafmagnsverkfræðingur vinnur verkefni út frá skilgreindum þörfum viðskiptavina og yfirfærir í tæknilegar útfærslur.

BYGGINGARVERKFRÆÐINGUR (CIVIL STRUCTURAL ENGINEER)

Byggingarverkfræðingur Fluor á Austurlandi mun hafa yfirumsjón með byggingar- og framkvæmdaverkefnum sem og viðhaldsverkum sem Fluor sinnir á álverslóðinni, meðal annars hugmynda- og hönnunarvinnu (CSA Design), gerð verklýsinga og nákvæmum útfærslum lausna í samráði við verkkaupa.

YFIRMAÐUR FRAMKVÆMDAVERKA (CONSTRUCTION MANAGER)

Yfirmaður framkvæmdaverka leiðir verkstjórn og samhæfingu verkefna Fluor og undirverktaka gagnvart Fjarðaáli. Hlutverk hans er að sinna kostnaðaráætlanagerð, verkáætlunum og mannaflaþörf. Þá ber hann ábyrgð á öryggi og heilsu ásamt því að hafa umsjón með skuldbindingum undirverktaka Fluor.

VÉLAVERKFRÆÐINGUR (MECHANICAL ENGINEER)

Vinsamlegast sendið okkur skilaboð - contact@srulirecht.com



THE ENGLISH PUB - REYKJAVÍK

Óskar eftir að ráða fólk í allar stöður. Þræl skemmtilegur vinnustaður og mikil vinna í boði fyrir duglegt og jákvætt fólk.

Upplýsingar í s. 697 9003 eða ingvar@enskibarinn.is

MODUS HÁRSTOFA SMÁRALIND

Leitar af fagmönnum í 50 og 100% vinnu. Uppl. s. 770 3881

VINNA HEIMA

Frábært til framtíðar sem krefst vilja og tíma. Tekjur: auka eða aðal. Þú ræður ferðinni. 2 klst á dag 5 daga vikunnar s. 822 8244.

Atvinna óskast

Þjónn með góða reynslu óskar eftir starfi sem fyrst. Uppl. í S. 690 7786. Vr. Elías.

TILKYNNINGAR

Ýmislegt

Einkalán. Getur þú bjargað mér? Traust - háir vextir. S. 696-7346.

Einkamál

SPJALLDÖMUR 908 5500

Ertu einmanna?
Langar þig til þess að tala við símadömu.
Opið þegar þér hentar, hlökkum til að heyra í þér.

frá fimmtudegi til sunnudags

5 ÁRA Afmælishátíð

Í HOLTAGÖRÐUM

tilboðin gilda
eingöngu í Holtagörðum





20% afsláttur af öllum fatnaði og skóm



20% afsláttur af fæðubótarefnum & vítamínum



20% afsláttur af lífrænum vörum



20% afsláttur af öllum leikföngum



20% afsláttur af öllum snyrtivörum

HELENA RUBINSTEIN CLARINS Dior SENSAI
LANCÔME BIOTHERM YVES SAINT LAURENT CHANEL SHISEIDO
Elizabeth Arden GUERLAIN CLINIQUE ESTĒE LAUDER

Gildir aðeins í Holtagörðum til 25. nóvember.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

Jenson Button
McLaren - Mercedes

Stig.....163
Mótssigrar.....2
Verðlaunasæti.....5
Ráspólar.....1





Lewis Hamilton
McLaren - Mercedes

Stig.....190
Mótssigrar.....4
Verðlaunasæti.....7
Ráspólar.....6





Mark Webber
Red Bull - Renault

Stig.....167
Mótssigrar.....2
Verðlaunasæti.....4
Ráspólar.....2





Kimi Räikkönen
Lotus - Renault

Stig.....206
Mótssigrar.....1
Verðlaunasæti.....7
Ráspólar.....0





Tímatökur



Í þessi fjórtán skipti sem Vettel hefur skákað Alonso í tímatökum hefur bilið á milli þeirra að jafnaði verið

0,719 sek.

Þegar Alonso var á undan var bilið að jafnaði

0,364 sek.

Þetta segir okkur að Red Bull-bíll Vettel hefur verið mun hraðskreðari en Ferrari-bíll Alonso í ár.

Birgir Þór Harðarson
birgirh@frettabladid.is



Þeir Fernando Alonso og Sebastian Vettel freista þess báðir að vinna sinn þriðja heimsmeistaratitil. Vettel gæti jafnframt orðið yngsti þrefaldi heimsmeistarinn frá upphafi. Árangur Alonso yrði ekki síðri, því almennt er talið að honum hafi tekist hið ómögulega í ár: Að há titilbaráttu fram í síðasta mót ársins.

Keppnistímabilið hefur þróast stórkostlega í ár. Aldrei hafa fleiri ökumenn unnið kappakstur á einu ári og aldrei hefur árangur ökumanna verið svo misjafn milli móta. Það sem hefur fleytt Alonso svona langt í keppninni í ár er mikill stöðugleiki hans í mótunum.

Á hinn bóginn hefur Vettel sýnt af sér áður óþekkta grimmd, sigrast á nær óyfirstíganlegum verkefnum og verið eldsnöggur í frábærum Red Bull-bíl. Hvorugur mun gefa tommu eftir í Brasilíu.

Próun tímabilsins hjá Alonso og Vettel





ALONSO GEGN VETTEL



Fernando Alonso á Ferrari og Sebastian Vettel á Red Bull há úrslitabaráttu um heimsmeistaratitilinn í Formúlu 1 í síðasta móti ársins í Brasilíu á morgun. Birgir Þór Harðarson tók saman hvernig tímabilið hefur þróast.

260 stig

273 stig

Fernando Alonso
Ferrari

Árangur eftir 19 mót

Stig.....260
Mótssigrar.....3
Verðlaunasæti.....12
Ráspólar.....2



Sebastian Vettel
Red Bull - Renault

Árangur eftir 19 mót

Stig.....273
Mótssigrar.....5
Verðlaunasæti.....10
Ráspólar.....6



Heimsmeistaratitill bílasmiða árið 2012

Red Bull-liðið hefur þegar tryggt sér heimsmeistaratitil bílasmiða þó eitt mót sé eftir.

	Lið	Vél	Stig
1	Red Bull	Renault	440
2	Ferrari	Ferrari	367
3	McLaren	Mercedes	353
4	Lotus	Renault	302
5	Mercedes	Mercedes	136

Schumacher hverfur á braut

Michael Schumacher, sjöfaldur heimsmeistari í Formúlu 1 og ökumaður Mercedes-liðsins, ekur í sínum síðasta kappakstri um helgina. Þetta verður í annað sinn á ferlinum sem hann hættir keppni í þessari efstu deild mótorsports.

Schumacher er sigursælasti ökuþór allra tíma. Enginn hefur unnið jafn marga titla á sínum ferli, enginn jafn mörg mót og enginn hefur staðið jafn oft á verðlaunapalli.

Meistarinn ók með fjórum liðum síðan 1991. Hann hætti keppni árið 2006 en sneri aftur 2010 með Mercedes. Síðustu þrjú ár hafa verið vonbrigði miðað við feril hans; Aðeins einu sinni sótti hann verðlaun á keppnistímabilinu, í Valencia fyrr í ár.



91 mót hefur Schumacher unnið á ferlinum. Það tókst honum í 305 kappökstrum. Sigurhlutfall hans er því 29,8%. Þá hefur hann leitt flesta hringi af öllum, eða 5.111 hringi.

→ Prefaldir heimsmeistarar í F1

Michael Schumacher	7 titlar	1994, 1995, 2000-2004
Juan Manuel Fangio	5 titlar	1951, 1954-1957
Alain Prost	4 titlar	1985, 1986, 1989, 1992
Jack Brabham	3 titlar	1959, 1960, 1966
Jackie Stewart	3 titlar	1969, 1971, 1973
Niki Lauda	3 titlar	1975, 1977, 1984
Nelson Piquet	3 titlar	1981, 1983, 1987
Ayrton Senna	3 titlar	1988, 1990, 1991

Sígræna jólatréð -eðaltré ár eftir ár!



Skátahreyfingin hefur um árabil selt sígræn eðaltré í hæsta gæðaflokki og prýða þau þúsundir heimila og fyrirtækja.

Frábærir eiginleikar:

- 10 ára ábyrgð
- 12 stærðir (90-500 cm)
- Stálfótur fylgir
- Ekkert barr að ryksuga
- Veldur ekki ofnæmi
- Eldtraust
- Þarf ekki að vökva
- Íslenskar leiðbeiningar

prýðum & plöntum
Við gróðursetjum lifandi tré í skógrækt skáta að Úlfljótsvatni fyrir hvert Sígrænt jólatré sem keypt er. Þú prýðir híbýli þín með Sígrænu jólatré og stuðlar að skógrækt um leið!

Sígrænu jólatrén eru seld í Skátamiðstöðinni Hraunbæ 123 í Reykjavík, s: 550 9800 og á skátavefnum: www.skatar.is

Skátarnir

FRÁBÆR VERÐ
Á FLOTTUM MERKJUM

TILBOÐSDAGAR

30%
AUKAAFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM

Puma æfingabolur
Verð: 6.990 kr.
Outlet-verð: 4.990 kr.
Tilboðsverð:
3.495 kr.

Didriksons barnaúlpa
Verð: 17.990 kr.
Outlet-verð: 13.490 kr.
Tilboðsverð:
9.445 kr.

Puma herranærbuxur
Verð: 3.990 kr.
Outlet-verð: 1.990 kr.
Tilboðsverð:
1.395 kr.

Puma gervigrasskór
Barnastærðir
Verð: 6.990 kr.
Outlet-verð: 4.990 kr.
Tilboðsverð:
3.495 kr.

Puma fótboltasokkar
Verð: 1.990 kr.
Outlet-verð: 1.490 kr.
Tilboðsverð:
1.045 kr.

Speedo Kickboard
Verð: 3.990 kr.
Outlet-verð: 1.690 kr.
Tilboðsverð:
1.185 kr.

Puma Veris hlaupaskór
Kvennastærðir
Verð: 24.990 kr.
Outlet-verð: 17.990 kr.
Tilboðsverð:
12.595 kr.

Puma hettupeysa
Barnastærðir
Verð: 10.990 kr.
Outlet-verð: 7.490 kr.
Tilboðsverð:
5.245 kr.

Puma kvartbuxur
Stelpustærðir
Verð: 6.990 kr.
Outlet-verð: 4.490 kr.
Tilboðsverð:
3.145 kr.

Catmandoo vetrarskór
Verð: 13.990 kr.
Outlet-verð: 9.990 kr.
Tilboðsverð:
6.995 kr.

Speedo sundskýla
Strákastærðir
Verð: 4.990 kr.
Outlet-verð: 2.990 kr.
Tilboðsverð:
2.095 kr.

Casall æfingatoppur
Verð: 10.990 kr.
Outlet-verð: 6.990 kr.
Tilboðsverð:
4.895 kr.

AÐEINS Í NOKKRA DAGA!

SPORT OUTLET

Vínlandsleið 6
113 Reykjavík

Opið:
Virka daga kl. 11-18
Laugardaga kl. 11-16
Sunnudaga kl. 13-17



Við erum í Vínlandsleið í Grafarholti



Konráð og félagar á ferð og flugi 19

Teikningar og texti: Bragi Halldórsson

„Eldspýtnaþraut!“ hrópaði Lísaloppa. „Mér finnst þær svo skemmtilegar.“ Kata leit óhýru auga á Róbert og sagði með þjósti. „Jæja Róbert, ert þú ekki snillingur í eldspýtnaþrautum eins og öllu öðru.“ Róbert snéri upp á sig og setti upp snúð. „Ég leggst ekki svo lágt að reyna að leysa svona barnalegar þrautir.“ Kata glotti. „Við Lísaloppa leysum hana þá bara í huganum og þegar við erum búnar að því, mátt þú segja okkur lausnina,“ sagði hún ísmeygilega. „Ertu ekki sammála Lísaloppa?“ „Jú, jú,“ sagði Lísaloppa annars hugar, því hún var að lesa leiðbeiningarnar fyrir þrautina.

„Hér stendur,“ sagði Lísaloppa, „færðu til þrjár eldspýtur þannig að fiskurinn fari að synda í hina áttina.“

Getur þú hjálpað þeim að leysa þessa þraut?



Heilabrot

1. Hvað er það sem gengur og gengur en kemst ekki úr sporunum?

2. Hvað er það sem kemur 25 sinnum á 100 árum og þá aðeins einn dag í einu?

3. Hver segir manni alltaf satt þegar maður spyr hann?

4. Í hvaða íþróttagrein verður sigurliðið alltaf að ganga aftur á bak?

SVÖR

1. Úrið 2. 29. febrúar 3. Spegillinn 4. Í reiptogi

TEIKNAR ÞÚ FLOTTAR MYNDIR?

Sendu okkur myndina þína í pósti til Fréttablaðsins, Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík eða með tölvupósti á krakkar@frettabladid.is

Þegar piparkökur bakast



Piparkökur eru eftirlætissmákökur margra krakka og nú er sannarlega rétti tíminn til þess að byrja að spreyta sig á smákökubakstri. Mikilvægt er að hafa í huga að fylgja ekki uppskrift piparkökudrengsins í Hálsaskógi sem setti kíló pipar í deigið! Krakkasíðan hefur eftir áreiðanlegum heimildum að þessi piparkökuuppskrift sé afbragð. Yngri krakkar þurfa vitanlega að fá aðstoð fullorðinna við baksturinn, og minna verður á að deigið verður best ef það er búið til daginn áður en bakað er.

Piparkökur fjölskyldunnar

Uppskriftin gefur um 100-120 piparkökur

500 g hveiti
280 g sykur
2 tsk. natrón
3 tsk. kanill
1 1/2 tsk. negull
1 1/2 tsk. engifer
1/2 tsk. pipar
180 g smjör
1 dl síróp
1 dl sterkt kaffi (nescafé virkar vel)

Smjör mulið út í þurrefni og sírópi og kaffi bætt við. Hnoðað vel og deigið geymt í ísskáp yfir nótt, eða að minnsta kosti í nokkra klukkutíma. Deigið breitt fremur þunnt út og skorið út í öllum hugsanlegum formum. Bakað við um 170 gráður, á blæstri eða 190 gráður ef ekki blástur. Skreytið með glassúr að vild. Bökunartími er um 8 mínútur.

Sjónvarp, tölvur og fjarstýrðir bílar óþarfi

Í Barnasáttmálaviku Selsins í Melaskóla ræddu börnin um réttindi barna, nauðsynjar og óþarfa. Þau ræddu einnig hverju þau vildu breyta í Selinu, enda réttindi barna að fá að segja hvað þeim finnst. Fréttablaðið leit í heimsókn.



HELENA RUT HALLGRÍMSDÓTTIR
7 ÁRA

Geturðu sagt mér hvað þið eruð að gera? Í þessari viku eigum við að hjálpast að, við höfum til dæmis farið í miðaleik.

Hvernig er hann? Við skoðum hvað við þurfum og hvað við þurfum ekki.

Og hvað þurfum við? Við þurfum vatn, mat og það er mikilvægt að kunna að lesa. En við þurfum ekki að fara alltaf í tölvuna og ekki að eiga GSM-síma og ekki heldur iPad.

En þurfa börn jól? Já.

Af hverju? Af því jól eru svo merkileg. Það er alltaf þannig hjá mér að við förum með bæn því þá á Guð eða Jesús afmæli og þá þurfum við að halda upp á það.



ELÍN ALEXANDRA SÓLVEIGARDÓTTIR
7 ÁRA

Hvað eruð þið að gera í miðaleiknum? Við erum að finna eitthvað sem er ekki nauðsynlegt að nota í lífinu.

Getur þú sagt mér hvað barnasáttmálinn er? Nei, ég veit ekkert hvað það er.

Hvað eru réttindi? Það eru réttindi að börn fái að segja það sem þeim finnst.

Geturðu nefnt mér tvö réttindi? Fjölskylda og matur.

Eru jólin réttindi? Já.

En eru jólin réttindi alls staðar í heiminum? Nei, ekki þar sem fólk trúir ekki á Jesús.



KRISTÍN BJÖRNSDÓTTIR
7 ÁRA

Getur þú nefnt mér eitthvað tvennt sem er nauðsynlegt? Sími og vatn.

En hvað er óþarfi? Það er óþarfi að hafa sjónvarp og eiga fjarstýrðan bíl.

Hvers vegna er þetta óþarfi? Því þetta er bara eitthvað dót og maður fær illt í augun af sjónvarpinu.

Eru jólin réttindi? Já.

Hvers vegna? Af því þá á Jesús afmæli.

ATLI HRAFN BERNBURG OG ÓLAFUR ÁKI KJARTANSSON
7 ÁRA

Hvað eruð þið að gera? **Atli:** Rétt áðan, fyrir nokkrum sekúndum, vorum við að lesa einhverja bók um hvernig það er að vera á Íslandi. Hún var mjög löng. Svo fórum við í leiki.

Vitið þið hvað barnasáttmálinn er? **Ólafur:** Það er bara eitthvað um réttindi barna. Að það séu réttindi barna að leika sér og svoleiðis.

Atli: Áðan áttum við að skrifa niður hvað við vildum hafa í Selinu. Það voru ótrúlega margir sem vildu hafa hoppukastala í Selinu en ég vildi frekar hafa trampólín.



En hvað eru réttindi? **Ólafur:** Til dæmis vatn. **Atli:** Til dæmis matur. Mig langaði svo mikið að hafa Angry Birds, en það er óþarfi því það er tölvuleikur.

En samt eru réttindi barna að leika sér? **Atli:** Já! Þess vegna langaði mig svo mikið að hafa það með.



Hvað er nauðsynlegt að eiga? **Ólafur:** Heimili og fjölskyldu. **Atli:** Trén!

En eru jól nauðsynleg?

Atli: Ne-ei... en þá er afmælisdagurinn hans Jesú.

KRÓNAN

– fyrst og fremst ódýr!

TOKYO sushi



HEFUR OPNAÐ Í KRÓNUNNI Á GRANDA



Í fyrsta sinn á Íslandi: Ferskt sushi búið til á staðnum í matvöruverslun!

Tokyo sushi hefur einnig opnað í Krónunni Lindum

KRÓNAN Granda OPIÐ 10-20 ALLA DAGA!

EXPO • www.expo.is

STJÓRNMÁL • BANKAR OG FJÁRMÁLAMARKAÐUR • ATVINNULÍF • NÁTTÚRUHAMFARIR • GLÆPIR OG DÓMSMÁL • FJÖLMIÐLAR • SAMSKIPTI VIÐ UMHEIMINN • NÁTTÚRUVERND OG UMHVERFI

ÍSLAND Í AL

2001

Árin sem aldrei

Fyrsti áratugur 21. aldarinnar
var ævintýralegt tímabil hér á landi
svo ekki sé meira sagt.
Hér er öllum helstu merkisviðburðum
gerð ítarleg skil en ýmsum veigaminni
þáttum, skondnum eða skelfilegum,
jafnframt haldið til haga.

JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is

Ríkulega myndskreytt – um 800 ljósmyndir



ÁRATUGUR ÖFGANNA

DANNA RÁS

2010

mega gleymast

- Lettneskur fjöldamorðingi í fiskvinnslu á Dalvík
- Falun Gong
- Bolludagsmálið
- Hrunið
- Samráð olíufélaganna
- Lík finnst í Norðfjarðarhöfn
- Innmúraðir og innvígðir tölvupóstar
- Voðaverk í Breiðuvík
- Hass í húsbíl
- Hvítabjarnarsumarið mikla
- Jóhanna Guðrún heillar Evrópu
- Nímenningar ákærðir
- Baráttan um vatnið
- Guð blessi Ísland



448 blaðsíður í stóru broti



SAGA LANDS OG ÞJÓÐAR ÁR FRÁ ÁRI

KROSSGÁTA

LÁRÉTT

1. Heyja menn eða fiskar? (8)
5. Hrein hefta rugl á kvarða (10)
11. Hreysið er gildran í íslenskri kvikmyndasögu (14)
12. Hin hreina baðaði sig (7)
13. Bæjarbúar og heimamenn (10)
14. Hættuspil gefur Lúter alt (8)
15. Glyrna Ránar eygir ysta sæ (8)
18. Mat á fjölda beina er vísbending um stofnstærð (11)
19. Þvaðrandi stórveldi er einsog vél (7)
21. Að skriðu og sköpun (8)
23. Hverfum frá skólafólki (7)
26. Þoldir röð atburða og pretta (10)
27. Sólsetur og skítapest fara vel saman (11)
28. Kornskikinn er frjósöm grund (9)
31. Stormur Unu er í skærunum (10)
33. Hlaupagleði Gotta, Búra og Gamla Óla (10)
34. Tæki og tæki, kannski mótorgalli? (10)
35. Tiltölulega nýr Opel í smærri kantinum fellur í flokk yngstra (10)
37. Fögur sem hlíðin, þessi kvenmaður (10)
38. Enn lappar vegna ganglims (10)

LÓÐRÉTT

1. Borgarblaðurskjóða er lóðs (13)
2. Eymdarhreysi geymir gotterí (9)
3. Litur hækkar sælgæti (7)
4. Af bókarbrjáluðum og klúrum pennum (8)
5. Fyrsti kjarninn knýr allt sem á eftir kemur (14)
6. Klúbbur fyrir landabrugg og prjónaskap? (20)
7. Samskonar sá örn í umhverfi hvar eitt var öðru líkara (11)
8. Húðfitan er kekkjótt en gómsæt (11)
9. Gyðja epla og útgáfu (5)
10. Á tónverk að tengjast við kvæði, spyr landnámsmaður (12)
16. Metur leyfi söfnuðar meðfram tjörninni (14)
17. Söfnum timbri (5)
20. Fjör hins mikla fleins (10)
22. Hef töf, gef von (6)
24. Pússa hólf fyrir ruslið (10)
25. Yfirgefin rifja upp liðna blíðu (10)
29. Slæmur peningur fyrir rætna (7)
30. Skagamenn sökkva ekki lægra en fornfrægt gufuskip (6)
32. Pússning Hauks er verk iðnaðarmanna (6)
36. Hlé er sama og tap (3)



D	Ú	L	L	U	R	A	S	S	■	Á	■	B	■	R	■	A	M	E	N
Y	■	Ú	■	P	■	L	■	I	L	S	K	Ó	R	I	N	N	■	■	E
F	O	R	S	P	I	L	I	Ð	■	T	■	K	■	S	■	D	R	A	G
L	■	U	■	H	■	A	■	A	■	Æ	■	A	■	A	■	V	■	■	L
I	N	N	H	E	R	J	A	V	I	Ð	S	K	I	P	T	A	N	N	A
N	■	U	■	I	■	A	■	A	■	U	■	O	■	O	■	R	■	■	N
N	Á	M	U	M	■	F	I	N	G	R	A	S	E	T	N	I	N	G	■
A	■	■	■	A	■	N	■	D	■	■	■	T	■	T	■	■	Í	■	Ý
R	Ó	M	A	R	F	A	R	A	R	■	E	I	T	U	R	B	R	A	S
S	■	Ó	■	■	L	■	■	■	E	I	G	N	I	R	■	■	Æ	■	U
A	F	R	Í	K	U	R	Í	K	I	■	I	N	G	I	R	Í	Ð	U	R
M	■	A	■	■	G	■	R	■	Ð	■	L	■	N	N	■	■	U	■	■
K	U	L	D	A	K	A	S	T	I	■	S	■	A	N	D	O	R	R	A
O	■	S	■	■	E	■	K	■	L	Æ	S	I	R	■	A	■	■	■	N
M	E	K	K	A	N	Ó	A	■	E	■	T	■	V	■	G	■	Ó	■	D
U	■	A	■	■	N	■	R	E	Y	F	A	R	A	B	R	A	G	U	R
L	E	R	K	A	S	T	■	■	■	S	■	Ð	■	L	■	E	■	A	■	Ý
A	■	■	R	■	L	■	V	E	I	K	I	N	D	U	N	U	M	■	M
G	■	■	E	■	A	■	E	■	N	■	R	■	I	■	T	■	A	■	I
■	K	Ú	M	E	N	B	R	A	U	Ð	■	■	Ð	■	A	G	N	E	S

Lausnarorð síðustu viku var
MEÐALMENNSKA

FORLAGIÐ

VEGLEG VERÐLAUN

Vikulega er dregið er úr innsendum lausnarorðum og fær vinningshafi eintak af bókinni Skáld frá Forlaginu. Vinningshafi síðustu viku var **Helga Stefánsdóttir, Mosfellsbæ** og getur hún vitjað vinningsins í afgreiðslu 365, Skaftahlíð 24.



LAUSNARORÐ

Ef bókstöfunum í skyggðu reitunum er raðað rétt saman birtist einstök náttúruperla. Sendið lausnarorðið í síðasta lagi 28. nóvember næstkomandi á **krossgata@frettabladid.is** merkt „24. nóvember“.



DÝR VIKUNNAR

TAPÍR



MALASÍUTAPÍR Stóri suðaustur-asíski tapírinn, sem kenndur er við Malasíu, þekkist á tvílitum feldinum.

Gæfur og ævaforn ættingi nashyrninga og hesta

Tapírar minna dálítið á svín með lítinn rana. Nánustu ættingjar þeirra í dýraríkinu, þótt fjarskyldir séu, eru hins vegar hestar og nashyrningar.

Heimkynni flestra tapíra eru í skógum Mið- og Suður-Ameríku, þótt einnig megi finna þar lítið og loðið afbrigði hátt uppi í Andesfjöllum. Þeir stærstu, tvílit flykki, búa hins vegar í Suðaustur-Asíu og geta orðið vel upp undir 400 kíló að þyngd.

Tapírar eru taldir hafa breyst lítið í tugmilljónir ára, svo að eitthvað virðast þeir vera að gera rétt. Þeir eru að mestu náttförul dýr, éta lauf og ávexti og halda sig stóran hluta vökustunda sinna ofan í vatni.

Þeir geta orðið þrjátíu ára gamlir og hafa þykkan skráp sem ver fullvaxin dýr fyrir árásum rándýra á borð við jagúara, tígrisdýr, krókódíla og kyrkislöngur. Maðurinn er þeirra helsta ógn, og veldur því að allar tegundirnar fjórar eru nú flokkaðar í útrýmingarhættu.

Sjálfir eru þeir að mestu gæfar skepnur, þótt örfá dæmi séu til um hrottafengnar árásir þeirra á mannfólk. Þeir hafa firnakröftugan skolt og árið 1998 beit til dæmis tapír handlegg af bandarískum dýragarðsverði.

- sh



TAPÍRSUNGI Ungviði allra tegundanna fjögurra er brúnleitt og hvítrákótt. Þessir felulitir hjálpa því að dyljast óvinum þegar það er of ungt til að geta varið sig.

Meira á www.intersport.is

VETUR

ALLIR ÚT AÐ LEIKA!



12.990 (áður 14.990)

FIREFLY WINNER PARKA
Úlpa með þykku og hlýju fóðri hetta með loðkraga sem taka má af.
Litir: Rauð, svört, mosagræn.
Stærðir: 130-160.

8.990

QUEEBEC
Góðar kuldabuxur.
Litur: Svartar.
Stærðir: 130-170.



15.990 (áður 19.990)

ETIREL DELAWARE PARKA
Þykk vetrarúlpa, hetta með loðkraga sem taka má af,hægt að þrengja í mittið. Dömustærðir.
Litir: Rauð og svört



8.490

MERINO
Nærbolur, 100% áströlsk merion ull.
Dömu og herrastærðir.
Litur: Svartur.



5.990

TREK POLES
Göngustafir, stækkanlegir.



5.990 (áður 7.490)

MCKINLEY CIRRUS
Útivistarbuxur úr EXODUS útivistarefni 5000mm vatnsheldni, vindheldar með límdum saumum og góðri öndun. Dömu- og herrastærðir.

7.490

MERINO
Síðar nærbuxur. 100% áströlsk merino ull.
Dömu og herrastærðir.
Litur: Svartar.



21.900 (áður 25.990)



CINTAMANI HRÓBJARTUR
Gönguskór með GREEN DIAMOND sóla,vatnsþolnir og léttir með góðri útöndun. Dömu og herrastærðir.
Litir: Hvítir, rauðir, svartir og gráir.

8.990



TECNOPRO SUSANNE
Listskautar. Stærðir: 35-40.

1.990



ETIREL SKI BASIC
Hlýir kuldavettlingar.
Litur: Svartir, bleikir og grænir. Stærðir: 5/6-7/9-10/12 .

17.990



STIGA STÝRISSLEÐI
Auðvelt að stýra, bremsur læsast ekki.

INTERSPORT

LINDUM / BÍLDSHÖFÐA / AKUREYRI / SELFOSSI / www.intersport.is / GILDISTÍMI: 10. – 30. NÓV.

ÞAÐ ER SPORT AÐ SPARA

EXPO • www.expo.is Verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl.

KROSSGÁTA



LÁRÉTT
2. planta, **6.** æst, **8.** matjurt, **9.** þukl, **11.** 950, **12.** faðma, **14.** mjaka, **16.** í röð, **17.** heyskaparamboð, **18.** siða, **20.** hljóm, **21.** áætlun.

LÓÐRÉTT
1. knattleiksknött, **3.** klafi, **4.** hugarró, **5.** angan, **7.** illfygli, **10.** rotnun, **13.** sjáðu, **15.** útmá, **16.** ósigur, **19.** samtök.

LAUSN

LÁRÉTT: **2.** mosi, **6.** ör, **8.** kál, **9.** káf, **11.** lm, **12.** knúsa, **14.** flikra, **16.** tu, **17.** orf, **18.** aga, **20.** óm, **21.** plan.

LÓÐRÉTT: **1.** þökk, **3.** ok, **4.** sálarró, **5.** ilm, **7.** ránfugl, **10.** fúi, **13.** sko, **15.** afmá, **16.** tap, **19.** aa.

FJÖRUGT SPIL FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA

Hlæðu af þér hausinn um jólin

Skemmtilegustu skopmyndateiknarar landsins leggja til teikningarnar – og þú semur brandarann. Þannig er SKRÍPÓ, hrikalega fyndið nýtt íslenskt spil sem fjölskyldan mun liggja í hláturskasti yfir.

Í SKRÍPÓ eru jafnvel fáránlegustu myndatextarnir sprenghlægilegir ...



SKRÍPÓ INNIHELDUR 150 FRÁBÆRAR TEIKNINGAR EFTIR

HUGLEIK DAGSSON, HALLDÓR BALDURSSON, LÓU HLÍN HJÁLMTÝSDÓTTUR OG SIGMÚND

FORLAGIÐ
www.forlagid.is

Þakkargjörðarkalkúnninn er kominn í IKEA

BAKÞANKAR
Brynhildar Björnsdóttur



Og ekki degi of snemma. Satt að segja hef ég beðið eftir því í mörg ár að þakkargjörðin næði fótfestu á Íslandi, að við tækjum upp þann frábæra sið að þakka fyrir að einhver hafi numið landið. Þetta nemur sig ekki sjálft. Feðurnir frægu og frjálsræðishetjurnar góðu frá Noregi (og nokkrar írskar konur) eiga á hættu að falla í gleymsku og dá á hverri stundu og bráðnauðsynlegt að minna sig á þau einu sinni á ári með því að helga þeim dag.

ÞAKKARGJÖRÐARHÁTÍÐIN er einmitt haldin í Bandaríkjunum til að fagna landafundum og búflutningum frá austurheimi á sautjándu öld. Þakkargjörðin varð þó ekki opinber hátíðisdagur fyrr en Abraham Lincoln Bandaríkjaforseta þótti það góð hugmynd að gefa út tilskipun þess efnis og það var ekki fyrr en starfsbróðir hans nokkrum áratugum síðar, Franklin D. Roosevelt, ákvað að hátíðina skyldi halda fjórða fimmtudag í nóvembermánuði að einhver skriður og skipulag komst á þakkarveitur Bandaríkjamanna. Þar er siður að nota tækifærið téðan fimmtudag til að þakka fyrir allt sem hægt er að láta sér til hugar koma að sé þakkarvert, veðrið, afkomuna, afkomendurna, mat og drykk og annað meira og minna nauðsynlegt til viðurværis.

Í ÞESSU sem ýmsu öðru eru Bandaríkjamenn ljósárum á undan Íslendingum, sem aldrei dettur í hug að þakka fyrir sig og óska þess í mismiklu laumi að skipið hans Ingólfs Arnarsonar hefði sokkið, svo vitnað sé í þjóðskáld. Við eigum auðvelt með að kvarta og kveina, veðrið er vont á Íslandi, allt er dýrt, kalt og dimmt og erfitt að vera til. Öll eru þessi umkvörtunarefni raunveruleg, ekkert þeirra ímyndað eða uppdiktað og varla einu sinni ýkt. Sumir ganga svo langt að lýsa frati á þessa tilraun sem hefur staðið í ellefu hundruð og eitthvað ár og snúa aftur til Noregs til að taka upp þráðinn.

VIÐ hin sem eftir þraukum veltum stundum fyrir okkur af hverju. Og þrátt fyrir allt er af nógu að taka. Hér er almenn velmegun miðað við nánast allan heiminn, langlangflestir hafa í sig og á og sprengjuregn er fátítt þó stundum komi eldgos. Við höfum trúfrelsi, tjáningarfrelsi (sem við notum til óbóta á stundum), við lifum lengi, erum frekar hraust og svo er það náttúran, fjölskyldutengslin, nándin og firrðin.

VIÐ höfum fulla ástæðu til að halda þakkargjörðarhátíð. Komið með kalkúninn!

MYNDASÖGUR

PONDUS Eftir Frode Øverli



GELGJAN Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



HANDAN VIÐ HORNIÐ Eftir Tony Lopes



BARNALÁN Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



AMERÍSKARA VERÐUR ÞAÐ EKKI



AMERÍSKIR DAGAR



Edwards
Sælkerakökur 5 teg.



Cheesecake Factory
Ostkakökur



Aunt Jemima
Vöfflur, pönnukökur og síróp



Eggo
Vöfflur



úrval af drykkjum





Ben & Jerry´s
– 5 nýjar tegundir



Sweet Cinnamon Pretzel
– mjúkar og góðar...



Amy´s kitchen
– enchiladas og mac´n´cheese



Mrs. Renfro´s sósur
– ekta USA salsasósur



Boca sojaréttir
– bara gott...



Girnilegt snakk
– ostapopp, ostasnakk, smjörpopp



Starbucks
– hið eina sanna



Amerísk karamelluterta
– bara gott...

OPIÐ
allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan & Eiðistorg

Gildir til 25. nóvember á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

MERKISATBURÐIR

1582 William Shakespeare giftist Anne Hathaway í Stratford-upon-Avon.

1670 Loðvík 14. gefur út framkvæmdaleyfi fyrir byggingu öryrkjaheimilisins Les Invalides í París.

1848 Sérstök stjórnardeild um málefni Íslands stofnuð í fyrsta sinn innan Kansellísins í Danmörku.

1859 Uppruni tegundanna eftir Charles Darwin kemur út.

1951 Pátturinn Óskalög sjúklinga í umsjá Björns R. Einarssonar hefur göngu sína í Ríkisútvarpinu.

1963 Meintur morðingi Kennedys, Lee Harvey Oswald, er skotinn af Jack Ruby í Dallas í Texas.

1965 Rjúpnaveiðimaður finnst eftir 70 klukkustunda útivist og langa leit í vonskuveðri. Flestir höfðu talið hann af.

1972 Suðurlandsvegur frá Reykjavík til Selfoss er formlega tekinn í notkun eftir endurgerð sem tók sex ár.

†



Bróðir okkar,

ÓSKAR LOFTSSON

lést á heimili sínu Bríetartúni 30 (Skúlagötu 74) föstudaginn 9. nóvember. Útförin hefur farið fram í kyrrþey. Sérstakar þakkir til heimilisfólksins Skúlagötu 74 og til félaga hans í Vin.

María Loftsdóttir
Guðmundur Loftsson

Jón Kristinn Valdimarsson
Sigríður Jónasdóttir

†



Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð, hlýhug og vináttu vegna andláts og útfarar ástkærs eiginmanns míns, föður okkar, tengdasonar, bróður, mágs og frænda,

ARINBJÖRNS AXELS GEORGSSONAR
Heiðarbraut 41, Akranesi.

Það er okkur dýrmætt að finna fyrir stuðningi ykkar á erfiðum tíma. Kærleikskveðjur.

Elísabet Harles
Ingibjörg Lilja Arinbjörnsdóttir
Ingibjörg Hafsteinsdóttir
Vilborg Guðríður Georgsdóttir
Halldór Sigfús Georgsson
Haukur Georgsson
Hjálmar Georgsson
Fjóla Georgsdóttir
Guðni Jóhannes Georgsson
Svandís Georgsdóttir
Hlynur Steinn Arinbjörnsson
Hákon H. Pálsson
Ingibjörn Sigurjónsson
Sigríður Bragadóttir
Regína Geirsdóttir
Sigrún Hjördís Haraldsdóttir
Ómar Þröstur Björgólfsson
Jóhanna María Sigurgeirsdóttir
Sigurvin Jón Kristjánsson
og systkinabörn.

†



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og vinarhug vegna andláts og útfarar ástkærs föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,

DAVÍÐS GUÐLAUGSSONAR
fyrrv. skipstjóra,
Hagaflöt 9, Akranesi.

Guðm. Rúnar Davíðsson
Sigurður Grétar Davíðsson
Harpa Hrönn Davíðsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

Margrét Sigurðardóttir
Hólmfríður D. Guðmundsdóttir
Búi Gíslason


Rúnar Geirmundsson


Sigurður Rúnarsson


Elís Rúnarsson


Þorbergur Þórðarson

Alhliða útfararþjónusta

Símar: 567 9110 & 893 8638
www.utfarir.is • runar@utfarir.is

Útfararþjónustan ehf.
Stofnað 1990

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
Suðurhlíð 35, Reykjavík • Símar 581 3300 & 896 8242 • www.utforin.is



ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is Símar: **565 5892 & 896 8242**

Nokkur orð um Ingó

Ingólfur Júlíusson er 42 ára fjölskyldufaðir sem tók sín fyrstu skref í Syðra-Garðshorni í Svarfaðardal og hefur víða komið við á sínum ferli. Hann var lestrarhestur á unglingsárum, átti hesta og mótorhjól og spilaði í pönkhljómsveitum, meðal annars Q4U.

Ingólfur, sem oftast er kallaður Ingó, hefur starfað við flesta fjölmiðla á Íslandi, fyrst á blöðum og tímaritum, síðan sjónvarpi og hefur unnið sjálfstætt frá árinu 2008. Hann hefur verið ljósmyndari Reuters-fréttastofunnar á Íslandi sem valdi eina mynda hans sem fréttamynd ársins 2010.

Ingó hefur fengist við myndbandagerð, tónlist, útskurð, fjallamennsku og síðustu ár hefur hann verið virkur í víkingafélaginu Einherjum.

Ingó er kvæntur Monicu Haug, þau eiga tvær dætur, Hrafnhildi 11 ára og Söru 9 ára.







Leggja til perlur fyrir perluna sem Ingó er

Veglegt ljósmyndauppboð verður á Hótel Borg á morgun klukkan 19 til stuðnings Ingólfi Júlíussyni ljósmyndara sem er á sjúkrahúsi vegna bráðahvítblæðis.

„Ingó er vinamargur og góður strákur og allir sem hafa verið nálægt honum kunna vel við hann. Það er einkenni á góðum dreng," segir Steingrímur Sævarr Ólafsson, talsmaður hópsins sem heldur uppboð annað kvöld, sunnudag, í gyllta sal Hótel Borgar. Margir af helstu ljósmyndurum landsins gefa myndir á uppboðið, þeirra á meðal RAX, Ragnar Th., Spessi, Páll Stefáns og Ari Magg. Ágóðinn af uppboðinu rennur til Ingólfs Júlíussonar, ljósmyndara og margmiðlunarhönnuðar, sem greindist með bráðahvítblæði í október og hefur verið á sjúkrahúsi síðan. Fram undan hjá honum er ferð til Svíþjóðar í mergskipti. Mörg fyrirtæki leggja fram þjónustu honum til stuðnings og allir sem að uppboðinu koma gefa vinnu sína.

„Þegar fólk sem alltaf er tilbúið að rétta öðrum hjálparhönd lendir sjálft í vanda þá á það skilið að aðrir leggi sig fram og hjálpi því. Það er það sem er í gangi núna," segir Steingrímur Sævarr og áréttar að myndast hafi gríðarlegur samhugur og samstaða meðal vina Ingós. „Við viljum hjálpa Ingó og vonum að aðrir séu sama sinnis og leggi málefninu lið."

Steingrímur Sævarr tekur fram að myndirnar sem ljósmyndararnir hafi valið sómi sér á hvaða vegg sem er. „Þetta eru myndir sem sérhver getur verið stoltur af að stilla upp," fullyrðir hann. „Menn eru ekkert að kasta fram bara einhverjum myndum heldur leggja til perlur fyrir perluna sem Ingó er."



TALSMAÐUR HÓPSINS „Við viljum hjálpa Ingó og vonum að aðrir séu sama sinnis og leggi málefninu lið," segir Steingrímur Sævarr. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Á uppboðinu eru ekki bara ljósmyndir. Þar er líka einstakur gripur, plastmyndavél sem á annan tug þekktustu ljósmyndara landsins hafa tekið myndir á, á síðustu vikum. Hver og einn tók eina mynd og skráði nafn sitt á vélina. „Sá sem býður í vélina sér ekki myndirnar því þær eru á filmu í vélinni, en hann fær athyglisverðar myndir frá athyglisverðum ljósmyndurum – hann fær leyndardóm. Svo er Tolli búinn að gefa stórt og flott málverk eftir sig þannig að þarna eru margir dýrgripir."

Steingrímur Sævarr efast ekki um áhuga og velvild almennings í garð þessa viðburðar. „Þarna er drengur sem aldrei hefur aumt mátt sjá án þess að hjálpa. Nú er hann hjálpar þurfi, þannig að málstaðurinn er göfugur."

gun@frettabladid.is

†



Elsku móðir mín, tengdamóðir og amma,

ÞURÍÐUR GUNNARSDÓTTIR (ÞURA)
Kópavogsbraut 65, Kópavogi,

lést á Landspítalanum við Hringbraut laugardaginn 17. nóvember sl. Útförin fer fram frá Kópavogskirkju miðvikudaginn 28. nóvember kl. 13.00.

Guðrún Sólveig Sigurgrímsdóttir
Þuríður Erla Helgadóttir
Sigurjón Páll Helgason
Lilja Lind Helgadóttir
Jón Hólm Pálsson
Veigar Jóhann Pálsson

Páll Ágúst Jónsson
Árni Þórður Randversson

†



Okkar ástkæra eiginkona, móðir, tengdamóðir og amma,

SIGRÚN HALLDÓRSDÓTTIR
Vesturströnd 15, Seltjarnarnesi,

andaðist þann 18. nóvember á Landspítalanum í Reykjavík. Útförin fer fram frá Grensáskirkju mánudaginn 26. nóvember kl. 15.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á minningarkort Krabbameinsfélags Íslands.

Gísli Gíslason
Ásta Gísladóttir
Halldór Hrafn Gíslason
Heba Sigríður, Gísli Hrafn og Sigrún Ýr Halldórsbörn

Jóhanna Ýr Jónsdóttir

ÆTTARVELDIÐ BLÍFUR

Knudsenarnir eru skrautleg ætt
sem hefur ríkt í Tangavík frá ómunatíð.

Drepfyndin skáldsaga
um íslenska kónga af öllum
stærðum og gerðum.





2012 hlaut Einar Már Guðmundsson Norrænu bókmenntaverðlaunin sem Sænska akademían veitir.

MÁL OG MENNING

www.forlagid.is – alvöru bókaverslun á netinu

†



Ástkær eiginmaður minn,

GUNNAR REYNIR KRISTINSSON
til heimilis að Bylgjubyggð 13, Ólafsfirði,

lést á Heilbrigðisstofnun Fjallabyggðar miðvikudaginn 21. nóvember.
Útförin verður auglýst síðar.

Fyrir hönd aðstandenda,
Kristjana Rannveig Sveinsdóttir

†



Bróðir minn og mágur,

ÍVAR SÆMUNDSSON

lést á heimili sínu 10. nóvember sl. Útförin hefur farið fram í kyrrþey. Þökkum auðsýnda samúð.

Guðný Hinriksdóttir
Lúðvík Andreasson

†



Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og vináttu við andlát og útför okkar kæra eiginmanns, föður, tengdaföður og afa,

SIGURÐAR EYJÓLFSSONAR
verkfræðings.

Margrét Petersen
Eyjólfur Sigurðsson — **Kristín Þorgeirsdóttir**
Inga Lára Sigurðardóttir — **Arnfinnur Jónasson**
Ævar Páll Sigurðsson — **Jenny Hansen**
og barnabörn.

†



Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi, langafi og bróðir,

BOLLI A. ÓLAFSSON
húsgagnasmíðameistari,
frá Valhöll, Patreksfirði,

síðast til heimilis á Hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð í Kópavogi, andaðist þriðjudaginn 20. nóvember. Jarðarförin auglýst síðar.

Hildur Bolladóttir — **Ófeigur Björnsson**
Gunnar Bollason — **Svala Ágústsdóttir**
barnabörn og barnabarnabörn
Hera A. Ólafsson

†



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

GÍSLI PÁLSSON
Höfða, Akranesi,

lést 13. nóvember sl. Jarðarförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna. Þökkum auðsýnda samúð og hlýhug.

Kristín Gísladóttir
Baldur Gíslason — **Erla Gísladóttir**
afabörn og langafabörn.

†



Þökkum af heilum hug auðsýnda samúð og vináttu vegna andláts og útfarar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

HREFNU DANÍELSDÓTTUR
Lerkigrund 3, Akranesi.

Sérstakir þakkir sendum við starfsfólki Sjúkrahúss Akraness og heimahjúkrunar.

Þórður Elíasson — **Hrönn Ríkharðsdóttir**
Sigrún Elíasdóttir — **Jón Atli Sigurðsson**
Frímann Smári Elíasson
Hrafn Elvar Elíasson — **Ágústa H. Friðriksdóttir**
Daníel Rúnar Elíasson — **Halla Ingólfsdóttir**
Elías Rúnar Elíasson — **Kolbrún J. Sigurðardóttir**
barnabörn og barnabarnabörn.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.

Auglýsingar á að senda á auglysingar@frettabladid.is eða hringja í síma 512 5000.

Börnin í öndvegi á afmælisdaginn

Fyrirtækið Eymundsson fagnar því í dag að um 140 ár eru frá því Sigfús Eymundsson stofnaði fyrstu bókaverslun landsins. Ágóði seldra barnabóka renna til Barnaheilla.

Dagskrá verður fyrir börn í öllum verslunum Eymundsson í dag upp úr klukkan tvö og smákökur og annað góðgæti á boðstólum í tilefni 140 ára afmælis bókabúðarinnar. „Flestir Íslendingar hafa einhvern tíma komið í Eymundsson og ég vona að sem flestir láti sjá sig í dag og gleðjist með okkur," segir Svanborg Sigurðardóttir, verslunarstjóri í Eymundsson Austurstræti, elstu verslun fyrirtækisins.

Eymundsson er þátttakandi í átakinu „Heillakeðja barnanna" að sögn Svanborgar og ákveðið var að nota daginn til að styðja við það málefni. Því rennur allur ágóði af sölu barnabóka í dag til Barnaheilla og 140 bókatitlar eru á sérstöku afmælistilboði. „Vigdís Finnbogadóttir er verndari Barnaheilla, hún ætlar að koma til okkar í Austurstrætið klukkan 14 og lesa fyrir börnin," lýsir hún og tekur fram að afmælisstemning verði í öllum fjórtán verslunum Eymundsson sem, fyrir utan Austurstrætisbúðina, eru við Skólavörðustíg, í Mjóddinni, Kringlunni, Smáralind, Hafnarfirði, Vestmannaeyjum, Keflavík, á Akranesi, Ísafirði og Akureyri."

Margt hefur breyst frá því ljósmyndarinn og bókbindarinn Sigfús Eymundsson 1837-1911) stofnaði Bókaverslun Sigfúsar Eymundssonar 1872. Þá voru íbúar Reykjavíkur um tvö þúsund talsins, götulýsing var engin, skolpleiðsla engin og umferðarreglurnar snerust um reið og rekstur gripa og fénaðar um göturnar.



Í EYMUNDSSON AUSTURSTRÆTI „Flestir hafa einhvern tíma komið í Eymundsson og ég vona að sem flestir láti sjá sig í dag og gleðjist með okkur," segir Svanborg Sigurðardóttir verslunarstjóri. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Sigfús hóf verslunarreksturinn í hornhúsi að Lækjargötu 2, bjó sjálfur ásamt konu sinni, Sólveigu Daníelsdóttur, á efri hæðinni og rak líka ljósmyndastofu í húsinu. Þarna var verslunin til ársins 1920 og setti svip á bæjarlífið. Flestir, sem stóðu fyrir tónleikum og hvers kyns viðburðum, beindu fólki þangað til að sækja aðgöngumiða og í gömlum dagblöðum má sjá tilkynningar frá fólki sem týndi einhverjum smámunum og óskaði eftir að mununum væri skilað til Bókaverslunar Sigfúsar Eymundssonar. - gun

Syngja og spila fyrir starfsemi Grensás

Caritas Ísland ætlar að styrkja starfsemi Grensásdeildar með tónleikum í Kristskirkju á morgun, sunnudaginn 25. nóvember, klukkan 16. Þar koma fram ástsælir listamenn sem allir gefa vinnu sína.

Efnisskráin á tónleikunum spannar vítt svið. Þar eru verk frá ýmsum tímum, allt frá endurreisnartímanum til dagsins í dag og af einstökum númerum má nefna hluta úr Jólaóratóríu Bach. Guðný Guðmundsdóttir fiðluleikari teflir einnig fram strengjakvartett sem hlaut verðlaun Nótunnar, uppskeruhátíðar tónlistarskólanna, á síðasta ári.

Eins og flestir vita er starf Grensásdeildar mikilvægt, ekki bara fyrir einstaklingana sem þar dvelja heldur allt samfélagið því það miðar að því að auka færni fólks til framtíðar með endurhæfingu. - gun



HLUTI AÐSTANDENDA TÓNLEIKANNA Guðný Guðmundsdóttir fiðla, Margrét Pálmadóttir kórstjóri, Hulda Björk Garðarsdóttir sópran, Antonia Hevesi orgel, Elísabet Waage harpa, Nina Lea Jónsdóttir fiðla, Kristján Jóhannsson tenór, Daði Kolbeinsson óbó, Rannveig Marta Sarc víóla, Hávarður Tryggvason bassi og Sigríður Ingvarsdóttir, formaður Caritas.

†



Þökkum innilega auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegrar móður, tengdamóður, ömmu, dóttur, systur, mágkonu og frænku,

GUÐRÚNAR DÝRLEIFAR KRISTJÁNSDÓTTUR
lögmanns og hjúkrunarfræðings,

sem lést 24. október sl. og var jarðsett frá Neskirkju við Hagatorg miðvikudaginn 7. nóvember.

Kristján Gerhard — **Hjördís Erna Sigurðardóttir**
Rebekka Rut, Rannveig Lára og Rúnar Máni
Unnur Jónsdóttir
Stefán Kristjánsson — **Ólöf H. Bjarnadóttir**
Guðríður A. Kristjánsdóttir — **Ómar B. Hansson**
Kristín Jóna Kristjánsdóttir — **Hafsteinn Már Einarsson**
og systkinabörn.

†



Öllum er heiðruðu minningu okkar kæru

EYGLÓAR GUÐMUNDSDÓTTUR
Hrafnakletti 2, Borgarnesi,

og sýndu okkur vinsemd og hlýju við andlát hennar og útför sendum við okkar innilegustu þakkir. Blessun Guðs gefist ykkur öllum.

Snorri Þorsteinsson
Margrét Guðjónsdóttir
David Magnússon
Andrea Davíðsdóttir — **Eygló Dóra Davíðsdóttir**
Snorri Þorsteinn Davíðsson — **Linda Björk Bjarnadóttir**
Margrét Andreudóttir

†



Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

STEFÁN BJÖRGVINSSON
Engjavöllum 5A, Hafnarfirði,

andaðist á líknardeild Landspítalans fimmtudaginn 22. nóvember síðastliðinn. Jarðarförin verður auglýst síðar. Blóm og kransar afþakkaðir en þeim sem vilja minnast Stefáns er bent á samtökin Regnbogabörn: Reikningur: 0140-26-50100, kt. 501002-3560.

Hulda Karen Ólafsdóttir
Ólafur Stefánsson — **Lilja Björg Eysteinsdóttir**
Björgvin Sigmar Stefánsson — **Steinunn Jóhanna Sigfúsdóttir**
Stefán Karl Stefánsson — **Steinunn Ólína Þorsteinsdóttir**
barnabörn og barnabarnabarn.

†



Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og vinarhug við andlát og útför móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

JOHANNDINE A. FÆRSETH
áður til heimilis að Hrísmóum 4, Garðabæ.

Ólafur Ingi Ingimundarson — **Soffía Amanda Jóhannesdóttir**
Sóley Björg Sigurðardóttir — **Þorbjörn Guðjónsson**
Erla Ósk Sigurðardóttir — **Kristján Guðmundsson**
Sigríður Hanna Sigurðardóttir — **Páll Þórðarson**
Petrína Freyja Sigurðardóttir — **Böðvar Þórisson**
Einar Sigurðarson — **Jennifer Dale Randall**
barnabörn og barnabarnabörn.

skemmtilegri

JÓLADAGATAL SKOPPU OG SKRÍTLU HEFST 1. DES.

SKOPPA OG SKRÍTLA OPNA GLUGGA Á DAGATALINU Á HVERJUM DEGI TIL JÓLA

Jóladagatal Skoppu og Skrítlu fæst í verslunum Hagkaup og Bónus.



Skoppa og Skrítla taka á móti börnum og árita jóladagatalið á annarri hæð í Kringlunni laugardag kl. 12:00–14:00.

www.disneybok.is

TRYGGÐU ÞÉR ÁSKRIFT | 512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

markhonnun.is

netto

Kræsingar & kostakjör

um jólin



1.293

ÁÐUR 1.989 KR/KG

FLJÓTLEGT & ÞÆGILEGT

PIZZUR
460 G
FROSNAR

498 KR PK



359 KR PK

HÁLFMÁNI
SKINKA EÐA PEPPERONI
200 G

329 KR PK



589 KR PK

579 KR PK

smákökurnar eru komnar



SÚKKULAÐIBITAKÖKUR EÐA
VANILLUHRINGIR
300 G

TOBLERONE
DÖKKT 400 G

798 KR STK



HEROES
800 G

1.989 KR PK



359 KR STK



ORANGE/MINT
CREAMS
90 G/PK

TRUFFLUR
2 TEG 200 G

798 KR STK





NÁTTFÖT
ÝMSAR GERÐIR

1.998 KR STK



www.netto.is

| Mjódd · Salavegur · Hverafold · Akureyri · Höfn · Grindavík · Reykjanesbær · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss |



ANDABRINGUR
BARBERIE
700 G

4.498 KR PK

VILLIBRÁÐ Á JÓLABORÐIÐ

X-tra



TÚNFISKUR
Í VATNI
185 G

259 KR STK



UPPÞVOTTALÖGUR
500 ML

239 KR STK



HVEITI
2 KG

239 KR PK

JÓLADAGATÖL
ÝMSAR GERÐIR



INNIHALDA EKKI HNETUR!

99 kr/stk

COCA COLA
330 ML

79 KR STK



KLEMENTÍNUR
Í LAUSU



50% AFSLÁTTUR

195
ÁÐUR 389 KR/KG



VETRARÚLPUR
S-XXL 2 LITIR

8.998 KR STK



VETRARBUXUR
S-XXL

4.398 KR STK



VETRARGALLI
BARNA 2 LITIR

7.998 KR STK



SNJÓBUXUR
BARNA

3.998 KR STK

Tilboðin gilda 22. - 25. nóvember

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.











1940 1950 1960 1970 1980 1990 2000 2010

1945 Magnús Þór Jónsson fæðist í Reykjavík, sonur skáldkonunnar Þórunnar Elfu Magnúsdóttur og Jóns Þórðarsonar, kennara og rithöfundar.

1956 Heyrir lagið Don't Be Cruel og heillast af Elvis Presley.

1965 Lýkur stúdentsprófi frá MR, en hafði áður stundað grunnskólanám við Austurbæjarskóla.

1972 Sendir frá sér fyrstu plötu sína, Megas, sem er tekin upp í Noregi. Platan fær slæma dóma og er bönnuð í útvarpinu.

1975 Önnur platan, Millilending, kemur út og hlýtur hrós fyrir textasmíðar.

1979 Tvöfalda tónleikaplatan Drög að sjálfsmorði kemur út. Orðrómur um andlát Megasar fylgir í kjölfarið.

1983 Eftir fjögurra ára hlé frá útgáfu syngur Megas á plötum með bræðrunum Bubba og Tolla Morthens.

1986 Sendir frá sér Í góðri trú, fyrstu sólóplötuna í sjö ár. Loftmynd kemur út árið eftir og selst í rúmlega 6.000 eintökum.

1991 Fyrra heildarsafn texta Megasar kemur út.

2007 Sendir frá sér tvær plötur, Frágang og Hold er mold, ásamt Senuþjófunum.

2010 Stofnar hljómsveitina GRM ásamt Gylfa Ægissyni og Rúnari Þór Péturssyni.

2012 Megas – Textar 1966 til 2011 kemur út.

Þykir vænst um þá texta sem fá minnstu athyglina og hólið

Megas er umsvifamikill í jólavertíðinni í ár. Nýlega kom út bók þar sem er að finna yfir 600 texta frá meistaranum og um mánaðamótin kemur út fjögurra diska safnplata með lögum Megasar til síðustu tíu ára. Sjálfur kveðst hann nokkuð ánægður með hvoru tveggja.

„Það er nú þannig að það er betra að fá vondu gagnrýnina en þessa góðu. Það er gagnrýnin sem maður getur dregið einhvern lærdóm af," segir tónlistarmaðurinn Megas kankvís og bætir við að hann sé sjálfur óhræddur við gagnrýni enda sé hann orðinn sjóaður í þeim efnum. „Einu sinn sagði einhver gagnrýnandi að textarnir mínir væru skotheldir eins og venjulega. Það sagði mér ekki neitt."

Yfir sex hundruð textar

Textar bókarinnar spanna árin 1966 til 2011 og eru yfir sex hundruð talsins. Hugmyndin að verkinu kviknaði fyrir tveimur árum og segir Megas Jóhann Pál, útgefanda hjá Forlaginu, eiga heiðurinn að því að ráðist var í gerð þess. Þetta er í annað sinn sem bók með textasafni Megasar kemur út en sú fyrri, Textar, kom út árið 1991 og seldist upp undir eins. „Jóhann kom á máli við mig og bryddaði upp á þessari hugmynd fyrir tveimur árum síðan. Ég tók vel í það. Ætli það hafi ekki tekið um eitt og hálft ár að safna þessu saman, en ég var með gott fólk sem aðstoðaði mig í að fara yfir textamöppurnar," segir Megas og á þar meðal annars við Guðmund Andra Thorsson, sem sá um að ritstýra verkinu. „Þetta er vel lesið yfir. Hingað til hef ég bara séð eina villu, sem þykir nokkuð gott."

Myndirnar fanga tíðarandann

Hátt í tvö hundruð ljósmyndir prýða bókina. Myndirnar sýna Megas á ýmsum tímabilum í sínu lífi, margar úr hans persónulega albúmi og aðrar teknar af ljósmyndurum. „Það eru margar flottar myndir þarna sem gaman er að skoða og rifja upp," segir Megas glottandi. Ein af uppáhaldsmyndunum hans í bókinni er á blaðsíðu 8 og sýnir tónlistarmanninn liggjandi í grasinu með pípu í munnvikinu á sjöunda áratugnum. „Mér finnst þessi ansi skemmtileg, því hún fangar bæði tíðarandann og augnablikið vel. Ég held að fyrrverandi kærasta mín hafi tekið hana."

Ljósmyndir eru ekki einu myndskreytingar bókarinnar því á víð og dreif um blaðsíðurnar eru teikningar eftir Megas sjálfan. „Mér fannst ágætt að skreyta síðurnar með þessu, það gefur þessu skemmtilegan blæ."

Ekki ljóðabók

Í formála bókarinnar, sem er handskrifaður af Megasi, telur hann ástæðu til að taka sérstaklega fram að bókin sé ekki ljóðabók heldur safn söngtexa. Ástæðan fyrir því er að Megasi er ekki vel við að söngtextum hans sé ruglað saman við ljóð. „Þetta er textar gerðir til söngs, þótt nótur fylgi bara tveimur textum í bókinni. Sumir textarnir hafa verið sungnir og eru til á plötu en aðrir ekki. Sá sem les bókina verður að hafa í huga að þetta eru söngtextar."

Áskorun að semja á íslensku

Megas semur á íslensku. Honum líkar illa við að semja á útlensku. Megas er ekki hrifinn af þeirri þróun að íslenskir tónlistarmenn séu farnir að færa sig í auknum mæli yfir í enska textasmíð. „Enskan er uppfull af klisjuorðum sem eru ekki til í íslenskunni. Þess vegna finnst mér lítil áskorun að semja á ensku og það verður oft bara eitthvert þvaður. Að mínu mati er Björk sú eina sem getur samið texta á ensku eins og innfædd."

Að lokum er ekki úr vegi að spyrja meistarann hvort einhver af textunum sexhundruð beri höfuð og herðar yfir aðra. „Á maður nokkuð að vera að gera upp á milli barnana sinna? Ætli mér þyki samt ekki örlítið vænna um þá sem minnsta athygli og hól hafa fengið gegnum tíðina, hvernig sem á því nú stendur."

alfrun@frettabladid.is



ÁNÆGÐUR MEÐ BÓKINA Megas er ánægður og stoltur af rúmlega sjöhundruð blaðsíðna textasafni sínu. Skemmtilegar ljósmyndir prýða einnig síður bókarinnar, sumar úr einkasafni meistarans. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

> **Enskan er uppfull af klisjuorðum sem eru ekki til í íslenskunni. Þess vegna finnst mér lítil áskorun að semja á ensku og það verður oft bara eitthvert þvaður.**
>
> *Megas*

40 ára útgáfuafmæli



Megas er nýbúinn að leggja lokahönd á fjögurra diska safnplötu sem kemur út í byrjun desember. Tilefnið er 40 ára útgáfuafmæli Megasar en lögin á plötunum spanna árin 1972-2012. Þrír diskanna eru með lögum sem Megas hefur gefið út í gegnum árin en sá fjórði inniheldur mestmegnis áður óútgefið efni. Sögusagnir hafa verið á sveimi þess efnis Megas hafi verið með jólaplötu í burðarliðnum undanfarið en hann þvertekur fyrir það. „Það kom upp sú hugmynd að gera jólaplötu og einhverjir voru spenntir fyrir því. Mér leist hins vegar illa á það. Það eru samt tvö jólalög á þessum safndiski. Það verður að duga."

Í opnum örmum tónlistargyðjunnar
Aðventustemming með Ragnheiði Gröndal og hljómsveit
Menningarmiðstöðin Gerðuberg
Sunnudaginn 25. nóvemberk kl. 20
Aðgangseyrir 2.000 kr.
Menningarmiðstöðin Gerðuberg
Gerðuberg 3-5 • 111 Reykjavík
sími 575 7700 • www.gerduberg.is



www.edda.is
edda

Gallerí Fold 1992–2012

Listmunauppboð í Gallerí Fold

mánudaginn 26. nóvember, kl. 18
í Gallerí Fold, á Rauðarárstíg


Jóhann Briem

Á uppboðinu verður gott úrval verka samtímalistamanna svo og fjöldi frábærra verka gömlu meistaranna.

Verkin verða sýnd laugardag 11–17, sunnudag 12–17, mánudag 10–17

Hægt er að skoða uppboðsskrána á myndlist.is

LISTMUNASALA fold

Rauðarárstígur 14 · sími 551 0400 · www.myndlist.is

AÞENA – AÐ EILÍFU, KÚMEN EFTIR MARGRÉTI ÖRNÓLFSDÓTTUR

AÐ FERMAST EÐA EKKI FERMAST?

Þegar **Aþena** kynnist Snæju, fjörugum ofurhuga, tekur lífið skyndilega nýja stefnu og margar spurningar vakna. Með samviskuna á annarri öxlinni og púkann á hinni reynir Aþena að fóta sig í nýjum og ögrandi heimi. **Þetta er þriðja bókin um Aþenu, sem hefur unnið hug og hjörtu lesenda.**

★★★★ „Fjörlega skrifuð, nútímaleg saga um smáa atburði og stórar tilfinningar.“ ARNDÍS ÞÓRARINSDÓTTIR, FBL (UM AÞENA- HVAÐ ER MÁLIÐ MEÐ HAÍTÍ?)

★★★★ KRISTÍN HEIÐA KRISTINSDÓTTIR, MORGUNBLAÐINU (UM AÞENA- HVAÐ ER MÁLIÐ MEÐ HAÍTÍ?)



BJARTUR

DYNAMO REYKJAVÍK



GUY FIERI HEIMSÆKIR EINSTAKA VEITINGASTAÐI Í **DINERS, DRIVE-INS & DIVES** Á FOOD NETWORK | FÁÐU ÞÉR ÁSKRIFT Á **WWW.STOD2.IS**

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

LAUGARDAGUR 24. NÓVEMBER 2012

Listasmiðja
11.00 Í Öðru ljósi þátttökugjörningur og listasmiðja fyrir börn og fullorðna fer fram í Listasafni Íslands.

Hönnun
13.00 Stíll, hönnunarkeppni SAMFÉS, verður haldin í tólfta sinn í Hörpu. Aðgangur er öllum opin og ókeypis.

Sýningar
14.00 Sýning Írisar Ólafar Sigurjónsdóttur, Drósir og draumar, opnar í Flóru, Akureyri.

Kvikmyndir
15.00 Heimildarmyndin Kirkjutónlist á Íslandi verður sýnd í Kamesi Borgarbókasafns, Tryggvagötu 15. Aðgangur er ókeypis.

Leikrit
17.00 Leikfélagið Peðið sýnir óperuna Bjarmaland II eftir Jón Benjamín Einarsson. Tónlist og leikstjórn er í höndum Andreu Gylfadóttur. Sýnt er í Kjallaranum, Laugarvegi 73.

Málþing
13.00 Listfræðafélag Íslands býður upp á opið málþing um framhaldslíf samtímamyndlistar á Íslandi. Málþingið er í samvinnu við Listasafn Reykjavíkur og fer fram í Hafnarhúsi. Aðgangur er ókeypis.

Tónlist
15.00 Tónleikar tileinkaðir Pauline Oliveros verða haldnir á Kjarvalsstöðum. Félagar Jarðarbers munu heiðra Pauline og skoða ólík tímabil úr smiðju þessa sérstæða tónskálds.

17.00 Kammerkór Seltjarnarneskirkju heldur tónleika í kirkjunni undir heitinu Ljúfir tónar frá liðnum öldum.



17.00 Baggalútur heldur tónleika á Græna hattinum á Akureyri. Miðaverð er kr. 5.555.

20.00 Björn Thoroddsen og Kristinn Sigmundsson halda tónleika í Salnum í Kópavogi undir yfirskriftini Ég veit þú kemur. Auk þeirra koma fram Sigrún Hjálmtýsdóttir söngkona og Gunnar Hrafnsson bassaleikari.

20.00 Sigurður Guðmundsson og Memfismafían halda árlega jólatónleika sína á Græna hattinum á Akureyri. Miðaverð er kr. 5.550.

21.00 Borko heldur útgáfutónleika í Iðnó í tilefni af útkomu hljómplötunnar Born to Be Free. Miðaverð við dyr er kr. 2.000.



22.00 KK og Maggi Eiríks skemmta á Café Rosenberg.

22.00 Lára Rúnars og Pétur Ben spila á Faktorý. Aðgangseyrir er kr. 1.500.

23.00 Sváfnir Sigurðarson skemmtir á Ob-La-Dí-Ob-La-Da,Frakkastíg 8. Aðgangseyrir er kr. 500.

Markaðir
11.00 Keramik jólamarkaður Bjarna Sigurðssonar verður haldinn að Hrauntungu 20 í Hafnarfirði. Boðið verður upp á léttar veitingar.

11.00 Aðstandendur Salsa-Iceland standa fyrir flóamarkaði til styrktar Barnaspítala Hringsins. Markaðurinn fer fram í dansstúdíóinu að Grensásvegi 12a, 2.hæð.

14.00 Árlegur jólabasar Kristniboðsfélags kvenna fer fram í Kristniboðssalnum, Miðbæ, Háaleitisbraut 58-60 og allur ágóði hans rennur til starfs Kristniboðssambandsins.

SUNNUDAGUR 25. NÓVEMBER 2012

Félagsvist
14.00 Félagsvist verður spiluð í Breiðfirðingabúð, Faxafeni 14. Allir velkomnir.

19.00 Bridge-tvímenningur er spilaður í Breiðfirðingabúð, Faxafeni 14. Allir velkomnir.

Upplestur
15.00 Þórdís Gísladóttir, Margrét Örnólfsdóttir og Signý Kolbeinsdóttir lesa úr nýútkomnum bókum sínum í aðalsafni Borgarbókasafns, Tryggvagötu 15.

16.00 Fjórir rithöfundar lesa úr nýútkomnum bókum sínum í Gljúfrasteini. Kristín Marja Baldursdóttir les úr Kantata, Steinunn Sigurðardóttir úr Fyrir Lísu, Kristín Ómarsdóttir úr Millu og Bjarni Gunnarsson úr Bíldshöfða. Aðgangur er ókeypis.

Söngskemmtun
14.00 Gerðuberg býður til söngstundar á kaffihúsi sínu. Afhent verða sönghefti með söng- og kvæðalögum fyrir fjöldasöng. Aðgangur er ókeypis og alir eru velkomnir.

Kvikmyndir
15.00 Kvikmyndin Katyn verður sýnd í MÍR, Hverfisgötu 105. Það er hinn pólski Andrzej Wajda sem leikstýrir myndinni. Aðgangur er ókeypis.

15.00 Heimildarmyndin Kirkjutónlist á Íslandi verður sýnd í Kamesi Borgarbókasafns, Tryggvagötu 15. Aðgangur er ókeypis.

Uppákomur
20.00 Tómasarmessa verður haldin í Breiðholtskirkju í Mjódd. Umfjöllunarefni þessarar messu verður Hungur í allsnægtum. Allir velkomnir og aðgangur ókeypis.

Dansleikir
20.00 Dansleikur Félags eldri borgara í Reykjavík verður haldinn að Stangarhyl 4. Danshljómsveitin Klassík leikur létta danstónlist og aðgangseyrir er kr. 1.500 fyrir félaga FEB í Reykjavík og kr. 1.800 fyrir aðra gesti.

Leikrit
17.00 Leikfélagið Peðið sýnir óperuna Bjarmaland II eftir Jón Benjamín Einarsson í Kjallaranum, Laugarvegi 73.

20.00 Artik sýnir einleikinn Hinn fullkomni jafningi eftir Felix Bergsson í Norðurpólnum við Gróttu.

Tónlist
15.15 Passport/Vegabréf, tónleikar Duo Harpverks spila í Norræna húsinu. Katie Elizabeth Buckley hörpuleikari og Frank Aarnink skila dúóið. Miðaverð er kr. 2.000 en kr. 1.000 fyrir eldri borgara, öryrkja og námsmenn.

16.00 Andrea Jónsdóttir leikur lög af hljómplötum á Ob-La-Dí-Ob-La-Da, Frakkastíg 8. Enginn aðgangseyrir.

17.00 Tónleikar tileinkaðir tónskáldinu Þorkeli Sigurbjörnssyni fara fram í Kaldalóni í Hörpu.

20.00 Tónlistarkonan Ragnheiður Gröndal kemur fram ásamt hljómsveit á tónleikum í Gerðubergi. Aðgangseyrir er kr. 2.000.

Leiðsögn
14.00 Þóra Sigurbjörnsdóttir deildarstjóri safneignar verður með leiðsögn sniðna að fjölskyldum í Hönnunarsafni Íslands á Garðartorgi í Garðabæ.

14.00 Alda Lóa Leifsdóttir leiðir gesti um ljósmyndasýningu sína, Fólkið á Þórsgötu - Skyndimyndir frá 2004-2012 á Þjóðminjasafni Íslands. Leiðsögnin er ókeypis og öllum opin.

15.00 Þórunn Elísabet Sveinsdóttir leiðir gesti um textílsýningu sína, Lauslega farið með staðreyndir – sumt neglt og annað saumað fast í Hafnarborg.

Listamannaspjall
15.00 Ragnheiður Jónsdóttir myndlistarmaður og Eiríkur Þorláksson listfræðingur og sýningarstjóri taka þátt í spjalli um sýningu Ragnheiðar á Kjarvalsstöðum.

Markaðir
11.00 Keramikjólamarkaður Bjarna Sigurðssonar verður haldinn að Hrauntungu 20 í Hafnarfirði. Boðið verður upp á léttar veitingar.

12.00 Íbúasamtök Bústaða- og Fossvogshverfis standa fyrir jólamarkaði í Bústaðakirkju. Handverk, lifandi tónlist og veitingasala.



Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is .

„Meistari íroníunnar“
SÜDDEUTSCHE ZEITUNG
UM SÓLSKINSHEST

Jójó, síðasta bók höfundar, var bók ársins að mati bóksala. Var tilnefnd til Íslensku bókmenntaverðlaunanna og Fjöruverðlaunanna

FYRIR LÍSU EFTIR **STEINUNNI SIGURÐARDÓTTUR**

„UPPLYFTANDI“

GUNNÞÓRUNN GUÐMUNDSDÓTTIR, BÓKMENNTIR.IS



Steinunn Sigurðardóttir er einn ástsælasti rithöfundur þjóðarinnar. Bækur hennar hafa fengið fjöldan allan af viðurkenningum hér heima og erlendis.

Martin Montag ákveður að hafa uppi á stúlku sem hann kynntist ungur læknanemi, en það hrindir af stað atburðarás sem hann missir alla stjórn á. Úr verður reyfari, farsi, harmleikur. **Sjálfstætt framhald skáldsögunnar Jójó, sem fór sigurför á síðasta ári.**

BJARTUR



„Býr yfir sjaldgæfum töfrum“
–LIBERATION

NÝ SKÁLDSAGA EFTIR HÖFUND METSÖLUBÓKARINNAR AFLEGGJARINN



3. SÆTI
Eymundsson metsölulistinn
14.11.12 - 20.11.12
Innbundin skáldverk,
hljóðbækur & hljóðbækur

UNDANTEKNINGIN EFTIR **AUÐI ÖVU ÓLAFSDÓTTUR**

„OPINBERUN“

–LE MONDE UM AFLEGGJARANN



Auður Ava Ólafsdóttir er stjórstjarna í evrópskum bókmenntaheimi. **Afleggjarinn** og **Rigning í nóvember** hafa farið sannkallaða sigurför.

Flóki, eiginmaður söguhetjunnar kemur út úr skápnum og flytur til nafna síns og samstarfsmanns. Í kjallaranum býr dvergurinn Perla sem leggur stund á hjónabandsráðgjöf og ritstörf og situr ekki á sínum góðu ráðum.

BJARTUR

DYNAMO REYKJAVÍK

NÝJAR MYNDIR

TRYGGÐU ÞÉR EINTAK!

FYRSTA ÍSLENSKA BLU-RAY MYNDIN



SERÍA 8
5.799

SERÍUR 1-7 EINNIG FÁANLEGAR



SERÍA 8
5.799

SERÍUR 1-7 EINNIG FÁANLEGAR



2.699

BLU-RAY
3.499



2.699

BLU-RAY
2.999

BLU-RAY 3D
4.299



2.699

BLU-RAY
2.999



2.699

BLU-RAY
2.999

4
DVD



5.499

4
DVD



5.299

BLU-RAY
8.999



2.699

BLU-RAY
2.999

BLU-RAY 3D
4.299

24 Hagkaup
OPIÐ
allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan
& Eiðistorg

Gildir 30. nóvember.

Íslenskir tónlistardagar

20% afsláttur af allri íslenskri tónlist*

ÍSLENSK TÓNLIST ER JÓLAGJÖFIN 2012 - RANNSÓKNARSETUR VERSLUNARINNAR

ÁRITAR & SPILAR
LAUGARDAG Smáralind kl.14 og Kringlunni kl.15
SUNNUDAG Smáralind kl.15 og Kringlunni kl. 14



2.159 ~~2.699~~

ÁRITAR & SPILAR
LAUGARDAG Smáralind kl.15 og Kringlunni kl.16
SUNNUDAG Smáralind kl.16 og Kringlunni kl. 15



2.159 ~~2.699~~

ÁRITAR
LAUGARDAG Kringlunni kl.14
SUNNUDAG Smáralind kl.14 og Kringlunni kl.16



2.159 ~~2.699~~

ÁRITA & SPILA
LAUGARDAG Smáralind kl.16



1.999 ~~2.499~~



CD DVD
2.959 ~~3.699~~



2.159 ~~2.699~~



2.159 ~~2.699~~

ÁRITAR & SPILAR
LAUGARDAG Kringlunni kl.17
SUNNUDAG Smáralind kl.17



1.999 ~~2.499~~



2.159 ~~2.699~~



2.159 ~~2.699~~

CD DVD



2.959 ~~3.699~~



3.999 ~~3.199~~



CD DVD
2.399 ~~2.999~~



CD BÓK
2.639 ~~3.299~~



2.159 ~~2.699~~



2.639 ~~3.299~~

*Verð í auglýsingu er með afslætti.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

REYKJAVÍKURBORG

Til leigu

Nýjar hugmyndir á Grandagarð



Óskað er eftir hugmyndum að starfssemi og tilboðum í leigu 444 fermetra viðbyggingar Alliance hússins að Grandagarði 2. Viðbyggingin er opin fyrir nýjum hugmyndum, en í aðalbyggingu verður Sögusafnið sem nú er í Perlunni.

Nánari upplýsingar er að finna á vef Reykjavíkurborgar - www.reykjavik.is/fer

Tilboðum um leiguverð ásamt upplýsingum um fyrirhugaða starfsemi skal skila í þjónustuver Reykjavíkurborgar, Borgartúni 12-14 fyrir kl. 16:15 fimmtudaginn 6. desember.

Reykjavíkurborg | 411 1111 | www.reykjavik.is/fer



www.forlagid.is – alvöru bókaverslun á netinu

FRÉTTIR VIÐSKIPTI SPORT UMRÆÐAN ÚTVARP LÍFIÐ SJÓNVARP

BESTU BROTIN ÚR ÞÁTTUM BYLGJUNNAR

BYLGJAN 989

VÍSIR - oft á dag

BÓKIN SEM BREYTTI LÍFI MÍNU

Guðrún Vilmundardóttir útgáfustjóri



Smásagnasafn Raymond Carver



Smásagnasafn eftir Raymond Carver, sem ég fékk að láni á Borgarbókasafninu í mars árið 2000 (ég man þetta svona nákvæmlega vegna þess að Eyja dóttir mín fæddist þann 28.) setti mikið mark á mig. Þetta er stórt og flott safnrit, Where I'm Calling from, sem ég hef svo eiginlega verið á höttunum eftir síðan, því ekki kunni ég við að stela bókinni af safninu. Fann það loksins í eftirlætisbókabúðinni minni í London, John Sandoe, síðasta vor.

Safnið tók Carver saman sjálfur og skrifaði formála. Sögurnar eru frá öllum höfundarferli hans. Þær eru algerlega stórkostlegar margar en What's in Alaska? er í sérstöku uppáhaldi. Þetta er saga sem ég hugsa oft um, ef mikið liggur við. Þá velti ég þessari spurningu fyrir mér.

Stundum er ákveðin hætta á því að „taka of stóran skammt" af höfundi – ég á það til ef ég hrífst af höfundi að rífa kannski í mig margar bækur í röð – og fá svo kannski bara yfir mig nóg. En þetta safn er einhvern veginn fullkomið: Það bara vinnur mann á sitt band með miklum þunga. Og maður verður ekki samur á eftir!

Bréf til föðurins

BÆKUR ★★★★½

Boxarinn
Úlfar Þormóðsson
VERÖLD



Úlfar Þormóðsson hefur marga fjöruna sopið í bókmenntaheiminum allt frá því fyrsta skáldsaga hans kom út fyrir tæpum fimmtíu árum. Skáldsögurnar eru orðnar þó nokkrar og býsna fjölbreyttar. Flestar skáldsagna Úlfars eru sögulegar, byggðar á rannsókn og túlkun heimilda, en hann hefur líka skrifað bækur um samtímaatburði og ástand með aðferðum blaðamennskunnar. Hann hefur löngum verið áberandi sem pistlahöfundur og blaðamaður, en er kannski þegar allt kemur til alls þekkastur fyrir það að vera eini núlifandi Íslendingurinn sem hefur verið dæmdur fyrir guðlast (fyrir það ætti að sjálfsögðu að vera löngu búið að reisa af honum veglega styttu). En því geri ég manninn sjálfan að umtalsefni að nýjasta bók Úlfars, Boxarinn, er á einhvern hátt sjálfsævisöguleg. Lýsir ævi hans og uppvexti á óvenjulegan og býsna frumlegan hátt.

Í fyrra sendi Úlfar frá sér bókina Farandskugga þar sem hann fjallaði um lífshlaup móður sinnar með svipaðri aðferð. Í Boxaranum víkur sögunni að föðurnum. Frásögnin er í annarri persónu, líkt og langt bréf eða samtal við föðurinn. Þessi aðferð er vandmeðfarin, það getur verið stutt í öfgar beggja vegna, tilfinningasemi eða dómhörku. Og það er kannski fyrst og fremst það hversu glæsilega Úlfar þræðir einstigið þar á milli sem gerir þessa bók jafn frábæra og raun ber vitni. Úlfari tekst að vera einlægur og draga upp sannfærandi og flókna mynd af manninum án þess að misstíga sig nokkurn tíma.

Sú mannlýsing sem dregin er upp í Boxaranum er af breyskum manni, manni sem fer á bak við fjölskyldu sína og svíkur bæði eiginkonu sína og ástkonur á margvíslega vegu. Fjölskyldusagan sem þessi bók og Farandskuggar, bókin um móðurina, teikna upp er vissulega nöturleg, óhamingjusamt hjónaband, drykkja, framhjáhald og afleiðingarnar sem oft koma í ljós löngu síðar, yfirgefin börn sem kynnast hálfsystkinum sínum á fullorðinsárum, allt myndar þetta átakanlega sögu en þó eru fáar íslenskar fjölskyldur sem ekki myndu þekkja einhverja drætti hennar í sinni eigin.

Sjálfsævisögulegar skáldsögur eru áberandi í bókmenntum samtímans, bæði hér á landi og erlendis. Sögur Úlfars eru sjálfstætt og frumlegt framlag til þeirrar bókmenntahreyfingar. Þegar líður á bókina og sögumaður fullorðnast verður lýsingin mildari og örlar á sátt við föðurinn þótt sársaukinn skíni líka í gegn. Í seinni hlutanum verður sögumaður sjálfur líka meira áberandi, hann ber sjálfan sig saman við föðurinn, finnur líkindi en lýsir því líka hvernig hann velur aðrar leiðir í lífinu.

Einlægni er vandmeðfarin í skáldskap og það eru miklar og sárar tilfinningar líka. Við lestur Boxarans komu mér oftar en einu sinni í hug orð Sigfúsar Daðasonar: „Bein túlkun sannrar reynslu, það er nútímaskáldskapur, það er þetta lítt tempraða óp." Af einhverjum ástæðum finnast mér þau lýsa þessari bók Úlfars fullkomlega.

Jón Yngvi Jóhannsson

NIÐURSTAÐA: Glæsileg úrvinnsla á vandmeðförnu efni.

DÓMAR 17.11.2012 ➜ 23.11.2012

BÆKUR

★★★★★
Suðurglugginn
Gyrðir Elíasson



Yndisleg bók, klæðskerasniðin að smekk þeirra sem hafa smekk fyrir verkum Gyrðis Elíassonar. Nú mega jólin sko koma fyrir mér. - **þhs**

★★★½☆
Reisubók Ólafíu Arndísar
Kristjana Friðbjörnsdóttir
Skemmtileg ferðasaga 13 ára stúlku um Austfirði og Svíþjóð. Hressilega skrifuð, fyndin á köflum og fallega myndskreytt. Auðveld yfirlestrar, með stóru og skýru letri fyrir aldurshópinn 7-12 ára. - **bhó**

★★★½☆
Landvættir
Ófeigur Sigurðsson
Hressileg og afburða vel stíluð skáldsaga en hefði að ósekju mátt vera mun styttri og hnitmiðaðri. - **fb**

★★★½☆
Brot af staðreynd
Jónas Þorbjarnarson
Húmorískar æviminningar Jónasar Þorbjarnarsonar vekja til umhugsunar um lífshvötina og dauðann. Margt bæði vel unnið og skemmtilegt. - **þhs**

★½☆☆☆
Hin eilífa þrá
Guðbergur Bergsson
Skáldsaga sem stendur bestu verkum höfundarins mjög langt að baki. - **jyj**

TÓNLIST



★★★★★
Berlínarfílharmónían
Sir Simon Rattle stjórnar í Hörpu
Ótrúleg fágun, fullkomin tækni, stórkostleg túlkun. - **js**



★★★★★
Stafnbúi
Steindór Andersen & Hilmar Örn Hilmarsson
Tónlist Hilmars Arnar fellur sérstaklega vel að rímnasöng Steindórs Andersen. - **tj**



★★★★½
Börn Loka
Skálmöld
Skálmöld snarar út rokkóperu númer tvö. - **tj**

★★★½☆
Heimþrá
Eliza Newman
Stjörnuryk, Hver vill ást? og fleiri poppsmellir frá fyrrum Kolrössu. - **tj**

★★½☆☆
Hádegistónleikar í Salnum
Matthías Nardeau og Elísabet Waage
Vandaðir tónleikar sem hefði mátt kynna betur á heimasíðu Salarins, auk þess sem sviðsframkoma hljóðfæraleikaranna hefði getað verið afslappaðri og þægilegri. - **js**

MYNDLIST

★★★½☆
Rek
Anna Hallin og Olga Bergman
Áhugaverðar og þarfar hugleiðingar, settar fram í vönduðum listhlutum. Með betri fókus hefði verið hægt að koma meginskilaboðunum enn sterkar á framfæri. - **þb**

SPORTS DIRECT.COM

PANTAÐU Á NETINU HVENÆR SEM ER

CAMPRI ÚTIVISTARÚLPA HERRA

CAMPRI



7.590KR

CAMPRI ÚTIVISTARÚLPA KVENNA

CAMPRI



7.590KR

NOFEAR SKÍÐAÚLPA STELPU

NO FEAR



7.990KR

LEE COOPER BOMBER ÚLPA STRÁKA

Lee Cooper



5.990KR

KARRIMOR FLÍS VETTLINGAR

karrimor



1.390KR

CAMPRI SKÍÐAVETTLINGAR

CAMPRI



1.190KR

NOFEAR LÚFFUR BARNA

NO FEAR



1.590KR

NOFEAR LÚFFUR

NO FEAR



1.990KR

NIKE MANDARA

14.890KR



NIKE MANOA LEÐUR

15.890KR



ADIDAS KANADIA 4

12.890KR

MARGIR LITIR

adidas



LEE COOPER KULDASKÓR

9.890KR

EINNIG TIL Í HVÍTU, GULU OG BRÚNU

Lee Cooper





SPORTS DIRECT Á ÍSLANDI - SMÁRATORGI 1 - KÓPAVOGI
WWW.FACEBOOK.COM/SPORTSDIRECTISLAND

10% AFSLÁTTUR UM HELGINA

SPORTSDIRECT.COM PANTAÐU Á NETINU HVENÆR SEM ER

GEGN FRAMVÍSUN ÞESSA MIÐA

Nafn:

Tölvupóstur:

Skilmálar
1) Þessi afsláttarmiði veitir handhafa þess 10% afslátt vörum keyptum í Sportsdirect.com Smáratorgi. 2) Gildir til 24/11/2012 - 25/11/2012. 3) Einungis einn viðskiptavinur getur notað miðann í eitt skipti. 4) Ekki er hægt að breyta afslættinum á nokkurn hátt. 5) Afsláttarmiðinn gildir ekki með öðrum tilboðum eða afslætti. 6) Afsláttarmiðinn gildir ekki þegar verslað er á vefsíðu Sportsdirect.com 7) Verslunarstjóri hefur fullan rétt á því að hafna afsláttarmiðanum. 8) Afsláttarmiðinn gildir ekki þegar verslaðar eru fótboltatreyjur eða annar merktur fótboltavarningur.

10% AFSLÁTTUR

9 01000 10 10 07 7

Lindu suðusúkkulaði
– ómótstæðilega gott



PIPAR\TBWA • SÍA • 123408

Lindu suðusúkkulaði er fullkomið í baksturinn og með kaffinu.

Linda

frá aðeins kr.
49.900
Flugsæti með sköttum, m.v. 2 fyrir 1 tilboð.
Netverð á mann. Verð áður kr. 99.800.

2 FYRIR 1

29.900 kr. aðra leið með sköttum

Kanarí & Tenerife

Ótrúlegt tilboð - Allra síðustu sætin!

Heimsferðir bjóða nú einstakt tilboð á síðustu flugsætunum til Kanarí og Tenerife. Þú kaupir 2 flugsæti en greiðir aðeins fyrir 1.

Við bjóðum þér fjölbreytta gistingu meðan á dvölinni stendur.

Verðdæmi fyrir gistingu eingöngu:

Kanarí
Kr. 43.800 á mann m.v. 2 fullorðna í íbúð á Green Park í 19 nætur, 30. nóv. - 19.des.

Kr. 48.400 á mann m.v. 2 fullorðna í íbúð á Roque Nublo í 14 nætur, 5 - 19. desember.

Tenerife – með allt innifalið
kr. 98.600 á mann m.v. tvo fullorðna í íbúð á Villa Tagoro í 15 nætur, 5 - 20. desember.

Tenerife
5. - 20. des.

Kanarí
30. nóv. - 19. des.
5. - 19. des.
eða 22. des.

Ferðaskrifstofa Ferðamálastofu

Heimsferðir

Skógarhlíð 18 • 105 Reykjavík • Sími 595 1000 • www.heimsferdir.is

ENNEMM / SÍA • NM55846 Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.



Einfaldir réttir til að elda í aðdraganda jóla

Nú er að hefjast sá tími þegar fólk kemur meira saman og nýtur þess að eiga ljúfa stund yfir mat og við huggulegheit. Hlutirnir þurfa ekki að vera formlegir við slík tækifæri, samveran eins og sér er nóg en góður matur spillir aldrei fyrir.

Halla Bára Gestsdóttir
Gunnar Sverrisson
homeanddelicious.com

Hér eru hugmyndir að einföldum mat í gott boð á aðventunni. Fylltur kjúklingur og vandað salat eru réttir sem eiga vel saman. Auðvelt að gera og gott að njóta.

Fylltur kjúklingur
með kotasælu-, mascarpone- og basilíkufyllingu

- 1 heill kjúklingur, hægt að nota bita með beini og skinni
- ½ sítróna
- 2 dl kotasæla
- 2 dl mascarpone-ostur
- Hnefi fersk basilíka
- Hnefi fersk steinselja
- 1 dl ristaðar furuhnetur
- Safi úr hálfri sítrónu
- Salt og pipar
- 1 kjúklingateningur

Hitið ofn í 220 gráður. Hreinsið kjúklinginn, stingið hálfri sítrónu inn í hann, gerið gat á húðina á hvorri bringu fyrir sig, sem og á leggjunum. Farið með fingur undir húðina svo myndist hol til að stinga fyllingunni ofan í.

Setjið kotasælu, mascarpone og furuhnetur í matvinnsluvél, saltið aðeins og piprið og maukið saman. Komið fyllingunni fyrir undir húðinni á kjúklingnum, ekki spara hana, og smyrjið afganginum utan á kjúklinginn. Saltið þá og piprið eftir smekk.

Leggið kjúklinginn í ofnskúffu eða pott, um 2 dl af vatni út í og myljið teninginn í vatnið.

Stingið í ofninn en lækkið hitann um leið niður í 200 gráður. Eldið í 80–90 mínútur. Kjúklingurinn er tilbúinn þegar kjötið nánast dettur af beinunum og í skúffunni verður til góð sósa til að hafa með.

Berið fram með perusalatinu.

Salat
með steiktum perum og gráðaosti

- 3 perur, afhýddar og skornar í þunnar sneiðar
- 25 g smjör
- 2 msk. furuhnetur, ristaðar
- 2 msk. hunang
- ¼ tsk. chiliflögur
- 200 g salat að eigin vali, klettasalat hentar vel
- 1 msk. sítrónusafi
- 2 msk. ólífuolía
- 200 g gráðaostur
- Salt og pipar



Mýkið perusneiðarnar í smjöri á pönnu í 3–5 mínútur. Bætið furuhnetunum í, síðan hunangi og chiliflögum. Steikið saman þar til hunangið er bráðið.

Leggið salatið á disk. Dreypið olíu og sítrónusafa yfir, saltið og piprið ef ykkur finnst það þurfa. Leggið perurnar á salatið og hellið hunangskryddblöndunni af pönnunni yfir. Myljið ostinn yfir allt saman. Salatið er bæði gott með perunum heitum sem köldum.

SÍGILDAR BÆKUR



Augu Líru eftir Evu Joly og Judith Perrignon. Æsispennandi skáldsaga úr undirheimum fjármálalífsins, þar sem Eva Joly þekkir hvern krók og kima.



Það er öllum börnum nauðsynlegt að kynnast Grimmsævintýrum sem fylgt hafa kynslóðunum í 200 ár. Í fyrra komu *Dæmisögur Esóps* út í sama flokki.



Klassískt verk eftir einn þekktasta rithöfund Evrópu á 20. öld. Einstök bók um hinn slóttuga og samviskulausa lögreglustjóra Napoleons, Joseph Fouché.



Spennandi og fáfarnar ferðaleiðir um hálendi Íslands. Bók sem allir fjallamenn verða að hafa í bílnum. Áður hafa komið út *Heitar laugar á Íslandi* og *Fjallaskálar á Íslandi.*

SKRUDDA
www.skrudda.is

VÍNRAUTT FRÁ TOPPI TIL TÁAR Í VETUR

Vínrauður er einn af tískulitum vetrarins. Litinn mátti greina í öllu frá skóbúnaði til varalita á tískupöllunum í byrjun árs. Liturinn passar vel inn í skammdegið og um að gera að vera óhræddur við að blanda vínrauðum saman við aðra liti vetrarins á borð við kóngablán, appelsínugulan, húðlitaðan og gráan.





DRAGT Ralph Lauren sýndi vínrauða dragt og vesti með hátíðlegu yfirbragði.
NORDICPHOTOS/GETTY

VÍNRAUTT LAKK Alexander Wang var einn þeirra sem stukku á vínrauðu bylgjuna er hann sýndi vetrartískuna en hér er lakkkápa og götóttur rúllukragabolur í vínrauðu.



FYLGIHLUTIR á sýningu DKNY í New York var að finna marga fína fylgihluti í vínrauðu til að flikka upp á klæðnaðinn.



VÍNRAUÐAR VARIR Rauðar varir hafa gjarna þótt hátíðlegar og engin undantekning á því í ár.

HEILSUBÆTANDI KRYDDJURTIR

Matur og krydd geta haft góð áhrif á líðan og heilsu fólks. Sumar kryddtegundir hafa lengi verið notaðar gegn ýmsum kvillum og teljast jafnvel til svokallaðrar ofurfæðu.

- Stjörnuanís getur linnt magaverki og róað hálsinn sé fólk með hósta. Anísinn getur einnig örvað mjólkurframleiðslu mæðra með barn á brjósti.
- Kóríander er ríkt af K-vítamínum, styrkir bein og er góð vörn gegn blóðtappa.
- Margar rannsóknir benda til þess að kanill jafni blóðsykurinn hjá fólki með sykursýki 2 og lækki kólesteról.



- Líkt og kanill getur broddkúmen haldið blóðsykurmagni jöfnu. Það er einnig góð sýklavörn og er góð vörn gegn magasárum.
- Fennikka er ekki ólíkt lakkrís eða stjörnuanís á bragðið. Rótin er góð gegn uppþembu, vindverkjum og öðrum meltingartruflunum. Hún virkar einnig vel gegn bakflæði.
- Engifer er ekki aðeins bragðgóð heldur einnig þekkt læknajurt. Hún þykir til dæmis góð gegn morgunógleði og sjóveiki og sumir halda því fram að rótin hafi líka verkjastillandi áhrif.
- **Mynta** þykir góð gegn meltingartruflunum og niðurgangi. Marokkóbúar telja myntute allra meina bót.



Nú sit ég við að svara póstum

Erna Hrund Hermannsdóttir skreytir kerti með eigin höndum og hefur smitað marga af áhuga sínum enda deilir hún aðferðinni á síðunni Trendnet.is.

Ég lýsti kertaskreytingunum á Trendnet.is og hef fengið mikil viðbrögð, þannig nú sit ég við að svara tölvupóstum. Þetta er greinilega orðið vinsælt," segir Erna Hrund um tómstundaiðju sína um þessar mundir, sem er að skreyta kubbakerti. Spurð hvort hún sé orðin sérfræðingur í greininni svarar hún hlæjandi: „Já, ætli megi ekki segja það?"

Erna Hrund er að bíða eftir nýjum einstaklingi í heiminn og kveðst hafa þurft að finna sér eitthvað að gera á meðan. „Ég verð eirðarlaus ef ég hef ekki eitthvað fyrir stafni og finnst svona kertaskreytingar skemmtilegt jólaföndur. Ég keypti því kertakubba í IKEA og fór í föndurbúð þar sem ég fékk leiðbeiningar og keypti límlakk og pappír. Svo fann ég myndir á netinu og hófst handa," lýsir hún og segir límlakkið mynda matta húð þannig að þegar kertið brenni niður lýsist myndin upp. Hún kveðst einkum velja dýramyndir á kertin og þannig tengja þau náttúrunni.

- gun

➜ Dregur dilk á eftir sér

Svo virðist sem kertaskreytingaráhugi þjóðarinnar hafi dregið dilk á eftir sér. Að minnsta kosti eru öll ódýru hvítu kubbakertin af gerðinni Fenomen uppseld í bili hjá IKEA, þar sem Erna Hrund keypti sín kerti í upphafi. En hún bendir á aðrar verslanir á netsíðunni Trendnet.is. Kannski það endi með að fólk þurfi að fara að steypa kerti heima. Það var fastur liður í undirbúningi jólanna á mörgum heimilum fram eftir síðustu öld.





ERNA HRUND „Ég er búin að koma mér í skemmtilegt verkefni í óléttunni," segir hún.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



APP VIKUNNAR



Day one

Fyrir iPhone, iPad og Mac

Haltu dagbók og skráðu hugsanir þína og hugmyndir. Þetta er frábært app fyrir þá sem vilja halda dagbók en eru of hræddir um að gamla bókarformið sé of opinbert. Þú getur læst appinu með einföldum fjögurra stafa kóða. Dagbókin uppfærist svo sjálfkrafa á milli símans, spjaldtölvunnar, heimilistölvunnar og fartölvunnar.

Skýringar:
App fyrir Apple-tæki
App fyrir Android-tæki
App fyrir Windows
*Hægt er að kaupa útgáfur af appinu til að aflæsa ýmsum eiginleikum.





www.forlagid.is – alvöru bókabúð á netinu

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

Opnum kl.10 Opnum kl.10 Opnum kl.10 Op



1198 KR. KG

KS FROSIÐ LAMBALÆRI



1899 KR. KG

SS LÉTTREYKTUR LAMBAHRYGGUR

DÖNSK KJÚKLINGALÆRI
FROSIN OG ÚRBEINUÐ



700 GRÖMM

1398 KR.

EUROSHOPPER FROSNAR
KJÚKLINGA-BRINGUR



1498 KR. 900 GR

FORKRYDDAÐ TILBÚIÐ Í OFNINN



2198 KR.

ÍSLANDSLAMB: FERSKT KRYDDAÐ ÚRBEINAÐ LAMBALÆRI Í ÁLBAKKA



1898 KR. KG

FERSKT NAUTGRIPASNITSEL

NAUTA Veisla



1298 KR. KG

FERSKT NAUTGRIPAHAKK



98 KR.

BÓNUS FLATKÖKUR 5 STK.



1898 KR. KG

FERSKT NAUTGRIPAGÚLLAS



1998 KR. KG

FERSK NAUTGRIPA PIPARSTEIK



1998 KR. KG

NV NAUTGRIPA MÍNÚTUSTEIK



998 KR. 1KG

BÓNUS SÚKKULAÐITERTA



259 KR.

GÆÐA ORKUKUBBUR 600 GR



MJÚKAR KRINGLUR 4 STK. 198 KR.



KJALLARABOLLUR 4 STK. 259 KR



98 KR. 500 ML



195 KR.

COKE LIGHT- ZERO 2 LTR

BÓNUS EKKERT BRUÐL

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

num kl. 10 Opnum kl. 10 Opnum kl. 10



50 STK. TELJÓS
BRUNATÍMI 4 KLST.
359 KR. PK



398 KR.
BÓNUS PIPARKÖKUR
400 GR



ROBIN *JÓLA* KLEMENTÍNUR
HEILL KASSI 2,3 KG
795 KR.



JÓLAPAPPÍR 8 METRA RÚLLUR
298 KR.RL



SPILASTOKKUR
198 KR.PK.



JÓLAKERTI 12 SM.
259 KR. STK



JÓLASMJÖR 500 GR 267 KR. STK



GK SUÐUSÚKKULAÐI 300 GR



698 KR.
HEIMA MÖNDLUR
M.HÝÐI 500 GR



298 KR.
HEIMA FÍNT
KÓKOSMJÖL 500 GR



LITAÐAR LJÓSAPERUR
179 KR. STK



498 KR.
HEIMA FERSKAR DÖÐLUR 600 GR NÝ UPPSKERA



298 KR.
BÓNUS HVÍTT SÚKKULAÐI 200 GR



459 KR.
HIMNESKT LÍFRÆNT
KAKÓDUFT 200 GR



359 KR.
HIMNESKT LÍFRÆNT
VÍNSTEINSLYFTIDUFT



259 KR. PK
HEIMA BASMATI HRÍSGRÓN
FIMM 100 GR POKAR = 500 GR



398 KR.
LÍFRÆNT / HIMNESKT SPELT HVEITI
GRÓFT EÐA FÍNT 500 GR



198 KR.
BÓNUS HJÚPUR Í BAKSTUR
LJÓS OG DÖKKUR 200 GR



259 KR.DS.
HEIMA JARÐARBER
Í HEILDÓS 820 GR

BÓNUS EKKERT BRUÐL

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

Kántrípopp úr Borgarfirðinum

TÓNLIST ★★☆☆☆

Grasasnar
Til í tuskið
FOSSATÚN



Steinar Berg Ísleifsson er einn af afkastamestu plötuútgefendum Íslandssögunnar. Hann gaf út hundruð platna hjá plötuútgáfunum Steinari og Spori og var m.a. fyrsti útgefandi Stuðmanna, Spilverksins, Utangarðsmanna og Mezzoforte. Fyrir nokkrum árum sneri hann baki við tónlistarbransanum og stofnaði ferðaþjónustufyrirtæki í Borgarfirði. Nú hefur Steinar snúið aftur í tónlistina og í þetta skiptið í nýju hlutverki. Hann er söngvari og annar gítarleikari hljómsveitarinnar Grasasna og semur að auki nokkur lög og texta á fyrstu plötu sveitarinnar Til í tuskið, sem var að koma út.

Tónlist Grasasna er kántrípopp með íslenskum textum. Yfirbragð plötunnar minnir einna helst á eldri plötur Brimklóar. Meirihluti laganna er erlendur, þrjú þeirra eru t.d. eftir John Prine. Steinar Berg semur tvö lög, m.a. eitt besta lag plötunnar Heimurinn og ég, við ljóð Steins Steinars. Tvö önnur ljóð eftir Stein eru á plötunni, Ræfilskvæði, sem Mannakorn tóku hér áður, og Í áfanga, en flestir textanna eru eftir Steinar Berg.

Á heildina litið er þetta þokkalegasta kántrípoppplata, þótt hún sæti engum tíðindum. Steinar og félagar fá plús fyrir að vanda til verka. Þeir komast ágætlega frá söng og hljóðfæraleik, en auk þeirra koma nokkrir gestir við sögu, m.a. söngvararnir Bjartmar Guðlaugsson, Helgi Pétursson og Kristjana Stefánsdóttir, Dan Cassidy fiðluleikari og Guðmundur Steingrímsson harmonikkuleikari.

Trausti Júlíusson

NIÐURSTAÐA: Ágætis kántrípopp frá nýrri hljómsveit stórútgefandans fyrrverandi Steinars Berg.

Simmons skilin

Skilin við Hounsou. Staðfesti fréttirnar á Twitter.

Kimora Lee Simmons og leikarinn Djimon Hounsou eru skilin eftir sex ára samband. Simmons staðfesti fréttirnar á Twitter síðu sinni á miðvikudag.

Simmons rekur eigið tískuveldi og er fólki einnig kunn úr raunveruleikaþáttunum Kimora: Life in the Fab Lane sem fjalla um líf og starf fyrirsætunnar fyrrverandi. Hún var áður gift Russell Simmons, eiganda útgáfufyrirtækisins Def Jam, og á með honum tvær dætur.

Hounsou er þekktastur fyrir hlutverk sín í kvikmyndum á borð við Amistad, Gladiator og Blood Diamond. Parið kynntist árið 2007 og á saman soninn Kenzo Lee Hounsou.

„Djimon og ég skildum fyrir nokkru. Við erum ennþá ánægðir ástríkir foreldrar og fjölskylda," skrifaði Simmons á Twitter.



SKILIN Kimora Lee Simmons og leikarinn Djimon Hounsou eru skilin.
NORDICPHOTOS/GETTY

midi.is
Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ
www.laugarasbio.is
-bara lúxus sími 553 2075
5%



Tilboð í bíó. Gildir á allar sýningar merktar með rauðu.

LAUGARÁSBÍÓ	Sýningartímar
SILVER LININGS PLAYBOOK	8, 10.25
NIKO 2 2D	2, 4, 6
THE TWILIGHT SAGA PART 2	8, 10.25
SKYFALL	10
WRECK-IT RALPH 3D	2(2D), 4, 5.40
PITCH PERFECT	5.50, 8
TEDDI 2D	2, 4

SAMBÍÓIN
SAMbio.is





SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

POSSESSION kl. 5:50 - 8 - 10:10	16
POSSESSION LUXUS VIP kl. 10:30	VIP
TWILIGHT: BREAKING DAWN 2 kl. 1 - 3 - 5:30 - 8 - 10:30	12
TWILIGHT : BREAKING DAWN 2 VIP kl. 3 - 5:30 - 8	VIP
WRECK IT RALPH ísl.tal 3D kl. 1:30 - 3:40 - 5:50	L
WRECK IT RALPH ísl.tal kl. 1 - 1:30 - 3:40 - 5:50	L
WRECK IT RALPH ens.tal kl. 8 - 10:10	L
ARGO kl. 5:40 - 8 - 10:30	14
HOPE SPRINGS kl. 3:40 - 8	L
BRAVE ísl.tal kl. 1:30 - 3:40	L
END OF WATCH kl. 10:10	16

SAMBÍÓIN AKUREYRI

THE POSSESSION kl. 8 - 10:20	16
WRECK-IT RALPH ísl.tal 3D kl. 2 - 4	L
WRECK-IT RALPH ens.tal kl. 6	L
TWILIGHT: BREAKING DAWN 2 kl. 8	12
ARGO kl. 10:20	14
BRAVE HIN HUGRAKKA ísl.tal kl. 2 - 4	L
HOPE SPRINGS kl. 6	L

SPARBÍÓ
MERKTAR MEÐ GRÆNU OG APPELSÍNUGULU Í BÍÓAUGLÝSINGUM SAMBÍÓA KR. 1000 Á GRÆNT OG KR. 750 Á APPELSÍNUGULT

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

TWILIGHT: BREAKING DAWN PART 2 kl. 1 - 3:10 - 5:30 - 8 - 10:30	12 VIP
HERE COMES BOOM 5:40 - 8 - 10:20	7
ARGO kl. 8 - 10:30	14
CLOUD ATLAS kl. 8	VIP 16
WRECK-IT RALPH ísl3D kl.1-3:20-5:30	L
WRECK-IT RALPH ísl.tal kl. 1:30 - 3:40	L
WRECK-IT RALPH ens.tal kl. 5:50	L
BRAVE kl. 1 - 3:20	L

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI

POSSESSION kl. 5:50 - 8 - 11	16
TWILIGHT kl. 5:30 - 8 - 10:30	12
SKYFALL kl. 2 - 5 - 8 - 10:10	12
WRECK IT RALPH ísl.tal kl. 1:30 - 3:40	L
WRECK IT RALPH ísl.tal 3D 1:10 - 3:20	L

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

TWILIGHT kl. 5:30 - 10:20	12
THE POSSESSION kl. 8 - 10	16
HERE COMES THE BOOM kl. 8	7
WRECK IT RALPH ísl.tal 3D kl. 2	L
BRAVE ísl.tal kl. 2 - 4 ens.tal kl. 6	L



SMÁRABÍÓ GLERAUGU SELD SÉR 5%

SILVER LININGS PLAYBOOK KL. 8 - 10.40	12
HERE COMES THE BOOM KL. 3.10 - 5.40 - 8 - 10.20	
NIKO 2 KL. 1 (TILBOÐ) - 3 - 6	L
PITCH PERFECT KL. 5.30 - 8	12
HOTEL TRANSYLVANIA ÍSL. TEXTI KL. 1 - 3.10	7
SKYFALL KL. 1 (TILBOÐ) - 5 - 8 - 10.30	12
SKYFALL LÚXUS KL. 1 - 5 - 8	12
TEDDI LANDKÖNNUÐUR KL. 1 (TILBOÐ)	L

HÁSKÓLABÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS 5%

ANDRÉ RIEU: HOME FOR CHRISTMAS KL. 5*	L
SILVER LININGS PLAYBOOK KL. 6.30 - 8 - 10.40	12
NIKO 2 KL. 3.20 (TILBOÐ)	L
SNABBA CASH 2 KL. 8 - 10.15	16
SKYFALL KL. 9.30	12
CLOUD ATLAS KL. 3 (TILBOÐ)** - 5.30 - 9	16
HOTEL TRANSYLVANIA ÍSL.TEXTI KL. 3.20 (TILBOÐ)	7
DJÚPIÐ KL. 3.40 - 5.50**	10
THE DEEP ENSKUR TEXTI KL. 5.50	10

*ABEINS LAU **ABEINS SUN

BORGARBÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS

HERE COMES THE BOOM KL. 8	7
SILVER LININGS PLAYBOOK KL. 5.50 - 8	12
SNABBA CASH 2 KL. 10.15	16
HOTEL TRANSYLVANIA KL. 4	
PITCH PERFECT KL. 5.50	12
SKYFALL KL. 10	12
NIKO 2 KL. 2 (TILB.) - 4	L
TEDDI LANDKÖNNUÐUR KL. 2 (TILB.)	

facebook /smarabio • facebook /haskolabio

Sími: 553 2075 - bara lúxus
Ódýrt í bíó



LAUGARÁS BÍÓ TILBOÐ Á FYRSTU SÝNINGAR DAGSINS





MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS ■ Miðasala: 412 7711 ■ Hverfisgata 54 Rvík ■ www.bioparadis.is ■ Hluti af Europa Cinemas

BÍÓ ★ PARADÍS







LAUGARDAGUR: SAFETY NOT GUARANTEED (L) 18:00, 20:00, 22:20 ■ REFF: FERÐIN TIL KÝÞERU (L) 17:45 ■ REFF: ALÞAR (L) 20:00 ■ REFF: SESAR VERÐUR AÐ DEYJA (L) 22:00 ■ SEARCHING FOR SUGAR MAN (L) 20:00 ■ SHADOW DANCER 22:00 ■ WOODY ALLEN: A DOCUMENTARY (L) 22:00 ■ JIRO DREAMS OF SUSHI (L) 18:00 ■ KÓNGAGLENNA (14) 17:30 ■ DJÚPIÐ (L) (ENG. SUBS.) 20:00 ■ SHADOW DANCER (L) 22:00 SUNNUDAGUR: SVARTUR SUNNUDAGUR: FREAKS + DRAKÚLA 20:00 ■ SAFETY NOT GUARANTEED (L) 18:00, 20:00, 22:20 ■ REFF: TABÚ (L) 17:45 ■ REFF: TYRANNOSAUR (14) 20:00 ■ REFF: HIN ÚTSKÚFAÐA (14) 22:00 ■ REFF: BARNIÐ EFRA (L) 22:00 ■ SEARCHING FOR SUGAR MAN (L) 20:00 ■ SHADOW DANCER 22:00 ■ WOODY ALLEN: A DOCUMENTARY (L) 22:00 ■ JIRO DREAMS OF SUSHI (L) 18:00 ■ DJÚPIÐ (L) (ENG. SUBS.) 18:00


REYKJAVIK EUROPEAN FILM FESTIVAL
16.-25. NÓVEMBER 2012
BÍÓ PARADÍS
Evrópustofa
UN WOMEN
United Nations Entity for Gender Equality and the Empowerment of Women
ÍSLENSK LANDSNEFND
PETER MULLAN OLIVIA COLMAN EDDIE MARSAN
TYRANNOSAUR
A film by PADDY CONSIDINE
Taktu þátt í **Ljósagöngu UN Women á Íslandi** í tilefni **Átaks gegn kynbundnu ofbeldi.** Gangan hefst í Alþingisgarðinum kl. 19 sunnudaginn 25. nóvember og lýkur í Bíó Paradís þar sem kvikmyndin **Tyrannosaur** verður sýnd kl. 20. Andvirði bíómiðans (1000 kr.) rennur til UN Women á Íslandi. Heitt kakó verður í boði.
Tyrannosaur er margverðlaunuð kvikmynd sem fengið hefur frábær viðbrögð. Hún segir af ekklinum Jósef sem er atvinnulaus og þjakaður af ofbeldishneigð og reiði sem er að leggja líf hans í rúst. Jósef kynnist Hönnu sem starfar í búð sem rekin er á vegum hjálparsamtaka í hverfinu. Með þeim takast góð kynni og Jósef byrjar að eygja von um að geta breytt lífi sínu til betri vegar. Hanna virðist heilbrigð og kærleiksrík kona sem vill öllum vel en hún býr yfir þrúgandi leyndarmáli sem gæti orðið til að draga Jósef aftur til fyrri hátta.
16 DAGAR
16 DAGA átak gegn kynbundnu ofbeldi
25 NÓVEMBER - 10 DESEMBER

„Það er ekkert annað hægt en að hrósa þessari bók.“

Kolbrún Bergþórsdóttir, Kiljunni



„Mjög skemmtileg aflestrar, vel skrifuð.“
Sigurður G. Valgeirsson, Kiljunni

Margbrotinn og breyskur faðir, misindismenn, sérstæðar konur og launbörn.

VERÖLD

Flott félag með mikinn metnað

Selfoss hefur samþykkt tilboð norska liðsins Viking í Jón Daða Böðvarsson.

FÓTBOLTI Allar líkur eru á því að Jón Daði Böðvarsson, efnilegasti leikmaður Pepsi-deildar karla í sumar, sé á leið til norska úrvalsdeildarfélagsins Viking í Stafangri. Jón Daði leikur með Selfossi en félagið samþykkti í gær tilboð Viking í kappann.

Jón Daði á sjálfur eftir að semja um kaup og kjör og býst við því að viðræður hefjist eftir helgi. Hann æfði með liðinu til reynslu fyrr í haust og leist vel á. „Aðstæður voru mjög flottar og þetta er klúbbur með mikinn metnað, sem ég er ánægður með. Þeir eru virkilega áhugasamir um að fá mig og er alltaf gott að vita af slíku,“ sagði Jón Daði við Fréttablaðið í gær.

Jón Daði var fyrr í haust einnig á reynslu hjá Silkeborg í Danmörku og Djurgården í Svíþjóð.

- esá



JÓN DAÐI Er líklega á leið í norska boltann. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL



KOMINN Í BLÁTT Rafael Benitez er tekinn við stjórn Evrópumeistara Chelsea. Það er staðreynd. NORDICPHOTOS/GETTY

Byrjað á meistaraslag

Evrópumeistarar Chelsea taka á móti Englandsmeisturum Manchester City í toppslag ensku úrvalsdeildarinnar á morgun. Augu flestra munu beinast að Rafael Benitez, sem var á fimmtudaginn ráðinn stjóri fyrrnefnda liðsins.

FÓTBOLTI Rafael Benitez, fyrrverandi stjóri Liverpool, er kominn aftur í enska boltann en hann var á fimmtudagskvöldið ráðinn knattspyrnustjóri Chelsea. Hans hlutverk verður að rétta af bláu skútuna hans Roman Abramovich en Chelsea hefur ekki unnið leik í ensku úrvalsdeildinni síðan 20. október og er við það að falla úr leik í Meistaradeild Evrópu.

Hinn moldríki Abramovich er ekki þekktur fyrir að sýna knattspyrnustjórum sínum þolinmæði en Benitez mun þó starfa undir þeim formerkjum að ráðningin sé aðeins tímabundin. Samningurinn sem hann undirritaði gildir aðeins til loka tímabilsins.

Benitez var staddur á ráðstefnu í Abu Dhabi þegar að Roberto Di Matteo var rekinn að næturlagi – nokkrum klukkutímum eftir að Chelsea tapaði fyrir Juventus á þriðjudagskvöldið. Næstu nótt flaug Benitez til Englands og sat strax á fimmtudagskvöldið fyrir svörum blaðamanna sem nýr stjóri Chelsea.

Verkefni hans verður ærið. Fregnir hafa borist af því að stuðningsmenn Chelsea séu allt annað en sáttir við þennan ráðahag og því þarf Benitez að byrja vel. Fyrsti leikurinn er ekki af auðveldara taginu en hann fær á morgun Englandsmeistara Manchester City í heimsókn. City er þar að auki á toppi deildarinnar og eina taplausa liðið í öllum fjórum atvinnumannadeildum Englands.

„Stuðningsmennirnir vilja stjóra sem getur unnið titla. Og við eigum það sameiginlegt að öll viljum við vinna hvern einasta leik,“ sagði hinn 52 ára gamli Benitez, óhræddur við verkefnin sem er fram undan. Nú þegar er Chelsea fjórum stigum á eftir City og má liðið helst ekki við því að bilið aukist enn frekar.

Því er ekki að neita að Benitez hefur náð árangri. Hann varð spænskur meistari tvisvar, enskur bikarmeistari og vann þar að auki bæði Meistaradeild Evrópu og UEFA-bikarinn sáluga. Flestir komu á árunum 2000 til 2005 og því kannski margir sem spyrja hvort hann hafi enn það sem til þurfi. Hann fær tækifæri nú til að sýna það og sanna.

eirikur@frettabladid.is

Leikir helgarinnar

LAUGARDAGUR

12.45 Sunderl. - West Brom
Sport 2 & HD

15.00 Man. United - QPR
Sport 2 & HD
Everton - Norwich
Sport 3
Stoke - Fulham
Sport 4
Wigan - Reading
Sport 5

17.30 Aston Villa - Arsenal
Sport 2 & HD

SUNNUDAGUR

13.30 Swansea - Liverpool
Sport 2 & HD

